# ODDARANNSÓKNIN

## FORNLEIFARANNSÓKNIR Í ODDA 2020




**KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR**
(ritstjóri)

Höfundar efnis: Kristborg Þórsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir ásamt Magnúsi Á. Sigurgeirssyni



**Reykjavík 2021**
**FS830-20201** **FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES**

*Á forsíðumyndinni er horft til austurs yfir torfbyggingu framan við manngerðan helli á uppgraftarsvæði 1 við lok uppgraftar 2020. Ljósmyndina tók Kristborg Þórsdóttir.*

©Fornleifastofnun Íslands 2021
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefsíða: www.fornleif.is

# Grunnupplýsingar




*Mynd 1. Staðsetning rannsóknarsvæðisins í Odda sýnt á Íslandskorti frá Landmælingum Íslands.*

## Rannsóknarnúmer
201805-0160

## Þjóðminjasafnsnúmer
2020-40

## Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna
RA-311:008_02 og RA-311:008_04
Kristborg Þórsdóttir. 2021. *Fornleifaskráning í Odda. Viðbætur og endurskoðun.* Viðauki I í þessari skýrslu.

## Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur)
Rannsókn á minjum í Odda frá tímabilinu 1100-1300 með áherslu á manngerða hella.

## Tegund rannsóknar
Vísindarannsókn

## Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla)
Oddi, Rangárþing ytra, Rangárvallasýsla

## GPS hnit
ISN93: A 431411 N 364109

## Rannsóknartími
04.-14. ágúst 2020

## Leyfishafi
Kristborg Þórsdóttir

## Fjöldi starfsmanna
Tíu starfsmenn; sex fornleifafræðingar, einn jarðfræðingur (gjóskulagarannsókn), tveir stjórnendur gröfu og einn verkfræðingur.

# Efnisyfirlit

Samantekt....6

Summary....7

1. Inngangur....8

2. Fornleifaskráning....11

3. Uppgröftur....13

3.1 Markmið....13

3.2 Aðferðafræði....14

3.3 Svæði 1....15

3.4 Svæði 3....20

3.5 Gripir....22

3.6 Frágangur uppgraftarsvæða....24

4. Yfirborðslíkön....25

5. Kjarnaborun....26

6. Jarðsjármælingar....29

6.1 Svæði J-1....31

6.2 Svæði J-2....31

6.3 Svæði J-3....32

6.4 Svæði J-4....32

6.5 Svæði J-5....33

6.6 Svæði J-6....35

7. Þrívíddarskönnun....37

8. Kynning og miðlun....39

9. Samantekt og helstu niðurstöður....40

10. Heimildir....42

11. Myndaskrá....43

Viðauki I - Fornleifaskráning í Odda

Viðauki II - Gjóskulagagreining eftir Magnús Á. Sigurgeirsson

Viðauki III - Jarðlagaskrá

Viðauki IV - Ljósmyndaskrá

## Samantekt

Vorið 2020 hlaut hin fjölfaglega Oddarannsókn á vegum Oddafélagsins styrk úr sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM). Oddarannsóknin hefur að markmiði að varpa sem skýrustu ljósi á ritmenningu í Odda á miðöldum með áherslu á tímabilið 1100-1300. Rannsóknin skiptist í þrjá verkþætti: fornleifarannsókn, rannsókn á umhverfi og mannvist og rannsókn á miðstöðinni Odda.

Vinna við fornleifahluta rannsóknarinnar fór af stað sumarið 2020 og var fjölbreyttum rannsóknaraðferðum beitt. Vettvangsvinnan hófst með uppmælingu allra sýnilegra minja í heimatúni Oddahverfis og út við Kamphól þar sem Þverá og Ytri-Rangá sameinast. Auk uppmælinga á þekktum minjum var fjöldi nýrra minja skráður á þessum svæðum en einnig austur af heimatúninu og sunnan við það. Meðal þess sem kom í ljós var mikill fjöldi manngerðra hella sem hafa lokast og fallið í gleymsku, bæði í túninu í Odda en einnig út við Oddaflóð, í Skiphóli og Kamphóli. Voru þetta óvæntar og spennandi niðurstöður en í fornleifahluta Oddarannsóknarinnar er lögð mikil áhersla á þróun aðferða við að finna og rannsaka manngerða hella. Við Kamphól fundust einnig fornlegar minjar þar sem heimildir herma að sel Oddastaðar hafi verið. Var útbúið yfirborðslíkan af minjunum við Kamphól í þeim tilgangi að draga fram jarðlægar minjar sem ekki sjást vel á yfirborði.

Uppgröftur fór fram á tveimur stöðum í Hellirsdölum í túni Odda. Á öðru svæðinu var grafin upp bygging framan við manngerðan helli frá miðri 10. öld sem kom í ljós við forrannsókn 2018. Útbúið var þrívíddarlíkan af hellinum og byggingunni framan við hann sem gert hefur verið aðgengilegt á netinu. Á hinu svæðinu var grafinn könnunarskurður við munna fallins manngerðs hellis þar sem í ljós komu allfornar byggingaleifar sem eru þó yngri en hellirinn og byggingin á hinu uppgraftarsvæðinu. Gerðar voru tilraunir með kjarnaborun í túninu í Odda og þar voru einnig gerðar fyrstu athuganir á gagnsemi fjarkönnunar með jarðsjá. Þessar aðferðir verða notaðar áfram á rannsóknartímanum til þess að fá heildstæða mynd af útbreiðslu mannvistar.

*Efnisorð: Oddarannsóknin, Ritmenning íslenskra miðalda, Oddi á Rangárvöllum, manngerðir hellar, höfðingjasetur, fornleifaskráning, uppgröftur, kjarnaborun, jarðsjármælingar, þrívíddarlíkan*

## Summary

In the spring of 2020 the Oddi project (Oddarannsóknin) received a grant from the Literary Culture in Medieval Iceland Fund (LCMI) (Ritmenning íslenskra miðalda). The aim of the project is to shed light on the literary culture in Oddi, a regional power center during medieval times, focusing on the period 1100-1300. This multi-disciplinary project consists of three major components of research; archaeological research dealing with the economic infrastructure of Oddi, envrionmental studies and studies in literature and history focusing on Oddi as a central place.

In this interim report a brief introduction will be given to the findings of the archaeological research carried out in Oddi in the year 2020. A wide variety of methods were used, including field survey, excavation, coring and geophysical survey.

One of the major discoveries of the field season was that a great number of artificial caves were found within the homefield of Oddi and some were also found at a location near an ancient ruin, thought to have been a shieling. From the number, size and distribution of these structures within the Oddi estate, they seem to have been very important and widely used as houses in the past.

An artificial cave and a building in front of it dating to the 10th-12th century AD were discovered in Oddi in 2018. During the field season of 2020, the building was partly excavated and a 3D model was made of the cave and the building. A test trench was also dug into the mouth of a collapsed artificial cave nearby. It revealed the remains of a building that collapsed long before 1500 AD but is considerably younger than the cave and building in the other excavation area. Geophysical survey was carried out in parts of the homefield and some coring was done in a couple of places as a preparation for extensive coring in the coming years.

*Keywords: The Oddi project, Literary Culture in Medieval Iceland, Oddi, South Iceland, artificial caves, high status farm, survey, excavation, coring, geophysical survey, 3D model*

## 1. Inngangur

Upphaf fornleifarannsókna í Odda má rekja til ársins 2017 þegar Oddafélagið stóð fyrir gerð þriggja ára rannsóknaráætlunar Oddarannsóknarinnar.[1] Rannsóknir hófust árið 2018 þegar Oddafélagið kostaði forrannsókn á manngerðum hellum í túninu í Odda. Í þeirri rannsókn voru grafnir tveir könnunarskurðir. Annar þeirra var grafinn í meint ummerki um gríðarstóran, hruninn manngerðan helli. Staðfest var að um manngerðan helli var að ræða og talsverðar líkur eru til þess að þarna hafi Nautahellir verið sem nefndur er í Jarteinabók Þorláks helga Þórhallssonar biskups frá 1199.[2] Er það elsta ritaða heimild um manngerðan helli á Íslandi. Í hinum skurðinum var komið niður á uppistandandi helli sem tengdist áðurnefndum helli og torfhlaðið mannvirki framan við hann.[3] Þrátt fyrir þessar spennandi niðurstöður forrannsóknarinnar varð bið á því að rannsóknir hæfust af fullum krafti í Odda vegna skorts á fjármagni en breyting varð á vorið 2020 þegar úthlutað var í fyrsta skipti úr sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM). Sjóðurinn var settur á laggirnar árið 2019 í tilefni af því að þá voru 75 ár liðin frá stofnun lýðveldis á Íslandi. Mun hann starfa í fimm ár og styrkja verkefni um þverfaglegar rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda.

Oddarannsóknin sem hlaut styrk úr sjóðnum er ekki lengur eingöngu fornleifarannsókn,




*Mynd 2. Kort sem sýnir rannsóknarsvæðið í Odda. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Íslandskort: LMÍ.*

1 Kristborg Þórsdóttir 2017.

2 *Íslensk fornrit XVI. Biskupasögur II* 2002, 126-7.

3 Lilja Björk Pálsdóttir og Kristborg Þórsdóttir 2018.

heldur fjölfagleg rannsókn á staðnum Odda sem miðstöð valda, kirkju og lærdóms á tímabilinu 1100-1300. Kristborg Þórsdóttir stjórnar fornleifarannsóknum, Egill Erlendsson stjórnar rannsóknum á umhverfi og mannvist og Sverrir Jakobsson og Ármann Jakobsson stjórna rannsóknum á Odda sem miðstöð. Helgi Þorláksson er tengiliður verkþátta. Oddarannsóknin er lögð upp til þriggja ára og verður fjölbreyttum aðferðum beitt við fornleifarannsóknir á staðnum sem hafa að yfirmarkmiði að fá heildstæða mynd af útbreiðslu mannvistar á staðnum og varpa ljósi á efnahagslegar undirstöður miðstöðvarinnar í Odda.



*Mynd 3. Horft til norðausturs yfir heimatún Oddahverfis. Fremst á myndinni eru hús sem tilheyra Langekru, lengst til vinstri eru útihús í Vindási og Oddakirkja er auðþekkt norðan við Langekru.*

Í þessari skýrslu verður fjallað um niðurstöður fornleifarannsókna í Odda sumarið 2020. Í köflum 2-7 er fjallað um hvern rannsóknarþátt; fornleifaskráningu, uppgröft, yfirborðslíkön, kjarnaborun, jarðsjármælingar og þrívíddarlíkan. Að auki verður fjallað lítillega um miðlun og kynningu og að lokum verða helstu niðurstöður dregnar saman. Í viðhengjum aftast í skýrslunni má finna skýrslu um fornleifaskráningu, greinargerð gjóskulagafræðings auk jarðlagaskrár og ljósmyndaskrár úr uppgraftarhlutanum.

Vettvangsrannsóknir fóru að mestu fram 1.-5. júní (fornleifaskráning) og 4.-14. ágúst (aðrar rannsóknir). Við þær unnu fornleifafræðingarnir Kristborg Þórsdóttir (stjórnandi), Lilja Björk Pálsdóttir, Stefán Ólafsson, Hildur Gestsdóttir, Lísabet Guðmundsdóttir og Ómar Valur Jónasson. Jón Bergmann, verkfræðingur hjá Punktaskýi, vann þrívíddarskönnun af manngerða hellinum og byggingunni framan við hann. Magnús Á. Sigurgeirsson sá um gjóskulagagreiningu líkt og í forrannsókninni 2018. Bjarni Jóhannsson og Hjalti Tómasson stjórnuðu vélgröfu í

fornleifauppgreftinum. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af starfsmönnum rannsóknarinnar nema annað sé tekið fram.

Án stuðnings úr sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda hefði ekki verið unnt að hefja fornleifarannsóknir í Odda af þeim mikla krafti sem raun ber vitni og lesa má um í þessari skýrslu. Eru Oddafélaginu færðar sérstakar þakkir fyrir frumkvæði að rannsóknum í Odda og miklum stuðningi og velvilja. Þá er vert að færa Landgræðslunni og áhaldahúsi Rangárþings ytra þakkir fyrir ánægjulegt samstarf meðan á vettvangsrannsóknum stóð í Odda árið 2020 auk allra annarra þátttakenda í rannsókninni og velunnara.

## 2. Fornleifaskráning

Hluti af markmiðum fornleifarannsókna í Oddarannsókninni fyrir sumarið 2020 var að mæla upp sýnilegar og þekktar minjar á völdum stöðum í heimalandi Odda. Fjölmargar minjar höfðu verið skráðar á svæðinu árið 2009 þegar aðalskráning fornminja var unnin af Fornleifastofnun fyrir Rangárþing ytra.[4] Auk þess að mæla upp þekktar minjar var einnig gengið um þau svæði sem töldust hafa mikið gildi fyrir skilning á efnahagslegum undirstöðum miðstöðvarinnar í Odda og áður óþekktra minja leitað. Var mesta áherslan lögð á heimatún Oddahverfis og svæði út við ármót Þverár og Ytri-Rangár þar sem minjar um hjáleiguna Kampastaði voru þekktar en þar voru einnig sagnir um sel frá Odda.



*Mynd 4. Mynd tekin með flygildi af hluta minjasvæðisins við Kamphól. Þar eru bæði minjar um hjáleiguna Kampastaði og fornlegar minjar um meint sel Oddastaðar. Myndina tók Garðar Guðmundsson.*

Allar minjar sem áður höfðu verið skráðar á þessum svæðum voru mældar upp með nákvæmum hætti og fjöldi nýrra minja bættust við frá ýmsum tímum. Af yngri minjum má nefna beitarhús og fjárskýli, túngarða og útihús. Af eldri minjum sem líklegri eru til þess að tengjast því tímabili sem er til rannsóknar í Oddarannsókninni má nefna fornlegar minjar um meint sel Odda við Kamphól, fjölda manngerðra hella og eina forngarðinn sem fundist hefur í landi Odda. Að auki voru ferðaleiðir frá ýmsum tímum skráðar í landi Odda. Fór afrakstur fornleifaskráningarinnar fram úr björtustu vonum en upp úr stendur mikill fjöldi manngerðra hella og meintar selminjar við Kamphól.

4 Kristborg Þórsdóttir (ritstj.) 2010.

Skráð voru ummerki um 18 áður óþekkta manngerða hella í túni Oddahverfis og í Kamphóli og Skiphóli út við Oddaflóð. Gefur þessi mikli fjöldi sterklega til kynna að hellagerðin hafi verið útbreidd og hellarnir mikilvæg mannvirki í Odda en þeir entust mun betur en torfhlaðin hús sem þurfti að endurhlaða á fárra ára eða áratuga fresti. Hvergi annarsstaðar á Íslandi er viðlíka fjöldi hella þekktur. Hingað til hafa flestir þekktir hellar verið á Ægissíðu, vestan Ytri-Rangár, en þar eru þekktir 12 manngerðir hellar og standa 11 þeirra enn.[5] Á Ægissíðu eru hellarnir grafnir í móberg og virðist ending þeirra hafa verið góð en ekki er vitað hversu lengi þeir hafa verið í notkun. Í Odda voru hellarnir grafnir í sandstein, virðast þeir ekki hafa enst vel og ýmist hrunið og/eða verið lokaðir um aldir. Mikilvægt er að fá upplýsingar um aldur manngerðu hellanna í Odda til þess að hægt sé að átta sig á því hvort að gerð þeirra og notkun tengist einu tímabili umfram önnur.

Við Kamphól eru þekktar minjar um hjáleiguna Kampastaði sem þó eru brotakenndar vegna landbrots af völdum Þverár. Við vettvangsvinnu sumarið 2020 fundust einnig mannvirki á því svæði sem virðast mjög forn og líkur eru til að séu minjar um sel Odda frá elstu tíð. Stefnt er að því að grafa könnunarskurð í meinta seltóft til þess að hægt sé að segja eitthvað um aldur minjanna og hlutverk með meiri vissu. Einnig verður reynt að aldursgreina manngerðan helli sem er þar skammt frá, í Kamphóli. Áhugavert verður að komast að því hvort að hellirinn hafi verið í notkun á sama tíma og selið.

Í þessum verkhluta var einnig hafist handa við að kortleggja allar ferðaleiðir í landi Odda en þær eru fjölmargar og frá mismunandi tímum. Oddi er mjög miðsvæðis og lá vel við samgöngum og er það talið hafa átt þátt í því að staðurinn varð miðstöð í víðum skilningi.[6]

Sérstök skýrsla um fornleifaskráninguna og niðurstöður hennar eru í *Viðauka I* aftast í þessari skýrslu.



*Mynd 5. Fornar götur RA-661:044 sem liggja frá Eystri-Rangá í átt að Odda.*

5 Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir 1991, 146.
6 Helgi Þorláksson 1989.

## 3. Uppgröftur

Tún Oddahverfis er umhverfis og utan í grasi grónum sandsteinshrygg sem rís upp úr flatlendinu í kring. Syðst í túninu er svæði sem heitir Hellirsdalir þar sem eru tvær mjög langar og djúpar lægðir. Þarna hefur lengi verið talið að væru fallnir hellar og annar þeirra mögulega Nautahellir. Í forrannsókn sem fram fór sumarið 2018 var staðfest að þessar djúpu lægðir eru fallnir manngerðir hellar og að auki fannst uppistandandi hellir og torfhlaðið mannvirki framan við hann á uppgraftarsvæði 1. Þær minjar voru aldursgreindar út frá gjóskulögum sem benda til þess að hellirinn hafi verið grafinn út um miðja 10. öld og að hann og mannvirkið framan við hann hafi verið fallin úr notkun nokkru fyrir aldamótin 1200.[7]




*Mynd 6. Kort sem sýnir staðsetningu og afstöðu uppgraftarsvæðanna 2020. Hæðarlínur hafa verið lagðar ofan á samsettar loftmyndir sem teknar voru með flygildi og draga þær fram ummerkin um föllnu og lokuðu hellana í Hellirsdölum. Myndirnar tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir og um myndvinnslu sá Garðar Guðmundsson.*

### 3.1 Markmið

Markmið uppgraftarhluta fornleifarannsókna í Odda 2020 voru tvíþætt; annarsvegar að afhjúpa torfhlaðna mannvirkið framan við manngerða hellinn sem kom í ljós við forrannsóknina árið 2018 (svæði 1) og hins vegar að grafa könnunarskurð í munna annars af stóru föllnu hellunum í túninu í Odda sem ekki hafði verið grafið í áður (svæði 3). Var tilgangurinn með þeim skurði að kanna eðli og aldur minja sem talið var að þar leyndust undir sverði.

7 Lilja Björk Pálsdóttir og Kristborg Þórsdóttir 2018.

## 3.2 Aðferðafræði

Aðstæður eru að mörgu leyti krefjandi á svæði 1 þar sem rannsókn fer fram á helli og byggingu framan við hann. Við gerð mannvirkjanna á sínum tíma var grafinn stór og breiður skurður við brekkurætur til þess að geta grafið hellinn út og var bygging hlaðin í skurðinum, framan við hellinn. Umtalsverð jarðvegsuppsöfnun hefur verið á svæðinu eftir að þessi mannvirki fóru úr notkun og eru minjarnar á 2-4 m dýpi. Lengst er af yfirborði niður að hellismunnanum austast á uppgraftarsvæðinu eða um 4 m. Af þessum sökum þurfti að stækka uppgraftarsvæðið talsvert út fyrir minjarnar sem verið er að rannsaka til þess að tryggja öryggi fornleifafræðinga við vettvangsvinnu og annarra starfsmanna og sérfræðinga sem að rannsókninni koma. Heildarstærð svæðis 1 var 20x13 m og var svæðið utan minjanna sem verið er að rannsaka grafið í stöllum út og upp frá minjunum til þess að lágmarka hættu á hruni úr skurðbökkum. Vélgrafa var fengin til þess að stækka uppgraftarsvæðið og var hún einnig notuð til að fjarlægja sand og þykk hrun- og áfokslög sem lágu yfir byggingunni framan við hellinn. Að öðru leyti var handgrafið niður á hleðslur og frá þeim.



*Mynd 7. Rannsóknarsvæðið stækkað til suðurs með aðstoð vélgröfu.*

Á svæði 3 var grafinn könnunarskurður með vélgröfu í munna hrunins hellis. Grafið var niður að mannvistarlögum en eftir það var handgrafið og jarðlög handteiknuð og ljósmynduð eftir því sem við átti.

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording) sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.[8] Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingarhluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Meðan á uppgrefti stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins og t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og

8 Lucas, Gavin (ritstj.) 2003, 11-13.

einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um og vinna með slík gögn.

### 3.3 Svæði 1

Þegar forrannsókn lauk árið 2018 á svæði 1 var kominn í ljós munni manngerðs hellis og torfhleðsla þar fyrir framan sem túlkuð var sem leifar forskála en slíkar byggingar eru vel þekktar framan við manngerða hella á Íslandi.[9] Í sniðum sást einnig ýmislegt rask sem virtist samtíða byggingunni og hellinum. Heilmikið af sandi og öðrum áfokslögum auk torfhruns lágu enn yfir minjunum en talið var best að fjarlægja ekki of mikið af því sumarið 2018 til að valda ekki frekara hruni og niðurbroti á torfhleðslum. Þegar rannsókn á hellinum var haldið áfram sumarið 2020 lá því fyrir að næstu skref yrðu að opna stórt svæði og afhjúpa meintan forskála.



*Mynd 8. Uppgraftarsvæði 1 er í forgrunni á þessari mynd sem tekin var með flygildi við lok uppgraftar. Fjær má sjá könnunarskurð á svæði 3.*

Þegar komið var á vettvang var byrjað á því að opna rannsóknarsvæði 1 með því að fjarlægja dúk og timburgrind sem sett höfðu verið yfir svæðið og lokuðu því. Í kjölfarið var hafist handa við að stækka svæðið og fjarlægja þau lög sem innsigluðu bygginguna og hellinn. Byrjað var að stækka innsta og austasta hluta svæðisins, næst hellismunnanum, og var svæðið svo stækkað til vesturs eftir því sem meira kom í ljós af byggingunni framan við hellinn. Mikil áfokslög voru ofan á minjunum, sandur og hrunlög, sem voru fjarlægð með gröfu en handmokað var þar sem ekki var hægt að koma gröfunni við. Fljótlega varð ljóst að um stóra byggingu var að ræða fyrir framan hellinn. Búið er að grafa burt megnið af hrunlögum úr meginhluta torfbyggingarinnar

9 Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir 1991, 24.



Mynd 9. Svæði 1 opnað með því að fjarlægja dúk og timburgrind sem lokuðu því.



Mynd 10. Svona var umhorfs í skurði á svæði 1 við upphaf rannsókna 2020. Frá uppgraftarlokum 2018 hafði mikið af jarðvegi hrunið úr skurðbökkum og lokað aftur fyrir hellismunnann.

og var farið var að sjást í gólflög meðfram langveggjum við lok uppgraftar. Það sem sást var mjög þétt, lífrænt yfirborð með heyleifum en enn sem komið er sjást ekki viðarkol. Það er þó ekki útilokað að kolaborið gólf sé í byggingunni þar sem einungis sást í það meðfram veggjum. Enn á eftir að grafa burt hrunlög innst í byggingunni.



Mynd 11. Gríðarmikið magn af sandi var ofan á byggingunni framan við hellinn á svæði 1. Hér sést Lilja Björk Pálsdóttir með skóflu í hönd þegar búið er að afhjúpa innsta og austasta hluta byggingarinnar. Hægra megin við hana sést glitta í hellismunnann.

Þegar hellirinn og torfbyggingin voru upphaflega gerð á 10. öld hefur breiður skurður verið grafinn inn að berginu í hæðarhryggnum sem liggur eftir öllu túninu í Odda. Þegar búið var að grafa út hellinn hefur verið byggt hús framan við munnann og torfveggir þess hlaðnir upp að skurðsniðum í niðurgreftinum. Veggir voru hlaðnir úr torfstreng í kringum hellisopið en klömbruhleðsla er áberandi í veggjum framar í tóftinni. Hæð hleðslanna var allt frá 0,5 m við inngang í tóftina að vestan og upp í 1,9 m við hellisopið en þar hefur ekki enn verið grafið niður á gólf. Minjarnar eru óvenju vel varðveittar og er það aðallega því að þakka að tóft byggingarinnar (og fremsti hluti hellisins) virðist hafa verið fyllt af sandi og þar ofan á lögðust svo þykk áfokslög. En hvaðan kom allur þessi sandur? Líklegt verður að teljast að þetta sé að mestu leyti efni sem grafið var út þegar hellirinn var gerður á sínum tíma. Það hefur verið áfram þarna í nágrenninu og eftir að byggingin framan við hellinn fellur hefur miklu magni af molnuðum sandsteinininum (sandi) verið mokað inn í tóftina, möglega til að forða slysum eða til þess að jafna yfirborðið. Þar sem jarðlög hafa verið skoðuð annarsstaðar í túninu í Odda eru lítil sem engin samfelld

sandlög og ekkert í líkingu við það sem grafið var úr byggingunni framan við hellinn.

Gólfinu í byggingunni framan við hellinn hallar í átt að munnanum og er hallinn allmikill (8-10°). Þykkt veggjahleðsla er um 1 m. Innanmáls er sjálf byggingin 2,2 m á breidd þar sem hún er breiðust um miðbikið en hún mjókkar lítillega til beggja enda. Frá hellisopi að dyrum í vesturenda er byggingin 10 m löng að innanmáli. Næst hellinum, innst í tóftinni, virðist lítið rými hafa verið afmarkað með torfvegg frá meginhluta byggingarinnar. Í fyrstu var talið að um hrun úr þaki eða veggjum væri að ræða en svo reyndist ekki vera heldur er þykkur




*Mynd 12. Flatarteikning af uppgraftarsvæði 1 og innfelld mynd sem sýnir staðsetningu rannsóknarsvæða og afstöðu milli þeirra. Skurður á svæði 2 var gerður við forrannsókn árið 2018.*



*Mynd 13. Mikið magn af sandi var í byggingunni framan við hellinn og fyllti m.a. op inn í lítið rými framan við hellismunna. Horft til norðurs inn að munnanum.*



*Mynd 14. Hér er horft inn að hellismunna til norðurs eftir að sandur hefur verið fjarlægður úr byggingunni framan við hann. Enn á eftir að grafa burt þykkan bunka af hrunlögum í inngangi inn í lítið rými framan við hellismunnann og innan þess. Undir hrunlögunum er nokkuð þykkt sandlag niður við efstu gólflög í byggingunni.*



*Mynd 15. Horft til vesturs eftir byggingunni framan við hellismunnann eftir að megnið af sandinum sem var inni í henni og ofan á henni hafði verið fjarlægður.*

torfbunki notaður til að stúka af þetta smáa rými. Þröngur inngangur er úr meginrými byggingarinnar og inn í afrýmið við hellisopið en þessar dyr hafa fyllst eða verið fylltar af sandi líkt og byggingin öll eftir að hún var fallin saman. Ekki er hægt að útiloka á þessu stigi hvort þarna er um að ræða endurnotkun á byggingunni eða hvort þykkt hleðslunnar sé vísbending um burðarvirki byggingarinnar. Þetta mun skýrast þegar búið er að afhjúpa gólflög að fullu og tengslin milli hellis, afrýmis og meginbyggingar verður ljós.

Á þessu stigi rannsóknarinnar bendir margt til þess að hlaða hafi verið í byggingunni framan við hellinn og mögulega í honum líka. Mannvirkin eru allstór en tengdust miklu stærri helli sem er hruninn og líkur eru á að hafi verið Nautahellir. Nautgripir þurfa mikla heygjöf og geta ekki verið á útbeit allt árið um kring (a.m.k. ekki mjólkurkýr). Í efstu gólflögum byggingarinnar framan við hellinn er mikið um heyleifar sem bendir til þess að hey hafi verið geymt í henni og hallinn á gólfinu bendir til þess að efni hafi verið borið inn í bygginguna en ekki út úr henni. Enn er of snemmt að fullyrða nokkuð um hlutverk þessara minja umfram það sem hér hefur verið bent á og mun áframhaldandi rannsókn og greining á skordýra- og plöntuleifum í gólfum varpa skýrara ljósi á hlutverk þeirra og hvort það hefur breyst á notkunartímanum.

Áfokslögin sem lágu fyrir hellisopi og ofan á byggingunni fyrir framan hellinn voru því sem næst óhreyfð og því má telja að nær engin umsvif hafi verið á þessum stað eftir að byggingin og hellirinn falla úr notkun. Hinsvegar virðist sem að þónokkuð hafi verið um að vera í næsta nágrenni á þeim tíma sem hellirinn og byggingin voru í notkun. Ofan og suðaustan við hellisopið eru gryfja og torfhleðsla sem eru samtíða hellinum samkvæmt afstöðu gjóskulaga. Einnig komu í ljós þónokkur þunn ruslalög með viðar- og móösku rétt sunnan við bygginguna. Mikill sandbunki (mögulega útgröftur úr helli) lá ofan á þessu svæði upp við einhverja fyrirstöðu sem þarna hefur verið. Hvort það er hluti af niðurgrefti fyrir bygginguna sjálfa eða önnur mannvirki er ekki vitað enn sem komið er. Einnig er lítill flekkur af sambærilegum ruslalögum norðan við bygginguna.

Athuganir sem gerðar voru á gjóskulögum á svæði 1 sumarið 2020 breyta ekki




*Mynd 16. Teikning af norðursniði á uppgraftarsvæði 1.*

niðurstöðum um aldur minjanna sem fengust við forrannsókn 2018. Hellirinn var líklega grafinn út um miðja 10. öld og bygging framan við hann reist á sama eða svipuðum tíma. Mannvirkin voru svo komin úr notkun allnokkru áður en eldgos hófst í Heklu árið 1206.[10]

### 3.4 Svæði 3

Á svæði 3 var grafinn könnunarskurður í munna fallins hellis sem var 1x6 m að stærð og sneri norðvestur-suðaustur. Með skurðinum var ætlunin að komast að því hvort þar leyndist forskáli eða annað mannvirki framan við fallna hellinn líkt og á svæði 1.



*Mynd 17. Könnunarskurður á svæði 3 er í forgrunni á myndinni sem tekin er með flygildi. Fjær er svæði 1.*

10 Sjá *Viðauka II* eftir Magnús Á. Sigurgeirsson.



*Mynd 18. Torfhrun og grjót komið í ljós í könnunarskurði á svæði 3. Þykkt lag svartrar gjósku úr Kötlugosi frá 1500 sést vel yfir mannvistinni. Horft til norðvesturs.*

Vélgrafið var niður á 0,6 m dýpi. Var þá farið að glitta í torf og röskuð mannvistarlög og var handgrafið áfram eftir það niður á 1,3 m dýpt. Alls voru grafin upp átta jarðlög í skurðinum. Fyrir utan grasrót og óhreyfð áfoks- og gjóskulög var það aðallega byggingarefni sem grafið var fram, þ.e. torfhrun og það sem virðist vera þakhellur. Þunnar, fremur smáar grágrýtishellur voru á dreif innan um og á milli torfhruns og hafa verið bornar á staðinn þar sem slíkt grjót er hvergi að finna í túninu í Odda eða næsta nágrenni. Talsverð bleyta er í jarðvegi á þessu svæði í dag og sáust merki þess í jarðlögunum í skurðinum. Þónokkur járnútfelling var á milli laga og í kringum grjót. Einnig voru holur í torfhruninu sem í fyrstu voru taldar vera stoðarholur. Við nánari athugun var talið líklegra að um samspil vatns, torfhruns og grjóts sé að ræða, því þessar holur birtust helst í nálægð við eða undir grjóthellum og engin gólflög eða annað yfirborð kom í ljós sem þær gætu átt við. Þó er greinilegt að þarna við hellisopið hefur verið torfhlaðið mannvirki undir þaki úr torfi og þunnum grjóthellum sem hafa brotnað þegar þakið féll saman og við frostverkun. Þau mannvistarlög sem grafin voru upp eru frá því eftir að mannvirkið var fallið úr notkun, sem samkvæmt rannsókn á gjóskulögum í skurðinum, var þónokkru fyrir árið 1500.[11]

Í skurði 3 var komið niður á mannvirki sem er mun yngra en þær minjar sem er verið að rannsaka í skurði 1. Það vekur upp spurningar um endingu hellisins sem er innan við mannvirkið. Vera má að hellirinn hafi staðið miklu lengur en meintur Nautahellir sem er litlu norðvestar en hann virðist hafa fallið nokkru fyrir aldamótin 1200 ef gert er ráð fyrir því að hellirinn á svæði 1 hafi fallið úr notkun í kjölfar þess atburðar. Einnig kemur til greina að eftir að hellirinn á svæði 3 hrundi hafi bygging verið hlaðin ofan á kampa




*Mynd 19. Mynd af norðaustursniði í skurði á svæði 3 með skýringum. Neðst á myndinni er torfhrun í botni skurðarins.*

11 Sjá *Viðauka II* eftir Magnús Á. Sigurgeirsson.



*Mynd 20. Brot úr þakhellum í torfhruni í skurði á svæði 3. Horft til suðvesturs.*

fremsta hluta hellisrústarinnar og framan við hellinn. Það sem bendir til þess eru nokkuð háir og skýrt afmarkaðir kampar og meint hleðsla þvert á fallna hellinn sem skiptir honum í tvö aðskilin rými (sjá mynd 6). Þetta eru álitamál sem þarfnast frekari rannsóknar en einhver endurbygging virðist verða á þessum stað ef marka má niðurstöður jarðsjármælinga, sjá kafla 6.6.

**3.5 Gripir**

Fáir gripir fundust við rannsóknina 2020 eða 11 gripir þegar allt er talið. Flestir fundust þeir í skurði á svæði 3 og var mest um byggingarefni, þar á meðal löm úr járni sem er líklegast hluti af dyraumbúnaði við inngang í hellinn. Einnig fundust tvö brýni, annað þeirra við hellisopið á svæði 1. Brýnið fannst við hreinsun á hrunlögum þar.



*Mynd 21. Löm <005> sem fannst í skurði á svæði 3.*



*Mynd 22. Brýni <11> sem fannst á svæði 1.*

Áhugaverðasti gripurinn sem fannst var í hrunlagi framan við hellismunnann á svæði 1. Hann er um 3 sm í þvermál, kringlóttur og lítillega kúptur. Á kúptu hliðinni er upphleypt skreyti. Við fyrstu sýn var talið að um málmgrip væri að ræða, mögulega einhvers konar nælu. Við hreinsun kom í ljós að lítill sem enginn málmur virtist vera í gripnum og röntgenmyndataka staðfesti það. Ekki er því ljóst úr hvers konar efni gripurinn er og ekki er hægt að segja neitt með vissu um hvers konar grip er að ræða eða hvort hann er í raun gripur. Mögulega er aðeins um samþjappaðan jarðveg að ræða sem hefur verið inni í eða upp við grip og myndað eins konar afsteypu af honum.



*Mynd 23. Skreyttur gripur (?) <9> sem fannst í hrunlagi framan við hellismunna á svæði 1. Myndin var tekin skömmu eftir að gripurinn fannst.*



*Mynd 24. Teiknað hefur verið með hvítum lit ofan í upphleypt munstur á meintum grip <9>.*

Gripir sem finnast við uppgröft eru mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði, en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.[12]

| Svæði | Funda númer | Eininga númer | Efni | Lýsing | Þyngd gr. | Upphafs stafir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 3007 | fe | Löm | 68 | SÓ |
| 3 | 6 | 3007 | fe | Nagli | 3.74 | SÓ |
| 3 | 7 | 3008 | fe | Nagli - brotinn í tvennt | 7.36 | SÓ |
| 1 | 8 | Lausafundur | fe | ? | 60.38 | KÞ |
| 1 | 9 | 101 | ? | ? | 5.1 | HG |
| 3 | 10 | 3008 | Steinn | Brýni (torfhrun-S enda sk 3). Brotið í þrennt | 36.48 | LP |
| 1 | 11 | Lausafundur | Steinn | Brýni (hreinsun framan við helli) | 3.75 | LP |
| 1 | 12 | Hreinsun | Dýra-bein | Dýrabein fundin efst í sandlagi (stórgripabein - 3 bein og einn gjallmoli/ náttúrulegur steinn?) | 379.50 | LP |
| 3 | 13 | 3007 | Tönn | Tönn úr stórgrip | 44.16 | LP |
| 3 | 14 | 3008 | Tönn | Tönn úr stórgrip, fannst í neðsta lagi í skurði 3 | 32.16 | LP |
| 3 | 15 | Hreinsun | steinn | Vikur? (svarti sandur) | 8.26 | LP |

*Tafla 1. Listi yfir gripi sem fundust við uppgröft í Odda 2020.*

12 Lucas, Gavin (ritstj.) 2003, 42-43.

### 3.6 Frágangur uppgraftarsvæða

Frágangur við lok uppgraftar á svæði 3 var með þeim hætti að mokað var ofan í könnunarskurð með vélgröfu og gengið snyrtilega frá svæðinu. Frágangur á svæði 1 reyndist nokkuð flókinn úrlausnar þar sem að um djúpan og stóran skurð í nokkrum stöllum er að ræða. Við lok



*Mynd 25. Frágangur á svæði 1 við lok uppgraftar í ágúst 2020.*



*Mynd 26. Í nóvember 2020 var frágangur lagfærður á svæði 1.*

rannsóknar var notast við þykkt plast til að hylja tóftina framan við hellinn og var það fergt með sandi, grjóti og timbri og fest með nöglum og skrúfum. Hellinum var lokað með því að leggja timburbretti fyrir munnann, plast var sett yfir það og sandur notaður til að hindra fok. Í nóvember 2020 hafði mikið af plastinu rifnað og fokið og var þá gripið til þess ráðs að nota jarðvegsdúk til þess að hylja tóftina á ný með sömu aðferðum og plastið. Einnig voru timburflekar og stífa notuð til að styðja við innri brúnir veggja í byggingunni framan við hellinn. Landgræðslan sá um um að girða í kringum rannsóknarsvæði 1 og er minjasvæðið því að einhverju leyti varið fyrir óviðkomandi umferð manna og dýra og minni líkur eru á því að slys verði innan svæðisins.

## 4. Yfirborðslíkön

Með flygildi (dróna) er hægt að taka loftmyndir í góðri upplausn úr lítilli hæð fyrir fornleifarannóknir, hvort sem það er af stökum minjastað, afmörkuðu uppgraftarsvæði eða stærri minjaheildum. Myndir sem teknar eru lóðrétt með skipulegum hætti og með talsvert mikla skörun er svo hægt að nota til þess að útbúa yfirborðslíkan og þrívíddarlíkan. Ofan á yfirborðslíkan er hægt að setja hæðarskyggingu (e. hillshade) og draga þannig fram jarðlægar minjar sem ekki sjást vel á yfirborði. Sumarið 2020 var unnið yfirborðslíkan af minjasvæðinu við Kamphól þar sem minjar eru um hjáleigu frá Odda og meintar selminjar með liðsinni Garðars Guðmundssonar, fornleifafræðings. Garðar hafði áður unnið yfirborðslíkön og þrívíddarlíkön af túninu í Odda sem hafa nýst vel í öllum verkhlutum fornleifarannsóknarinnar.[13]



*Mynd 27. Yfirborðslíkan af minjasvæðinu við Kamphól.*

13 Skoða má þrívíddarlíkön Garðars af túninu í Odda hér: https://sketchfab.com/3d-models/oddi-01-8891e55b98d24f3ea337a526909381a4 og hér: https://sketchfab.com/3d-models/oddi-05052019-02-489fc2f-3500143e480c5dcb3b0c19fa2

## 5. Kjarnaborun

Kjarnaborun með skipulögðum hætti er vel til þess fallin að gefa miklar upplýsingar um eðli og dreifingu mannvistarlaga á stórum svæðum með litlum tilkostnaði. Við undirbúning og skipulagningu fornleifarannsókna í Odda sumarið 2020 var gert ráð fyrir að fá tvo sérfræðinga frá Bandaríkjunum, sem unnið hafa hér á landi í fjölda ára, til þess að gera tilraunir með kjarnaborun í því augnamiði að komast að því hversu djúpt er niður á minjar frá því tímabili sem áhersla er lögð á í Oddarannsókninni (1100-1300). Í kjölfarið átti svo að gera ítarlega áætlun fyrir skipulagða kjarnaborun á völdum svæðum. Ekkert varð af komu erlendu sérfræðinganna vegna heimsfaraldurs Covid-19 og því varð minna úr þessum þætti rannsóknarinnar en til stóð í upphafi.

Þó að upphaflegar áætlanir færu út um þúfur var ákveðið að gera frumkönnun á aðstæðum með kjarnaborun og var hún unnin samhliða öðrum fornleifarannsóknum í Odda sumarið 2020. Notast var við kjarnabor sem er 2 sm í þvermál og með framlengingu er hægt að bora niður í allt að 120 sm dýpt, 40 sm í senn.




*Mynd 28. Kort sem sýnir þá staði þar sem kjarnaborun var gerð í túninu í Odda 2020. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Borað var á tveimur stöðum, annars vegar í stóra þúst RA-311:082 sem hafði verið skráð fyrr um sumarið í túni Odda og hins vegar í meintar minjar um forskála við helli RA-311:069 sem einnig var skráður fyrr um sumarið og er í Gammabrekku, hæsta hólnum í túninu í Odda.

Byrjað var að bora í þústina sem er á milli kirkjunnar í Odda og Hellirsdala. Þústin er ekki há en allstór og stingur í stúf við umhverfið sem er að mestu leyti slétt og laust við miklar ójöfnur. Bar hún það með sér að í henni gætu leynst fornar og/eða útflattar minjar. Borað var á 5 m millibili eftir endilangri þústinni og út fyrir hana að austanverðu (undan halla). Allra austast var borað aðeins þéttar á litlu svæði. Einnig var borað þvert yfir þústina, litlu




*Mynd 29. Kort sem sýnir staðsetningu borkjarna í þúst RA-311:082 og grófa dreifingu mannvistarleifa sem fundust í þeim (rauðgult svæði). Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

austan við miðju. Á 32-38 sm dýpi var allstaðar komið niður á gjóskur úr Heklugosi frá 1510 og gosi í Kötlu frá 1500 og eru engin mannvistarlög sýnileg ofan við þær. Undir þeim eru áfokslög þar til komið er á 46-62 sm dýpi, þar fundust lítilsháttar leifar af torfi, kolum, móösku og brenndum beinum. Þá taka aftur við áfokslög en í stökum kjarna í miðri þúst sáust kol á 80 sm dýpi og virtist landnámslagið vera undir því lagi. Í austustu kjörnunum var komið niður á móösku, brennd bein og kol á 67-71 sm dýpi. Annarsstaðar varð ekki vart við mannvist undir 62 sm dýpi. Niðurstöður kjarnaborunarinnar leiddu í ljós að í þessari þúst eru mannvistarleifar sem eru miklu eldri en gjóskur frá aldamótunum 1500 en án nánari rannsókna er ekki gott að segja til um aldur þeirra eða eðli. Lítilsháttar ummerki um mannvist (kol) eru svo einnig á þessu svæði sem eru talsvert eldri, mögulega frá því skömmu eftir landnám.

Framan við helli RA-311:069 í Gammabrekku voru teknir fjórir borkjarnar til þess að sannreyna grun um að þar væri forskáli og fá upplýsingar um aldur minjanna. Í kjörnunum var komið niður á gjóskulögin H-1510 og K-1500 á 40-48 sm dýpi. Dýpst var niður á þau í borkjarna sem tekinn var í miðri lægðinni þar sem op hefur verið inn í hellinn. Í þeim borkjarna varð ekki vart við mannvist fyrr en á 100 sm dýpi en þar var torf eins langt borinn náði (u.þ.b. 115 sm). Mögulega má greina landnámslagið í torfinu. Svipaðar niðurstöður voru í öðrum kjörnum en í þeim var þó styttra niður á torf og í þeim mátti einnig sjá kol. Torfið neðst í kjörnunum var brún-appelsíngult og svipaði mjög til torfsins sem er í veggjum byggingar framan við helli sem verið er að grafa upp á svæði 1, sjá kafla 3.3. Eru 40-45 sm af jarðvegi á milli gjóskulaga frá 1510 og 1500 og niður á torf neðst í borkjörnum. Gefa niðurstöður kjarnaborunar við helli RA-311:069



*Mynd 30. Kort sem sýnir staðsetningu borkjarna framan við helli RA-311:069. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

sterklega til kynna að framan við hellisopið sé torfhlaðinn forskáli frá elstu tíð, mögulega frá sama tímabili og minjarnar sem verið er að rannsaka með uppgrefti á svæði 1 í Hellirsdölum. Eru það spennandi tíðindi, ekki síst vegna þess að hellirinn í Gammabrekku er steinsnar frá bæjarstæði Oddastaðar og von til þess að í honum finnist minjar sem tengjast starfsemi/athöfnum sem að venju fóru fram í bæjarhúsum eða í næsta nágrenni við þau. Mögulega hefur þarna verið skemma eða búr en einnig kemur vel til greina að í hellinum hafi verið útihús, svo dæmi séu tekin.

Almennar niðurstöður fyrstu athugana með kjarnabor leiddu í ljós mikilvægar upplýsingar um afstöðu jarðlaga í túninu í Odda. Ljóst er að mikil jarðvegsþykknun er á svæðinu. Þar sem ekki hefur orðið rask á síðari öldum virðast vera 30-40 sm af áfoksjarðvegi ofan á gjóskulögum frá 1510 og 1500 sem eru auðþekkt allsstaðar á rannsóknarsvæðinu. Ummerki um minjar eða mannvist frá elstu tíð virðast vera á 80-100 sm dýpi þar sem ekki hefur verið mikil uppsöfnun mannvistarlaga. Vísbendingar um landnámslagið og gjósku úr Kötlugosi frá 920 sáust sumsstaðar í borkjörnum og þessar gjóskur finnast þar sem þær eru óhreyfðar í jarðvegi í Odda. Ekki eru mörg önnur greinanleg söguleg gjóskulög þar sem jarðvegur hefur verið kannaður í Odda en þó hefur gjóskulagafræðingur greint Heklugjósku frá 1206 á uppgraftarsvæði 1 í Hellirsdölum.[14] Vegna þess hversu djúpt er niður á elstu minjar í Odda verður kerfisbundin kjarnaborun erfiðari og tímafrekari en ella. Sú vitneskja er mikilvæg fyrir alla áætlanagerð við slíka vinnu næstu rannsóknarárin.

14 Sjá *Viðauka II* eftir Magnús Á. Sigurgeirsson.

## 6. Jarðsjármælingar

Eitt af því sem áætlanir fyrir rannsóknarsumarið 2020 gerðu ráð fyrir var að prófa mismunandi aðferðir við fjarkönnun (viðnáms- jarðsjár- og segulmælingar). Til stóð að fá þriðja Bandaríkjamanninn til liðs við rannsóknina fyrir þennan verkhluta en hann komst ekki heldur til landsins vegna heimsfaraldurs Covid-19. Mikilvægt þótti að leita allra leiða til þess að hefja fyrstu athuganir á gagnsemi fjarkönnunar í Odda og var því afráðið að leigja jarðsjá (Ground Penetrating Radar GPR) hjá Háskóla Íslands og var Ómar Valur Jónasson, fornleifafræðingur, fenginn til þess að gera mælingar með jarðsjánni. Ómar hefur þónokkra reynslu af slíkri vinnu og honum til aðstoðar voru aðrir sérfræðingar rannsóknarinnar.



*Mynd 31. Ómar Valur Jónasson og Kristborg Þórsdóttir undirbúa jarðsjármælingar í Odda.*

Markmið jarðsjármælinganna voru tvíþætt, annars vegar að kanna gagnsemi þeirra við að bera kennsl á lokaða manngerða hella og við kortlagningu þeirra, hins vegar að kanna tvö svæði þar sem þekktar minjar eru undir sverði.

Mælingar voru gerðar á sex svæðum;[15] þremur litlum svæðum í Hellirsdölum (svæði J-1, J-2, J-3), einu á Vindkvörn suðvestan við Oddakirkju (svæði J-4), á rústahól í túni Odda þar sem heimildir geta um fjós og seinna kálgarð (svæði J-5) og framan við könnunarskurð á svæði 3 í Hellirsdölum (svæði J-6). Jarðsjáin sem notuð var í Odda er af gerðinni GSSI SIR 4000 með 400MHz loftneti. Við úrvinnslu mælinganna var notast við forritið GPR-Slice.[16] Jarðsjáin sendir rafsegulbylgjur lóðrétt niður í jörðina og nemur mismunandi rafsvörun og rafleiðni jarðlaga. Ekki er hægt að gera marktækar mælingar í halla og þarf svæðið sem mælt er að vera tiltölulega flatt. Í mælingunum sem gerðar voru í Odda eru veikustu merkin sem jarðlögin gáfu sýnd með bláum lit og sterkustu merkin sýnd með rauðum lit. Í mælingum sem gerðar voru í leit að hellum var blár og dökkblár litur túlkaður sem mögulegt holrými eða hellir. Í mælingum sem gerðar voru utan hellasvæða var rauður, appelsínugulur og gulur litur túlkaður sem mögulegar torfhleðslur eða einhvers konar upphleðsla mannvistarlaga.

Samanlögð stærð svæðanna sem mæld voru er 1915m2, og voru mælingar ýmist gerðar með 0,5 eða 1 m bili á milli lína á x-ás og y-ás. Eftir því sem styttra er á milli mældra lína, þeim mun nákvæmari mæling fæst af því sem er undir yfirborðinu. Svæði J-1, J-2, 3J-, og J-6 voru mæld með 0,5 m bili á x-ás og 1 m bili á y-ás og á svæðum J-4 og J-5 var mælt með 1 m bili á

15 Númer á svæðum þar sem jarðmælingar voru gerðar eru aðgreind frá númerum á uppgraftarsvæðum í umfjöllun með bókstafnum J.
16 Ómar Valur Jónasson 2020, 3.




*Mynd 32. Kort sem sýnir hvar jarðsjármælingar voru gerðar í túninu í Odda. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

báðum ásum.[17]

Fyrir jarðsjármælingar á hellum var tækið stillt á að mæla niður á að minnsta kosti 7 metra dýpi en það reyndist of djúpt fyrir 400 MHz loftnetið sem yfirleitt er að mæla niður á 3-5 m dýpi. Mikil truflun var á mælingum sem gerðar voru á 4-7 m dýpi og því ljóst að öflugara loftnet þarf við jarðsjármælingar þar sem leitað er að ummerkjum um lokaða hella á meira en 4 m dýpi. Engin vandkvæði komu í ljós við mælingar á öðrum minjum sem eru á minna dýpi.[18]

17 Ómar Valur Jónasson 2020, 3.
18 Ómar Valur Jónasson 2020, 5.

### 6.1 Svæði J-1

Umfjöllunin hefst á svæðum J-1, J-2 og J-3 en staðsetning þeirra er sýnd á korti hér fyrir neðan. Svæði J-1 var valið af því að undir því er þekktur hellir og eru 4-5 m niður í hellinn af yfirborði. Svæðið sem var mælt var 4x10 m að stærð og sneri nánast norður-suður. Túlkun á gögnunum reyndist auðveldari en ella með því að hafa til hliðsjónar öll önnur gögn sem þegar hefur verið aflað um hellinn; uppgraftargögn, uppmælingar á hellunum í Hellirsdölum og ekki síst þrívíddarlíkan sem Punktaský vann og fjallað er um í kafla 7. Á langsniði sem unnið var úr hellaskönnun er hægt að sjá að frá þeim stað sem jarðsjármælingin var gerð eru rétt um 4 m niður á hellisloft þar sem hrunið hefur úr því, allra innst (sjá mynd 42). Í mælingum sem gerðar voru yfir hellinum kemur í ljós nokkuð skýrt afmarkað svæði á tæplega 4 m dýpi þar sem er veikt merki (blár litur). Virðist þar vera komið niður í hellinn miðjan en á mælingum ofar og neðar verður blái liturinn ljósari (sjá mynd 34).




*Mynd 33. Kort sem sýnir ummerki um hella í Hellirsdölum, loftmynd af uppgraftarsvæði 1 og staðsetningu jarðsjármælinga á svæðum J-1, J-2 og J-3. Staðsetning líklegra opa á milli hella og inn í norðvestari hellinn er auðkennd með rauðum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

### 6.2 Svæði J-2

Svæði J-2 varð fyrir valinu vegna þess að yfirborðsummerki gefa til kynna að þar kunni að hafa verið op inn í stærri fallna hellinn í Hellirsdölum (RA-311:008_01) og er meint op um 15 m suðaustan við hellinn sem verið er að rannsaka með uppgrefti og tengdist inn í sama helli. Aðeins var hægt að gera mælingar á svæði sem er 4x10 m að stærð og snýr norðvestur-

suðaustur. Aflíðandi halli er til suðvesturs frá mælingasvæðinu og bratt er ofan í rústir fallna hellisins til norðausturs. Ekki gáfust óyggjandi niðurstöður úr mælingum á þessu svæði og því ekki hægt að segja með vissu hvort þarna hafi verið op eða ekki. Á korti hér fyrir neðan má sjá mynd úr mælingum sem tekin er á 4 m dýpi og gefur mögulega til kynna op í norðvesturenda mælingasvæðisins.




*Mynd 34. Kort sem sýnir jarðsjármælingar á svæðum J-1, J-2 og J-3. Eru þær mælingar sýndar sem gefa sterkustu vísbendinguna um holrými (hella) á 4-4,5 m dýpi (dökkblár litur). Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

### 6.3 Svæði J-3

Sömu rök voru fyrir vali á svæði J-3 og fyrir svæði J-2 en á yfirborði eru mjög skýr ummerki um að op hafi verið á milli föllnu hellanna og var þess því freistað að gera jarðsjármælingar á mjóu hafti sem skilur á milli þeirra. Var svæðið 10x2 m að stærð og snýr NNV-SSA. Á um 4,5 m dýpi má mögulega sjá merki um holrými (blár litur) syðst á mælingasvæðinu en mælingarnar eru ekki nógu afgerandi til þess að hægt sé að segja að þær staðfesti það að op hafi verið á milli hellanna.

### 6.4 Svæði J-4

Svæði J-4 er innan girðingar sem afmarkar kirkjugarð við Oddakirkju, á hólhrygg sem nefnist Vindkvörn. Snemmsumars 2020 voru skráð umtalsverð ummerki þar um manngerða hella RA-311:071 og var ákveðið að freista þess að nota jarðsjána til þess að sannreyna að þarna væru

í raun hellar. Svæðið sem var mælt var 15x15m stórt og er nokkurn veginn á miðju svæðinu þar sem ummerki um hellana sjást á yfirborði. Á um 3 m dýpi má sjá allstórt ljósblátt svæði á myndum úr jarðsjármælingunum sem virðist gefa til kynna samtengda hellasamstæðu en þegar neðar dregur gætu verið einhvers konar skil á milli aðgreindra hella. Daufasta merkið (dekksti blái liturinn) er þar sem á yfirborði sést mjög grunn lægð. Er afar líklegt að þar hafi verið strompur (sjá RA-311:071_01 í skýrslu um fornleifaskráningu í *Viðauka I*).




*Mynd 35. Kort sem sýnir staðsetningu hella RA-311:071 og jarðsjármælingu á um 3 m dýpi. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

### 6.5 Svæði J-5

Svæði J-5 er við uppþornaða tjörn sem kallast Ekrutjörn og er sunnan við bæjarstæði og kirkju í Odda. Heimildir herma að þarna hafi fjós í Odda (RA-311:012) staðið fram til 1888[19] og eftir það var gerður kálgarður (RA-311:037) á sama stað sem sést á túnakorti fyrir Odda frá 1918. Mælingar voru gerðar á svæði sem er 20x25 m að stærð og snýr ANA-VSV. Í ljós komu umtalsverðar minjar sem virðast vel varðveittar. Á um 2 m dýpi er mjög greinilegt hringlaga mannvirki (um 18 m í þvermál innanmáls) og út frá því miðju virðast ganga veggir til ANA og VSV (sjá mynd 36). Út frá því sem vitað er um mannvirki á þessum stað úr heimildum kemur helst til greina að sá hluti mannvirkisins sem sést hafi verið heygarður við fjósið sem þarna var fram undir lok 19. aldar en ekkert verður fullyrt um það á þessu stigi rannsóknarinnar. Á um

19 Vigfús Guðmundsson 1931, 194.

3,6 m dýpi virðist vera annað mannvirki undir fyrrnefnda mannvirkinu sem er aðeins minna og virðist það ferkantaðra en yngra mannvirkið (sjá mynd 37). Er ljóst að hér hafa byggingar staðið lengi, jafnvel öldum saman, en ekkert verður sagt um aldur þeirra eða hlutverk með vissu án frekari rannsókna.




*Mynd 36. Kort sem sýnir niðurstöðu jarðsjármælingar á um 2 m dýpi á svæði J-5 þar sem heimildir eru um að fjós og seinna kálgarður hafi staðið. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*




*Mynd 37. Kort sem sýnir niðurstöðu jarðsjármælingar á um 4 m dýpi á svæði J-5 þar sem heimildir eru um að fjós og seinna kálgarður hafi staðið. Á því dýpi er greinilega eldra mannvirki en það sem sést á mælingu á 2 m dýpi og hefur aðra lögun. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

### 6.6 Svæði J-6

Að lokum er svæði J-6 til umfjöllunar en það er fast suðaustan við könnunarskurð á uppgraftarsvæði 3 í Hellirsdölum. Með mælingum þar var þess freistað að fá upplýsingar um minjarnar sem þar er að finna og komu í ljós að hluta í könnunarskurðinum, sjá kafla 3.4. Svæðið sem var mælt er 10x10 m að stærð. Í mælingunum virðast sjást ummerki um nokkur mannvirki á mismiklu dýpi. Fyrst er að nefna garð eða vegg sem er á 1,4 m dýpi og er suðaustast á svæðinu (sjá mynd 38). Mögulega er hér um vegg að ræða sem tilheyrði því mannvirki sem kom í ljós í könnunarskurði en í honum var mikið magn af torfhruni og þakefni. Nokkru neðar í mælingunum, eða á 1,9 m dýpi virðist vera ferkantað mannvirki sem er 6x3,5 m að stærð (sjá mynd 39). Er það innan við vegginn sem áður er nefndur og nær hellinum og könnunarskurðinum. Að lokum eru vísbendingar um mannvirki á 3,8 m dýpi í norðvesturhluta svæðisins. Kann þar að vera veggur í eldri forskála framan við hellinn. Er þar komið niður á mikið dýpi og óvíst að mannvirki séu svo langt undir yfirborði á þessum stað. Á þessu stigi málsins er ekkert hægt að segja með vissu um það sem kemur fram á jarðsjármælingunum en til þess að geta gert það þarf að kanna þær minjar sem þarna virðast vera undir sverði með uppgrefti.




*Mynd 38. Kort sem sýnir niðurstöðu jarðsjármælingar á 1,4 m dýpi á svæði J-6 þar sem virðist vera veggur eða garður suðaustast á mælda svæðinu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*




*Mynd 39. Kort sem sýnir niðurstöðu jarðsjármælingar á 1,9 m dýpi á svæði J-6 þar sem virðist vera skýrt afmarkað, ferkantað mannvirki innan við meintan vegg sem sést á mynd 38 hér fyrir ofan. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

## 7. Þrívíddarskönnun

Rúsínan í pylsuendanum í umfjöllun um fornleifarannsóknir í Odda 2020 er þrívíddarlíkan sem Jón Bergmann hjá fyrirtækinu Punktaský útbjó fyrir rannsóknina. Líkanið er unnið úr punktaskýi og ljósmyndum sem teknar voru á vettvangi og sýna hellinn og tóftina framan við hann. Er líkanið einstök heimild um ástand hellisins og útlit á þessu stigi rannsóknarinnar auk þess sem það gerir öllum kleift að sjá inn í hellinn og skoða sig um í honum án þess að þurfa að fara inn í hann. Strax í kjölfar mælinga og myndatöku var myndband sem sýnir inn í hellinn birt á YouTube-vefsíðunni og í vetur var þrívíddarlíkanið gert aðgengilegt á Sketchfab-síðu Fornleifastofnunar.[20] Þar er hægt að fara inn í líkanið af hellinum og skoða sig um inni í honum, en einnig er hægt að horfa á hann utan frá. Í líkaninu er hægt að gera nákvæmar mælingar á minjunum í þar til gerðum forritum og hægt að útbúa þversnið eða langsnið þar sem þörf þykir (sjá mynd 42). Nýtist þrívíddarskönnunin því bæði sem rannsóknargagn en einnig sem kynningarefni.



*Mynd 40. Skjáskot af þrívíddarlíkani sem sýnir torfbyggingu framan við helli.*



*Mynd 41. Skjáskot af þrívíddarlíkani sem sýnir inn í hellinn.*

20 https://sketchfab.com/3d-models/oddi-sketchfab-34f09ef64bdb4fdb8f95a254e157e7e1




*Mynd 42. Þversnið af helli og byggingu framan við hann úr þrívíddarlíkani Punktaskýs.*

## 8. Kynning og miðlun

Markvisst hefur verið unnið að kynningu á Oddarannsókninni á rannsóknartímanum þó að umfjöllun um fornleifarannsóknir hafi verið þar fyrirferðarmestar, enda lengst á veg komnar. Mest áhersla hefur verið á að vekja athygli á rannsókninni á samfélagsmiðlum og er hún með Instagram-síðu (oddarannsokn) og Facebook-síðu (Oddarannsóknin). Þar hafa verið sagðar fréttir af framgangi rannsóknarinnar og myndir birtar af vettvangi. Einnig hefur verið fjallað um rannsóknina í prentmiðlum og var grein birt um fornleifarannsóknir í Odda og Oddarannsóknina í Morgunblaðinu 20. ágúst 2020. Áður hefur verið nefnt að þrívíddarlíkan af hellinum er aðgengilegt á Sketchfab-síðu Fornleifastofnunar og myndband sem sýnir inn í hellinn hefur einnig verið birt á YouTube-vefsíðunni.[21]



*Mynd 43. Horft til NNV yfir tún Oddahverfis. Mikill fjöldi manngerðra hella er í hæðarhryggnum frá Odda að Langekru.*

21 https://www.youtube.com/watch?v=wxbexnxh4Dc

## 9. Samantekt og helstu niðurstöður

Mikið hefur áunnist í fornleifarannsóknum fyrsta árs Oddarannsóknarinnar og hafa margar áhugaverðar og spennandi niðurstöður fengist. Fornleifaskráning er mikilvæg undirstaða allra vandaðra fornleifarannsókna og hefur vissulega sannað gildi sitt í þessu verkefni. Grunnskráning minja í Odda og nágrenni var unnin árið 2009 og þegar farið var aftur á vettvang 2020 í Oddarannsókninni var hægt að byggja ofan á þá skráningu og auka hana. Þekktar minjar á völdum svæðum voru mældar upp með nákvæmum hætti og eldri skráning endurskoðuð. Fjöldi áður óþekktra minja var skráður og ber þar hæst mergð manngerðra hella og fornlegar minjar við Kamphól sem líklegt þykir að séu minjar um seljabúskap Oddastaðar frá fyrstu tíð. Eru minjarnar einstaklega mikilvægar fyrir yfirmarkmið fornleifarannsóknanna sem er að varpa ljósi á efnahagslegar undirstöður miðstöðvarinnar í Odda. Í sjálfum Kamphóli eru svo mjög sannfærandi ummerki um manngerðan helli og verður spennandi að kanna aldur þessara minja og samband þeirra á milli og við aðrar minjar á svæðinu. Hellirinn í Kamphóli og ummerki um hella í Skiphóli vitna um að manngerða hella var að finna víðar en í heimatúni Odda. Þar fundust einnig fjölmargir áður óþekktir manngerðir hellar og virðist sem að hellagerð hafi verið stunduð af miklum móð í Odda a.m.k. frá miðri 10. öld en ekki er enn ljóst hversu lengi þessi byggingarhefð var við lýði eða hvenær hætt var að nota hellana.

Á uppgraftarsvæði 1 var stór bygging afhjúpuð framan við uppistandandi helli sem kom í ljós við forrannsókn árið 2018. Mikið af áfoks- og hrunlögum voru ofan á byggingunni, en einnig gríðarlegt magn af sandi sem virðist hafa verið mokað inn í tóft hennar eftir að hún var fallin úr notkun. Hefur það stuðlað að óvenju góðri varðveislu torfveggja hennar en það er afar fátítt að svo háir og vel varðveittir torfveggir frá 10.-12. öld hafi komið í ljós við fornleifauppgröft. Þegar uppgrefti á byggingunni framan við hellinum lýkur verður hægt að hefjast handa við uppgröft inni í sjálfum hellinum. Hann tengdist miklu stærri föllnum helli til austurs sem kann að vera Nautahellir sem getið er í Jarteinabók Þorláks helga biskups. Suðaustan við hann er svo annar gríðarstór, fallinn hellir og var könnunarskurður á svæði 3 grafinn í munna hans. Mynda allir þessir hellar stóra samstæðu manngerðra hella. Svo virðist sem að stóru hellarnir tveir hafi verið samtengdir og að annað op eða hliðarhellir, sambærilegur við hellinn á svæði 1, hafi verið inn í meintan Nautahelli. Í næsta nágrenni við þessi mannvirki eru ummerki um enn fleiri hellaop og virðist sem að gríðarstórt hellakerfi hafi verið hér mjög snemma en enn er mörgum spurningum ósvarað um raunverulegt umfang hellanna og notkunarsögu þeirra. Í könnunarskurði á svæði 3 var komið niður á hrunda byggingu frá því nokkru fyrir 1500 en hún er talsvert yngri en minjarnar í skurði 1. Í jarðsjármælingum sem gerðar voru framan og suðaustan við skurðinn voru vísbendingar um vegg í mannvirki sem kann að tilheyra sama mannvirki og kom í ljós í skurðinum. Jarðsjármælingarnar virðast þó einnig sýna fleiri byggingarfasa á þessu svæði og virðist um flóknari minjar að ræða en eru á svæði 1.

Fyrstu athuganir með kjarnaborun voru gerðar sumarið 2020 og reyndust þær mjög gagnlegar við að kanna afstöðu jarðlaga í Odda en þar er mikil jarðvegsuppsöfnun og því

talsvert djúpt niður á elstu minjar um búsetu og athafnir á svæðinu. Borkjarnar voru m.a. teknir framan við helli í Gammabrekku og þar komu í ljós torfhleðslur á miklu dýpi sem eru sambærilegar torfinu í byggingunni framan við helli á svæði 1 og eru að öllum líkindum frá sama eða svipuðum tíma.

Enn á eftir að kanna aldur fjölmargra hella á rannsóknarsvæðinu í Odda en fyrstu vísbendingar eru í þá átt að hellagerð hafi hafist fljótlega eftir að búseta hefst á jörðinni og verið mjög útbreidd. Þá er margt sem bendir til þess að ending hellanna hafi ekki verið góð og að þeir hafi farið snemma úr notkun. Hellarnir í Odda voru engin smásmíði. Minnir stærð föllnu hellanna í Hellirsdölum á fjósin á biskupssetrinu í Görðum á Grænlandi en þar hafa verið grafin upp tvö gríðarstór fjós. Annað þeirra er yfir 60 m langt og hitt er yfir 40 m langt.[22] Enn á eftir að sýna fram á það með vissu að stóru föllnu hellanir í Hellirsdölum hafi verið fjós en það verður að teljast mjög líklegt. Stærð mannvirkjanna ein og sér er hins vegar góð vísbending um að í Odda hafi verið rekstur stórbýlis frá því snemma á öldum.

Næstu rannsóknarár í Odda munu skýra betur þá mynd af stórbýlinu Odda á Rangárvöllum sem niðurstöður fyrsta rannsóknarárs hafa dregið upp.

22 Nörlund, Poul 1930, 115.

## 10. Heimildir


Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir. 1991. *Manngerðir hellar á Íslandi.* Menningarsjóður, Reykjavík.

*Íslensk fornrit XVI. Biskupasögur II.* 2002. Ásdís Egilsdóttir gaf út. Jónas Kristjánsson (ritstj.). Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2010. *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla II*. FS466-06192. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir. 2017. *Oddarannsóknin. Áætlun um fornleifarannsóknir í Odda á Rangárvöllum 2018-2020*. FS659-17161. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Lilja Björk Pálsdóttir og Kristborg Þórsdóttir. 2018. *Oddarannsóknin. Forrannsókn á manngerðum hellum í Odda.* FS723-18151. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Lucas, Gavin (ritstj.). 2003. Archaeological field manual. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík

Nörlund, Poul. 1930. „Norse Ruins at Gardar. The Episcopal Seat in Medieval Greenland.“ *Meddelelser om Grønland*. Bindi LXXVI (bls. 1-170). Kommissionen fo Ledelsen af de geologiske og geografiske undersøgelser i Grønland, København.

Ómar Valur Jónasson. 2020. Jarðsjármælingar við Odda á Rangárvöllum. Óútgefin greinargerð unnin fyrir Oddarannsóknina.

Vigfús Guðmundsson. 1931. *Saga Oddastaðar*. Höfundur gaf út, Reykjavík.


**Stafræn gögn:**


Sketchfab síða Fornleifastofnunar Íslands: https://sketchfab.com/3d-models/oddi-sketchfab-34f09ef64bdb4fdb8f95a254e157e7e1 Sótt þann 10. febrúar 2021.

Þrívíddarlíkan af túni Odda eftir Garðar Guðmundsson: https://sketchfab.com/3d-models/oddi-05052019-02-489fc2f3500143e480c5dcb3b0c19fa2 Sótt þann 10. febrúar 2021.

Þrívíddarlíkan af Hellirsdölum í Odda eftir Garðar Guðmundsson: https://sketchfab.com/3d-models/oddi-01-8891e55b98d24f3ea337a526909381a4 Sótt þann 10. febrúar 2021.

Myndband af þrívíddarlíkani af hellinum í Odda eftir Punktaský: https://www.youtube.com/watch?v=wxbexnxh4Dc Sótt þann 10. febrúar 2021.

## 11. Myndaskrá

**Mynd 1.** *Staðsetning rannsóknarsvæðisins í Odda sýnt á Íslandskorti frá Landmælingum Íslands.*

**Mynd 2.** *Kort sem sýnir rannsóknarsvæðið í Odda. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Íslandskort: LMÍ.*

**Mynd 3.** *Horft til norðausturs yfir heimatún Oddahverfis. Fremst á myndinni eru hús sem tilheyra Langekru, lengst til vinstri eru útihús í Vindási og Oddakirkja er auðþekkt norðan við Langekru.*

**Mynd 4.** *Mynd tekin með flygildi af hluta minjasvæðisins við Kamphól. Þar eru bæði minjar um hjáleiguna Kampastaði og fornlegar minjar um meint sel Oddastaðar. Myndina tók Garðar Guðmundsson.*

**Mynd 5.** *Fornar götur RA-661:044 sem liggja frá Rangá eystri í átt að Odda.*

**Mynd 6.** *Kort sem sýnir staðsetningu og afstöðu uppgraftarsvæðanna 2020. Hæðarlínur hafa verið lagðar ofan á samsettar loftmyndir sem teknar voru með flygildi og draga þær fram ummerkin um föllnu og lokuðu hellana í Hellirsdölum. Myndirnar tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir og um myndvinnslu sá Garðar Guðmundsson.*

**Mynd 7.** *Rannsóknarsvæðið stækkað til suðurs með aðstoð vélgröfu.*

**Mynd 8.** *Uppgraftarsvæði 1 er í forgrunni á þessari mynd sem tekin var með flygildi við lok uppgraftar. Fjær má sjá könnunarskurð á svæði 3.*

**Mynd 9.** *Svæði 1 opnað með því að fjarlægja dúk og timburgrind sem lokuðu því.*

**Mynd 10.** *Svona var umhorfs í skurði á svæði 1 við upphaf rannsókna 2020. Frá uppgraftarlokum 2018 hafði mikið af jarðvegi hrunið úr skurðbökkum og lokað aftur fyrir hellismunnann.*

**Mynd 11.** *Gríðarmikið magn af sandi var ofan á byggingunni framan við hellinn á svæði 1. Hér sést Lilja Björk Pálsdóttir með skóflu í hönd þegar búið er að afhjúpa innsta og austasta hluta byggingarinnar. Hægra megin við hana sést glitta í hellismunnann.*

**Mynd 12.** *Flatarteikning af uppgraftarsvæði 1 og innfelld mynd sem sýnir staðsetningu rannsóknarsvæða og afstöðu milli þeirra. Skurður á svæði 2 var gerður við forrannsókn árið 2018.*

**Mynd 13.** *Mikið magn af sandi var í byggingunni framan við hellinn og fyllti m.a. op inn í lítið rými framan við hellismunna. Horft til norðurs inn að munnanum.*

**Mynd 14.** *Hér er horft inn að hellismunna til norðurs eftir að sandur hefur verið fjarlægður*

*úr byggingunni framan við hann. Enn á eftir að grafa burt þykkan bunka af hrunlögum í inngangi inn í lítið rými framan við hellismunnann og innan þess. Undir hrunlögunum er nokkuð þykkt sandlag niður við efstu gólflög í byggingunni.*

**Mynd 15.** *Horft til vesturs eftir byggingunni framan við hellismunnann eftir að megnið af sandinum sem var inni í henni og ofan á henni hafði verið fjarlægður.*

**Mynd 16.** *Teikning af norðursniði á uppgraftarsvæði 1.*

**Mynd 17.** *Könnunarskurður á svæði 3 er í forgrunni á myndinni sem tekin er með flygildi. Fjær er svæði 1.*

**Mynd 18.** *Torfhrun og grjót komið í ljós í könnunarskurði á svæði 3. Þykkt lag svartrar gjósku úr Kötlugosi frá 1500 sést vel yfir mannvistinni. Horft til norðvesturs.*

**Mynd 19.** *Mynd af norðaustursniði í skurði á svæði 3 með skýringum. Neðst á myndinni er torfhrun í botni skurðarins.*

**Mynd 20.** *Brot úr þakhellum í torfhruni í skurði á svæði 3. Horft til suðvesturs.*

**Mynd 21.** *Löm <005> sem fannst í skurði á svæði 3.*

**Mynd 22.** *Brýni <11> sem fannst á svæði 1.*

**Mynd 23.** *Skreyttur gripur (?) <9> sem fannst í hrunlagi framan við hellismunna á svæði 1. Myndin var tekin skömmu eftir að gripurinn fannst.*

**Mynd 24.** *Teiknað hefur verið með hvítum lit ofan í upphleypt munstur á meintum grip <9>.*

**Mynd 25.** *Frágangur á svæði 1 við lok uppgraftar í ágúst 2020.*

**Mynd 26.** *Í nóvember 2020 var frágangur lagfærður á svæði 1.*

**Mynd 27.** *Yfirborðslíkan af minjasvæðinu við Kamphól.*

**Mynd 28.** *Kort sem sýnir þá staði þar sem kjarnaborun var gerð í túninu í Odda 2020. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

**Mynd 29.** *Kort sem sýnir staðsetningu borkjarna í þúst RA-311:082 og grófa dreifingu mannvistarleifa sem fundust í þeim (rauðgult svæði). Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

**Mynd 30.** *Kort sem sýnir staðsetningu borkjarna framan við helli RA-311:069. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

**Mynd 31.** *Ómar Valur Jónasson og Kristborg Þórsdóttir undirbúa jarðsjármælingar í Odda.*

**Mynd 32.** *Kort sem sýnir hvar jarðsjármælingar voru gerðar í túninu í Odda. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

**Mynd 33.** *Kort sem sýnir ummerki um hella í Hellirsdölum, loftmynd af uppgraftarsvæði 1 og staðsetningu jarðsjármælinga á svæðum J-1, J-2 og J-3. Staðsetning líklegra opa á milli hella og inn í norðvestari hellinn er auðkennd með rauðum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

**Mynd 34.** *Kort sem sýnir jarðsjármælingar á svæðum J-1, J-2 og J-3. Eru þær mælingar sýndar sem gefa sterkustu vísbendinguna um holrými (hella) á 4-4,5 m dýpi (dökkblár litur). Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

**Mynd 35.** *Kort sem sýnir staðsetningu hella RA-311:071 og jarðsjármælingu á um 3 m dýpi. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

**Mynd 36.** *Kort sem sýnir niðurstöðu jarðsjármælingar á um 2 m dýpi á svæði J-5 þar sem heimildir eru um að fjós og seinna kálgarður hafi staðið. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

**Mynd 37.** *Kort sem sýnir niðurstöðu jarðsjármælingar á um 4 m dýpi á svæði J-5 þar sem heimildir eru um að fjós og seinna kálgarður hafi staðið. Á því dýpi er greinilega eldra mannvirki en það sem sést á mælingu á 2 m dýpi og hefur aðra lögun. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

**Mynd 38.** *Kort sem sýnir niðurstöðu jarðsjármælingar á 1,4 m dýpi á svæði J-6 þar sem virðist vera veggur eða garður suðaustast á mælda svæðinu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

**Mynd 39.** *Kort sem sýnir niðurstöðu jarðsjármælingar á 1,9 m dýpi á svæði J-6 þar sem virðist vera skýrt afmarkað, ferkantað mannvirki innan við meintan vegg sem sést á mynd 38 hér fyrir ofan. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

**Mynd 40.** *Skjáskot af þrívíddarlíkani sem sýnir torfbyggingu framan við helli.*

**Mynd 41.** *Skjáskot af þrívíddarlíkani sem sýnir inn í hellinn.*

**Mynd 42.** *Þversnið af helli og byggingu framan við hann úr þrívíddarlíkani Punktaskýs.*

**Mynd 43.** *Horft til NNV yfir tún Oddahverfis. Mikill fjöldi manngerðra hella er í hæðarhryggnum frá Odda að Langekru.*

# FORNLEIFASKRÁNING Í ODDA
## VIÐBÆTUR OG ENDURSKOÐUN
### VIÐAUKI I




**KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR**
(ritstjóri)

Höfundar efnis: Ágústa Edwald, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir



**Reykjavík 2021**

**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES**

*Á forsíðumyndinni sjást minjar um býlið Kampastaði og meint sel frá Odda RA-311:029. Ljósmyndina tók Garðar Guðmundsson.*

©Fornleifastofnun Íslands 2021
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefsíða: www.fornleif.is

# Efnisyfirlit


Samantekt....5

Summary....5

1. Inngangur....7

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf....9

3. Aðferðir....11

4. Fornleifaskrá....13

RA-311 Oddi....13

RA-312 Kumbli....71

RA-313 Vindás....72

RA-314 Strympa....75

RA-315 For....76

RA-316 Langekra....77

RA-317 Kragi....84

RA-661 Fornl. á fl. en 1 jörð - leiðir sem liggja um Oddaland....89

5. Niðurstöður....100

Manngerðir hellar....103

Selminjar....107

Forn garður....108

Samgönguminjar....108

Samantekt....110

6. Heimildaskrá....111

Viðauki I - Hnitaskrá ISN93 úr skráningu frá 2020....114

Viðauki II - Hnitaskrá ISN93 úr skráningu frá 2009....116

Viðauki III - Minjakort....118

## Samantekt

Vorið 2020 hlaut hin fjölfaglega Oddarannsókn styrk úr sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda. Hófst vinna við fornleifahluta rannsóknarinnar snemmsumars sama ár með uppmælingu allra sýnilegra minja í heimatúni Oddahverfis og út við Kamphól þar sem Þverá og Ytri-Rangá sameinast. Auk uppmælinga á þekktum minjum var fjöldi nýrra minja skráður á þessum svæðum en einnig austur af heimatúninu og sunnan við það. Skráning var endurskoðuð á 23 minjastöðum og 35 nýir minjastaðir skráðir. Alls var skráð 61 ný fornleif á rannsóknarsvæðinu.

Fornleifarannsóknir í Odda hafa varpað nýju ljósi á manngerða hella sem hafa hrunið eða lokast og týnst. Var sú þekking nýtt við skráninguna og reyndust manngerðir hellar langstærsti minjaflokkurinn af nýskráðum minjum. Meðal annars voru skráðir tveir hellar í Gammabrekku. Í Kamphóli fundust einnig ummerki um manngerðan helli auk fornlegra minja um mögulegt sel frá Oddastað en á sama svæði eru einnig minjar um hjáleiguna Kampastaði. Þéttriðið net fornra ferðaleiða er í heimalandi Odda og hófst vinna við kortlagningu þeirra í sumar.

Niðurstöður fornleifaskráningarinnar eru stórmerkilegar og sýna að notkun og dreifing manngerðra hella í Odda var mun meiri en áður hefur verið talið. Fundur þeirra mannvirkja sem að líkindum tengjast seljabúskap í Odda frá elstu tíð var einnig gríðarlega mikilvægur fyrir áframhaldandi fornleifarannsóknir en rannsóknir á þeim munu geta gefið mikilvægar upplýsingar um efnahagslegar undirstöður miðstöðvarinnar í Odda og breytingar á þeim.

*Efnisorð: Oddarannsóknin, Oddi á Rangárvöllum, Ritmenning íslenskra miðalda, manngerðir hellar, seljabúskapur, fornleifaskráning, höfðingjasetur, fornar leiðir*

## Summary

In the spring of 2020 the Oddi project (Oddarannsóknin) received a grant from the Literary Culture in Medieval Iceland Fund (Ritmenning íslenskra miðalda). One of the components of this multi-disciplinary project includes archaeological research dealing with the economic infrastructure of Oddi, a regional power center in South Iceland and seat of one of the leading aristocratic families in the Commonwealth period, later a major ecclesiestical centre.

In this report the findings from a survey carried out in parts of the Oddi estate are presented. The work is based on a general survey carried out in the year 2009 for the local municipality. All visible archaeological remains were measured with a Trimble Geoexplorer 6000. In addition to sites surveyed in 2009, numerous previously unknown remains were recorded in 2020.

The most common structures were artificial caves which appear to have been more widely used than had previously been thought. Most of these caves were within the homefield of Oddi but some were also discovered at a location next to an ancient ruin, thought to have

been a shieling. While Oddi was a center of power, culture/education and religion, it also has a central position in the landscape and a network of old routes lies within its estate. In 2020 the mapping of this network was begun.

*Keywords: Oddi project, Oddi in Rangárvellir, South Iceland, Literary Culture in Medieval Iceland, artificial caves, shieling, archaeological survey, high status farm, routes*

## 1. Inngangur

Oddarannsóknin er viðamikil, fjölfagleg rannsókn á vegum Oddafélagsins. Rannsóknin hófst árið 2020 og er styrkt af sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á ritmenningu í Odda á miðöldum með áherslu á tímabilið 1100-1300 og skiptist verkefnið upp í þrjá hluta; fornleifarannsóknir, rannsókn á umhverfi og mannvist og rannsóknir á sviði bókmennta og sagnfræði sem snúa að miðstöðinni Odda.

Hluti af markmiðum fornleifarannsókna í Oddarannsókninni fyrir sumarið 2020 var að mæla upp sýnilegar og þekktar minjar á völdum stöðum í heimalandi Odda. Umræddar minjar voru þær sem töldust hafa sérstakt gildi fyrir skilning á efnahagslegum undirstöðum miðstöðvarinnar í Odda. Áhersla var annars vegar lögð á minjar í heimatúni Odda og hjáleiganna í Oddahverfi og hins vegar á minjar um hjáleiguna Kampastaði við Kamphól þar sem sagnir eru um að selstaða jarðarinnar hafi verið. Samhliða því að mæla upp þekktar minjar var gengið um þessi svæði með skipulegum hætti í leit að áður óþekktum minjum og með því að rýna í loftmyndir og yfirborðslíkön af rannsóknarsvæðunum sem Fornleifastofnun hefur unnið í tengslum við rannsóknina.

Ekki er lengur stundaður búskapur í Odda en þar hefur presturinn í Odda aðsetur. Eina jörðin í Oddahverfi sem enn er í ábúð er Vindás og var hún undanskilin í fornleifarannsóknum




*Kort sem sýnir staðsetningu rannsóknarsvæðisins í Odda á Rangárvöllum. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Innfellt Íslandskort: Landmælingar Íslands.*

sumarsins 2020.

Árið 2009 vann Fornleifastofnun Íslands aðalskráningu fornminja fyrir Rangárþing ytra í landi Odda og gömlu hjáleiganna á heimajörðinni. Þá var skráður talsverður fjöldi minja á rannsóknarsvæðinu en um skráninguna sáu Kristborg Þórsdóttir, höfundur þessrar skýrslu, auk Ragnheiðar Glóar Gylfadóttur og Ágústu Edwald.[1] Kristborg vann alla vettvangsvinnu við uppmælingar og skráningu í Odda 2020 og sá um úrvinnslu, skýrsluskrif og kortagerð. Farið var á vettvang snemma í júní og í byrjun nóvember og athuganir gerðar á minjum í landi Odda og á svæði sem nú er í landi Oddhóls en tilheyrði áður óskiptum úthaga Odda.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með uppmælingum og ljósmyndum. Mikilvægt þótti að hafa upplýsingar um allar þekktar minjar innan rannsóknarsvæðis Oddarannsóknarinnar á einum stað og eru því bæði birtar endurskoðaðar og óendurskoðaðar upplýsingar úr eldri aðalskráningu sem og upplýsingar um nýskráðar minjar. Aftast í fornleifaskránni er fjallað um fornleifar sem ná yfir fleiri en eina jörð í Rangárvallahreppi og eru það í öllum tilvikum gamlar ferðaleiðir. Í stað þess að birta upplýsingar um allar leiðir sem skráðar hafa verið í hreppnum eru aðeins birtar upplýsingar um leiðir sem hafa verið skráðar og liggja í gegnum land Odda. Af þeim eru nokkrar nýskráðar leiðir en það er enn nokkur vinna eftir við að kortleggja allar leiðir sem legið hafa um Oddaland og við að greina breytingar á samgöngukerfinu í gegnum tíðina.

Þar sem eldri skráningu var ekki breytt er hún birt með grálituðu letri án myndefnis. Á stöku stað var tekið nýtt hnit í vörpuninni ISN93 án þess að aðrar breytingar væru gerðar og er það þá birt. Öll eldri hnit eru birt í viðauka aftast í skýrslu.

Á eftir fornleifaskrá fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni eru minjakort og hnitaskrá.

1 Kristborg Þórsdóttir (ritstj.) 2010.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

**a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
**b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
**c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
**d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
**e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

**f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
**g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
**h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
**i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

## 3. Aðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (NM, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif á hverjum minjastað bætist við eininganúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001 01). Í eldri skráningu Fornleifastofnunar voru allar fornleifar sem tilheyra minjastað skráðar undir eitt númer en síðastliðin ár hefur þróunin verið í þá átt að skrá hverja staka fornleif undir sérstöku númeri og fá þær þannig meira vægi og ítarlegri umfjöllun. Þar sem eldri skráning var endurskoðuð í Odda hefur því hverri fornleif verið gefið sitt sérstaka númer sem þó tengir hana enn við minjastaðinn sem hún tilheyrir.




*Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornleifar í skýrslum Fornleifastofnunar.*

Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð.

Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Allar uppmælingar voru gerðar með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra. Í aðalskráningunni sem gerð var 2009 var notast við lítil GPS tæki til þess að taka staðsetningarpunkta og var skekkjan á þeim mælingum víðast 3-5 m. Eldri hnitin eru í vörpuninni WGS84 og eru ekki birt í fornleifaskránni.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

## 4. Fornleifaskrá

# RA-311 Oddi

### Búsetusaga

80 hdr. að fornu. Jarðardýrleiki óviss 1711, kirkjustaður. JÁM I, 260. **c. 1075:** Jarðarinnar getið. Bsk I, Jóns saga A, 157; Jóns saga B, 229-230. Sæmundr auðgaði staðinn með stórum tillögum ok miklum ríkdómi, ok smíðaði þar kirkju mikla, ok lét vígja hinum heilaga Nicholao erkibiskupi. Þorlákssaga yngri, Bsk I, 320. **1133:** Sæmundur deyr, Eyjólfr prestur, sonur hans tekur við. **1158:** Eyjólfr deyr. **c. 1200:** Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups. DI XII, 7. [**1270**]: Máldagi kirkjunnar. "Nichulas kyrkia j odda. a heima land allt froda hollt tuav. Bergvad. langagerdi. fiosa land. selsland. stadnvm skolv fylgia xxx" DI II, 86-88. **24.7.1273:** Erkibyskup dæmir Oddastað undir Skálholtsbyskup; DI II, 95-98; Árna saga byskups [**1332**]: Máldagi kirkjunnar. "Nicholaskirkia j Odda a heima land allt. frodahollt. ij. langagerdi. yzta gardzvika haalfvann oxahrugg. pula heidi." DI II, 691-692. 1334: Ø sira Benedict af Odda. Annálsbrot frá Skálholti, IA 220. Gefinn Odda staðr Sira Arngrimi. Skálholtsannáll, IA 207. gefin Odda stadr sira Arngrimi Gottskálksannáll, IA 349. [**1367**]: Máldagi kirkjunnar. "xl. Nikulasskirkia j odda a heimaland alltt. frodhollt tuo.les Vilchinsbok þuij þetta ber alltt samann vm eign og jtok. oc vmm xijc fioru er liggr fyrir grijstodum og viijc fioru er liggur fyrir Bergþorshuole." DI III, 218-219. aq **1385:** "aa heimaland allt. frodholft tvo. OxaRygg. Langagerdi. yrstan gardsuika halfuan. helluvad. Mulaland. [180 ásauðar, 25 kýr, 7 hdr í hrossum, 9 hdr í metfé, 9 merkur vax] ... kirkiann a [skóga, fjörur, jarðar part með neðri Strönd, afrétt]." DI IV, 70-76. **1411:** Odda mal. var stadurinn j Odda dæmdur burt. af sera Vigfusi vndir nad herra Ions byskups oc allt hans goz af xii prestum. Lögmannsannáll, IA 290. **1453:** Marcellus Skálholtbp veitir Ólafi Rögnvaldssyni Oddastað sem Áslákur Bolt hafði veit Jóni Sigmundssyni en hann sleppir tilkalli vegna þess að han nær ekki staðnum með góðu. DI V, 102-103. [**um 1480**]: Máldagi kirkjunnar. DI VI, 323-327. **1488:** Máldagi kirkjunnar. DI VI, 628-631. **1495:** Dómur um ágreining milli sr. Þorvarðs Ívarssonar vegna Oddakirkju og erfingja sr. Halldórs Jónssonar og var jörðin Kotvöllur sæmd kirkjunni í Odda til ævinlegrar eignar. DI VII, 269-70. **1553:** Máldagi kirkjunnar. DI XII, 652-653. **1575:** Máldagi kirkjunnar DI XV, 664-665.

"Oddi er landnámsjörð. Þorgeir Ásgrímsson landnámsmaður þar keypti Oddalönd af Hrafni Hængssyni lögsögumanni á Hofi, og niðjar hans er bjuggu í Odda og kölluðust Oddaverjar átti síðan jörðina. Einhver hinna fyrstu kristnu Oddaverja gaf kirkjunni í Odda alla jörðina, en þar sem þeir voru eftir sem áður eigendur kirkjunnar, fóru þeir áfram með jörðina sem eign sína. ... Sæmundur Jónsson í Odda sonarsonur Lofts Sæmundssonar, átti engin börn skilgetin, en synir hans Haraldur í Odda og Björn í Gunnarsholti erfðu Odda eftir hans. Sonur Loðmundar Sæmundarsonar hét Jón en hans son Eyjólfur. Dóttir Eyjólfs hét Álfheiður og fyrir hennar hönd gerði Sturla Sighvatsson kröfu til hálfs Odda sumarið 1238 ... Eftir Harald Sæmundsson erfði Sæmundur sonur hans hálfan Odda. Af honum og Birni í Gunnarsholti keypti Steinvör

Sighvatsdóttir á Keldum jörðina. Áður en hún dó seldi hún Sighvati syni sínum helming jarðarinnar, en hinn hlutann erfðu synir hennar Sighvatur, Loftur og Sturla ... Árið 1270 hóf Árni Þorláksson Skálholtsbiskup að vinna þá staði undir vald sitt er kirkjan átti en leikmenn höfðu ráðið yfir ... Oddi var dæmdur á vald biskups 24. júlí 1273. Þegar Eiríkur presthatari Noregskonungur sendi út bréf árið 1283 er buðu leikmönnum að taka staðinn aftur á sitt vald, tók Loftur Hálfdánarson Odda. Hafði hann þar forræði til 1290 er hann varð að gefa staðinn aftur á vald biskups." VS: Rangvellingabók, 310.

Sjö hjáleigur árið 1709, Oddahóll, Kumli, Kragi (í eyði), Langekra, Jónshjáleiga (Tröð), Dvergasteinn og Vindás. Einnig eru sagnir af tveimur eyðibýlum nálægt Oddalandi sem heita Núningar og Kampastaðir. JÁM I, 260-264. Um 1629 er getið um Oddahjáleigu en ekki er víst við hvaða bæ þar er átt. Á 18. öld voru hjáleigurnar Bakrangur og For byggðar um 1800 kom Strympa í stað Bakrangs. Sólvellir voru byggðir 1930.

**1709:** "Allan hálfan afrjett í Miðmörk, hvar nú er ljeður til brúkunar af staðarins landsetum. Skógarítak eitt í Næfurholtslandi, kallað Oddagljúfur, er brúkandi til eldíngar, valla kolagjörðar. Annað skógarítak á Brúarfellshálsi í Hreppum. Rekaítök tvö, eitt fyrir Berþórshvolslandi, annað fyrir Grímstaða (Ytra Hóls) landi í Ytri Landeyjum, gagnleg þegar til vill. ... Silúngsveiði er að sönnu í Rángá Eystri fyrir landi staðarins, þó er hún ekki brúkuð ..." JÁM I, 260.

**1839:** "Jarðir Oddakirkju eru þessar: Hjáleigurnar í kringum Odda, Bakkabæir, Helluvað, Syðriströnd í þessari sókn; Kotvöllur í Breiðabólstaðarsókn; Langagerði, Garðsauki ásamt Garðsaukahjáleigu í Stórólfshvolssókn; Bergþóruhvoll og Káragerði í Krosssókn í Landeyjum, Efrihamar hálfir í Kálfholtssókn; Pula í Marteinstungusókn; Svínhagi í Keldnasókn. Ítök eru þessi: reki fyrir Bergþóruhvolslandi og fyrir Grímstaðalandi; skógur á 4rum stöðum í Engidal í Þórsmörk (þar er nú enginn skógur), í Búrfellshálsi fyrir utan Þjórsá (hefur lengi ekki verið yrktur héðan, ef nokkur er nú), fram hjá Sandatungu sem enginn veit hvar er, í Oddagljúfri í Næfurholtslandi (að mestu gjöreyddur); geldingafjárrekstur í Norðurkinn (sem enginn veit, hvar er); hálfur afréttur í Miðjamörk (ekki fullvíst, hvað mikill partur þar er af Þórsmörk)." SSR, 139.

**1847:** "Silungsveiði í Þverá launar vart ómakið. Skóglendi þau, sem máldagarnir eigna staðnum, koma eigi að notum; hann á og afrétt saman við aðrar jarðir á Rangárvöllum og "hálfan afrétt á Miðju-Mörk", sem leigist fyrir 40 álnir árlega. Fjörur á staðurinn 2, aðra fyrir Grímstaða land, tólf hundrið faðma tólfræð, og hina fyrir Bergþórshvols land, átta hundrið faðma tólfræð að leingd." JJ, 51 "Oddaland er að verulegu leyti mýri með valllendisrimum. Meðfram Þverá eru þurrir bakkar." SB V, 39.

## Landkostir og staðhættir

**1711:** "Engjum spillir Rangá með grjóti og aur, so nú þykja þær hálfu gagnminni en þegar menn fyrst til vissu. Engjavegur er bágur og yfir Rángá eystri að sækja. Högum grandar sandur. Beitarland er lítil og þykir ekki meir í það setjandi en hálfpartur af þeim kvikfjenaði,

sem heyskapur allarrar jarðarinnar fosorgast.” JÁM I, 260.

**1719** (Lýsing Bjarna Hallgrímssonar prófasts í Oddaskjalabók)**:** “Staðurinn hefir fyrrum gefið af sér heyskap mikin og góðan. En nú gengur mjög sandur á suma staði á túnið, og á einum stað lemur árlega úr vellinum. Engjar mjög upphrjóstraðar og bágbornar, einkum þær er Oddaeyrar nefnast.” Vigfús Guðmundsson: Saga Oddastaðar, 172.

**1847:** “Odda-staðar tún eru slétt en snögglend, og fást af þeim í meðalári 240 hestar. Eingjar á staðurinn á tveim stöðum, Oddaflóð og Odda-Eyrar, sem bæði eru stórar, störvaxnar að mestu og grasgefnar, en liggja undir áföllum af Þverá og Rángánum. Eingjar þessar eru mjög votlendar, og eingja vegur lángur, og verður að fara útí Odda-Eyrar, yfir Þverá, en þar fást í meðalári 1080 hestar. Oddaflóð gefa af sér í meðal ári 960 hesta en þau eru, að austanverðu slegin af kotamönnum.” JJ, 51.

**1850** (Lýsing séra Markúsar Jónssonar á landkostum Odda)**:** “Á Oddastaðar heimajörð eru túnin öll slétt að kalla má, en heldur eru þau snögglend og harðlend, grasið sem þau af sér gefa er blandað miklu laufi og súrum, og þess vegna heldur kraftlítið hey til mjólkur, auk þess vill brenna af túninu þegar þurrkar ganga, því það er því nær allt saman hálendishólar. - Útslægjur eru í svokölluðum Oddaeyrum og í svonefndum Oddaflóðum. Eyrarnar eru stór hólmi útí Þverá með tveim litlum hólmum hjá, eru þeir alltaf heldur að eyðast af ánni sem smábrýtur utan úr þeim, og af sandfoki sem árlega etur grasrót úr norðurbakka stóra hólmans. ... Í Oddaflóðum hef ég einnig heyjað og eru sömu vandkvæði á þeim heyskap sem þar fæst að hvert strá verður upp að draga. ... Hagar sem þessari jörðu fylgja eru sameiginlegir með hinum hverfisjörðunum, og má fullyrða að þeir séu sáralitlir að víðáttu handa svo mörgum, einkanlega sá hluti þeirra hvar staðarhaldararnir hafa haft fjárhús sín, hvar af leiðir að þeir hafa þóknast bóndanum í Lambhaga fyrir misgöngu.” VS: Rangvellingabók, 313-314. Úttektabók **1882:** “Oddi með hjáleigum er talsvert spilltur að högum af sandfoki og engjarnar sömuleiðis af landbroti og sandburði úr Þverá, svo óhætt mun að fullyrða að þær gefi nú ekki af sér meira en helmings heyfall við það er þær gáfu af sér öndverðlega á þessari öld.” VS: Rangvellingabók, 314.

Túnakort **1917:** Tún 9,9 ha, þar af 8 ha slétt, garðar 1984 m².

Fasteignamat **1940:** “Tún: Gott, 1/2 vélfært. Engjar: Flæðiengi hefur horfið fyrir það að Þverá hefur grafið sig niður, og vatnsborð því lægra en áður. Bakkar með Þverá og hólmar í henni fremur grasgefnir, 1/3 vélfærar, hitt greiðfært. Þurrlendar. beitilandið. Mýrlendi með valllendisrimum. Góð sumarbeit. Vetrarbeit lítil. Ókostir. Nokkur hætta af flóðum.” VS: Rangvellingabók, 313-314.

“Þrátt fyrir afbýlin öll hefir Oddi verið, fyr og síðar, langmesta slægjujörð á Rangárvöllum. En haglendið minna að tiltölu og vetrarbeit fremur lítil og stopul á síðari öldum, því flatlent er þar og skjólfátt. Heimatúnið gefur 200-300 töðuhesta. Slétt er það að miklu og flatlent austur og suður frá bænum, en er líka á öldu mikilli, sem liggur suður um túnið vestanvert.” VG: Saga Oddastaðar, 170.

**RA-311:001** *Oddi* bæjarhóll bústaður 431600 364401

Samkvæmt túnakorti 1917 stóð bærinn í Odda um 20 m norðaustan við kirkju 002. Þá var að líkindum stórt timburhús í Odda sem nú hefur verið rifið. Núverandi íbúðarhús og prestsbústaður er um 5 m austan við gamla húsið. Á undan timburhúsinu var burstabær í Odda á sama stað. Bærinn stóð suðvestan undir Gammabrekku 026. Bæjarstæði Odda var fyrst skráð 2009 en skráningin endurskoðuð 2020 í tengslum við Oddarannsóknina.

Bærinn var þar sem nú er garðflöt vestan við núverandi íbúðarhús. Nokkur trjágróður er í garðinum.




*Bæjarstæði Odda og næsta nágrenni. Túnakort frá 1917 hafa verið rétt upp og lögð ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.* ***1.*** *Áætlað umfang bæjarstæðis Odda 001. Til suðurs nær það að gömlum mörkum kirkjugarðsins og sjá má að grafir hafa verið teknar innan bæjarstæðis í norðvesturhorni kirkjugarðsins.* ***2.*** *Timburbær byggður árið 1890.* ***3.*** *Oddakirkja 002, byggð árið 1924.* ***4.*** *Ummerki um lokaða hella 071.* ***5.*** *Hjáleigan Strympa RA-314:001.* ***6.*** *Vesturtraðir 040.* ***7.*** *Hellir 069 í Gammabrekku 026.* ***8.*** *Oddatraðir 014.* ***9.*** *Brunnur 005.* ***10.*** *Tún Kumla RA-312.* ***11.*** *Útihús 006, mögulega smiðja.* ***12.*** *Kálgarður 036.* ***13.*** *Fjós 031 á bæjarstæði hjáleigunnar Forar RA-315:001.*

Ekki sést eiginlegur bæjarhóll á Odda enda hefur mikið rask átt sér stað á þessum slóðum og óvíst að bærinn hafi alltaf staðið á sama stað. Þar sem timburhúsið stóð er nú slétt grasflöt og er dálítill kantur á henni til austurs sem kann að afmarka grunn hússins eða vera leifar af bæjarhól. Meðfram flötinni til norðurs og vesturs er jarðvegskragi sem kann að vera að hluta leifar af görðum umhverfis húsið eða myndast þegar húsið var rifið. Til suðurs er timburgirðing sem afmarkar núverandi kirkjugarð og sunnan við hana er kantur sem að líkindum er leifar eldri

kirkjugarðs. Flötin sem er afmörkuð af ofangreindu er um 13x17 m að stærð og snýr NNA-SSV. Kanturinn til austurs er um 0,4 m á hæð þar sem hæstur og kraginn er 2,5 m á hæð þar sem hann er hæstur til norðurs. Ætla má að bæjarstæði Odda hafi náð yfir mun stærra svæði, jafnvel vestur fyrir kirkjuna og langleiðina að bæjarhóli Strympu RA-314:001. Í sögu Oddastaðar eftir Vigfús Guðmundsson er uppdráttur af bæjarhúsum í Odda sem byggir á úttekt frá 1697. Gróflega áætlað var framhlið bæjarins 35-40 m löng (ef gert er ráð fyrir því að stafgólf hafi verið 1,6 m að lengd). Hefur bærinn þá líklega verið með stærsta móti og óvíst að hafi verið svo stór hvorki fyrr né síðar. Ingimar Ísleifsson, heimildamaður, greindi frá því að þegar hann tók grafir í norðvestasta hluta kirkjugarðsins, út fyrir gömlu mörk garðsins, hafi hann komið niður á hleðslur. Ætla má að þær séu úr mannvirkjum sem hafi tilheyrt bænum á einhverju tímaskeiði. Ekki liggur fyrir á hvaða dýpt þessar hleðslur komu upp en grafir í kirkjugörðum eru líklega 1,6-1,8 m á dýpt. Gera má ráð fyrir að bæjarstæði Odda hafi náð yfir svæði sem er 50x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917; VG: Saga Oddastaðar, 182

**RA-311:002** kirkjugarður legstaður 431582 364374
Kirkjan í Odda er um 20 m suðvestan við bæ 001. Kirkjugarður er umhverfis kirkjuna og hefur hann verið stækkaður lítillega til norðvesturs en aðallega til suðurs. Ingimar Ísleifsson, heimildamaður, greindi frá því að þegar hann hefur tekið grafir í norðvesturhorni garðsins hafi komið upp hleðslur þar og má gera ráð fyrir því að það séu hleðslur úr mannvirkjum á gamla bæjarstæðinu.
Kirkjan stendur á suðurjaðri hæðar þeirrar er bærinn og flest bæjarhúsin stóðu á. Vestan við hana er allbrött brekka sem er innan kirkjugarðsgirðingar og nokkuð bratt er niður af mörkum gamla kirkjugarðsins til suðurs. Nýlegt aðstöðuhús er við austurenda kirkjugarðs og nýlegt grindverk afmarkar núverandi kirkjugarð.
c. 1075: Eptir þetta fóru þeir út higat til Íslands Jón ok Sæmundr, ok settust í bú, hvárr á sína föðurleifð, Jón á Breiðabólsstað, en Sæmundr í Odda, ok bjöggu Jón á Breiðabólsstað í Fljótshlíð, en Sæmundr í Odda; bjuggu þeir þar mjök lengi ... Þeir prýddu báðir mjök heilagar kirkjur, þær er þeir höfðu að varðveita, í mörgum lutum, ok þjónuðu þeim lítilátliga í sínum prestsskap ok æxtu mikit rétt þeirra í kennimanna vistum, þeirra er þjóna skyldu at hvárri kirkjunni fleiri en áðr höfðu verit ...; Jóns saga A, Bsk I, 157 sjá einnig Jóns sögu B Bsk I, 229-230.
Sæmundr auðgaði staðinn með stórum tillögum ok miklum ríkdómi, ok smíðaði þar kirkju mikla, ok lét vígja hinum heilaga Nicholao erkibiskupi; Þorlákssaga yngri, Bsk I, 320.
1133: Sæmundur deyr, Eyjólfr prestur, sonur hans tekur við
1158: Eyjólfr deyr
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7
[1270]: Odda maldagi. Nichulas kyrkia j odda. A heima land allt froda hollt tuav. Bergvad. Langagerdi. Fiosa land. Selsland. Stadnvm skolv fylgia xxx. Kva. Ok halft annat. Hundrat.

Asaudar. Hestar xij.[...]; Máld DI II 86-88
24.7.1273: Erkibyskup dæmir Oddastað undir Skálholtsbyskup; DI II 95-98; Árna saga byskups
[1332]: Odde. Gamall mäldagi.
Nicholaskirkia j Odda a heima land allt. Frodahollt. Ij. Langagerdi. Yzta gardzvika haalfvann oxahrugg. Pula heidi. [...]; Máld DI II 691-692
1334: Ø sira Benedict af Odda; Annálsbrot frá Skálholti; IA 220
Gefinn Odda staðr Sira Arngrimi; Skálholtsannáll, IA 207
gefin Odda stadr sira Arngrimi; Gottskálksannáll, IA 349
[1367]: xl. Nikulasskirkia j odda a heimaland alltt. Frodholltt tuo.
Les Vilchinsbok þuij þetta ber alltt samann vm eign og jtok.
Oc vmm xijc fioru er liggr fyrir grijstodum og viijc fioru er liggur fyrir Bergþorshuole; Hítardalsbók DI III 218-219
aq 1385: aa heimaland allt. Frodholft tvo. OxaRygg. Langagerdi. Yrstan gardsuika halfuan. Helluvad. Mulaland. [...].
pq 1381: Porcio ecclesie slik sem fallid hefiR i mortuaria Þau sem gefuizt haufdu til kirkiunnaR sidan herra Ottgeir godrar minningar liet Reikna næst. Fiell nidur oll porcio firir Þa hlute sem Sira Ole hafdi lagt til kirkiunnaR. Enn kirkiann vard hinum skylldug .xxx. Hundrada.
25.10.1385: Anno domini M. Ccc. Lxxx. V. Jn festo sanctorum Crispini et Crispiniani lagdi siRa Ole til [tolf manada tidabækur per anni circulum]
1397: Jtem aa kirkiann i Odda yfer Þat framm sem forner maldagar votta.
Jordina a strund nedri. Og Þar til v. kyR oc xxx asaudar sem gaf sira Oli og Halla moder hans Jonsdotter. Med Þeim skilmala. Ad Þar skal syngiazt tuæR messur i hueRi uiku. Salumessa firir saal allra kristinna manna, aunnur de sancto Thoma. Adra hueria uiku. Enn de sancta Katherina adra hueRia og lukazt prestinum aarliga Þeim sem uppi helldur messosaunginum. Fiorar merkur epter skipan biskups i Scalhollte. Jtem half iaurd i Gardsuika er gaf Kolbeinn Petursson. Xij. æR og .ij. Kyr. Med Þeim skilmala ad Þar skal syngiazt .xxx. Salumessna i Odda aarliga firir hans saal oc allra annara kristinna manna. Luka .x. Aura prestinum i sina Rentu frida.
Porcio ecclesie vmm .x. aaR næstu sidann heRa Michael visiteRadi .xx. Hvndrut; Máld DI IV 70-76 [síra Óli Svarthöfðason var prestur í Odda c.1367-1402]
1411: Odda mal. Var stadurinn j Odda dæmdur burt. Af sera Vigfusi vndir nad herra Ions byskups oc allt hans goz af xii prestum; Lögmannsannáll, IA 290
20.3.1453: Marcellus Skálholtbp veitir Ólafi Rögnvaldssyni Oddastað sem Áslákur Bolt hafði veit Jóni Sigmundssyni en hann sleppir tilkalli vegna þess að han nær ekki staðnum með góðu. DI V, 102-103
[um 1480]: [samhljóða Hít og Vilch niður að klausu um jarðarpart fyrir Neðri Strönd nema að sleppt er klausu um kvikfé]. Máld DI VI 323-327 [AM 263 fol, bl. 40-42; Þjsks A II, 1, bl. 123b sem fellir úr allt milli ‘j annara manna jarder.’ og ‘Jtem lxxx kugillda.’ Gísli Jónsson dó 1488]
8.7.1488: Máld DI VI 628-631 [AM 263 fol, bl. 28-29]
28.6.1495: Dómur um ágreining milli sr. Þorvarðs Ívarssonar vegna Oddakirkju og erfingja sr.

Halldórs Jónssonar og var jörðin Kotvöllur sæmd kirkjunni í Odda til ævinlegrar eignar. Sr. Halldór hafði í testamenti sínu ánafnað kirkjunni psaltara og áklæði og eru erfingjarnir dæmdir til að flytja þessa peninga heim til Odda. DI VII, 269-70. 1553: Máld DI XII 652-653
1575: Máld DI XV 664-665
1709: Beneficium og kirkjustaður; JÁM I: 259
27.2.1880: Keldna- og Stórólfshvolssóknir lagðar undir Odda; (PP, 63) [lög].
Núverandi kirkja í Odda var byggð árið 1924. Hún er bárujárnsklædd og stendur á steyptum grunni. Hún er um 14x5,5 m að stærð, snýr austur-vestur. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kirkjugarðurinn þá um 50x40 m að stærð og sneri austur-vestur. Nú er kirkjugarðurinn um 55x75 m að stærð og snýr norður-suður. Hann hefur verið aðallega verið stækkaður til suðurs og eru nýjustu grafirnar í þeim hluta garðsins. Leiði og legsteinar eru í kirkjugarðinum, þeir elstu sem eru læsilegir eru frá 18. öld. Elstu leiðin virðast vera næst kirkjunni. Ekki sjást veggir gamla kirkjugarðsins en hann hefur verið hlaðinn upp að hluta á norðurhlið, þar eru þrjú umför hleðslu. Þar er þó aðeins kantur sem hefur verið endurhlaðinn og kantur er víðar þar sem ætla má að gamli garðurinn hafi verið. Hæstu kantar eru á suðurhlið, um 3 m á hæð. Ekki er að sjá að kirkjugarðurinn hafi verið sléttaður og ekki er trjágróður í honum nema á norðurmörkum garðsins þar sem við tekur húsagarður umhverfis prestsbústaðinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917; Bsk I, 157, 320; DI II, 86-88, 95-98, 691-692; DI III, 218-219; DI IV, 70-76; DI XII, 7, 652-653; Konungsannáll IA, 207, 220, 290, 290, 349; DI V, 102-103; DI VI, 323-327, 628-631; DI VII, 269-270; DI XV, 664-665; JÁM I, 259; PP, 63

**RA-311:003** *Lambhúshóll* frásögn lambhús 431695 364077
Lambhúshóll var tæpa 350 m SSA af bæ 001 að sögn Ingimars Ísleifssonar, heimildamanns. Lambhúsið var um 130 m norðaustan við Fjárhúshól 051. Það er nú horfið í tún. Upphaflega var Lambhúshóll skráður árið 2009 og þá undir Kraga (317:007) en við endurskoðun 2020 var fornleifin færð undir Odda líkt Fjárhúshóll 051 en báðir þessir staðir eru utan heimatúns Kraga. Þar sem lambhúsið var er nú slétt, grasivaxið tún með uppgrónum rofabörðum. Lambhúsið var í norðurhlið eins slíks.
Engin ummerki lambhússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:004** heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tvískipt útihús fast norðan við bæjarhól 001.
Útihúsið var sunnan undir Gammabrekku 026 þar sem nú er sand- og malarborinn bílslóði. Trjágróður er til suðurs og dálítil brekka niður að bæjarhól 001.
Engin ummerki um útihúsið sjást og er líklegt að það hafi verið rifið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-311:005** heimild um brunn

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var brunnur um 20 m austan við bæ 001. Ingimar Ísleifsson, heimildamaður, man eftir brunnhúsi á þessum stað.

Brunnurinn var norðan við bílastæði við kirkju, í suðausturjaðri húsagarðs við nýlegt íbúðarhús. Þar er nokkur trjágróður.

Engin ummerki sjást um brunn eða brunnhús. Brunnhúsið sést á mynd af Oddakirkju frá 1885 í Sunnlenskum byggðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; SB V, 115

**RA-311:006** heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m ASA við bæ 001 og um 60 m norðaustan við kirkju 002.

Malbikað bílastæði.

Ekki sést til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**RA-311:007** dæld útihús 431717 364323

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 145 m suðaustan við bæ 001. Farið var aftur á vettvang og upphafleg aðalskráning frá 2009 endurskoðuð sumarið 2020 í tengslum við Oddarannsóknina. Þá var skráningunni breytt lítillega og minjarnar mældar upp með nákvæmum hætti.

Útihúsið var á hæð sem tekur við suðaustan við lægð, sennilega Stöðulflóð. Í lægðinni og á hluta hæðarinnar er trjárækt en suðurhluti hæðarinnar er í túni. Útihúsið var í túni skammt sunnan við mörk trjáræktar og túns.

Ekki sjást önnur ummerki um útihús á þessum stað en dálítil dæld sem er í túninu og gefur líklega til kynna hvar útihúsið stóð. Hún er um 2x4,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur, er um 0,1 djúp.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**RA-311:008 01** *Helllirsdalir* hellir fjós 431432 364104

Í Sunnlenskum byggðum segir: “Í Oddatúni sést glöggt að þar hefir hellir fallið niður. Sögn er að þar hafi verið nautahellir Sæmundar Fróða. Í jarðteinabók Þorláks helga segir að hellirinn hafi fallið ofan á nautin og bjargaðist eitt fyrir mátt hins helga biskups.” Í bókinni Manngerðir hellar stendur: “Nú eru engir hellar í Odda en í túninu milli kirkjustaðarins og Langekru [RA-316] ganga sérkennilegar langar og krappar lautir þvert á hólana. Lag þeirra og lega sýnir að

vart getur verið um annað að ræða en dældir eftir fallna hella. Þarna virðast tveir miklir hellar hafa verið höggnir hlið við hlið inn í hólinn. Lengd hvorrar dældarinnar fyrir sig er um 40 m, breiddin um 6 m og víða eru þær 1,5 - 2,0 m á dýpt. Páll Ísleifsson bóndi á Langekru nefndi dældirnar Nautadali. [...] Vafalaust eru þetta sömu lautir og sr. Steingrímur Jónsson í Odda og síðar biskup nefnir í skýrslu sinni til fornleifanefndarinnar 1818: "... Sjást þess merki í suðurhala túnsins, er kallast Hellirsdalir, að þar muni hafa hellrar verið, en sem ráða má af þeim þar djúpu og mjóu lautum, að hafi fallið saman. Nú er það allt grasgróið. Sagt er að í fortíðinni hafi þar fjósið verið." Ekkert mælir gegn því að þetta séu rústir hellanna sem Jarteinabókin getur um. E.t.v. hefur sá frægi galdraklerkur síra Sæmundur fróði, sem hélt Oddann um 1100, haft kýr sínar í þessum hellum og hver veit nema þarna hafi einmitt verið fjósbitinn sem púkinn frægi sat á." Í suðvesturenda sandsteinsholtsins sem tún Odda er á eru tvær mjög afgerandi lautir eftir hrunda hella um 80 m austan við Langekru 316:001 og um 350 m SSV við bæ 001. Á svæði sem er um 85x40 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur eru umfangsmikil ummerki um hrunda hella. Innan þess svæðis eru fleiri minjar og stendur nú (2020) yfir uppgröftur á tóft framan við uppistandandi helli sem kom í ljós við forkönnun 2018 og tengst hefur stærri hellinum af þeim tveimur sem eru fallnir. Minjarnar voru fyrst skráðar á vettvangi árið 2009 en hún endurskoðuð og við hana bætt í tengslum við Oddarannsóknina 2020. Fjórar minjaeiningar eru innan svæðisins, þrír hellar og ein þúst. Hver þeirra fær sitt númer og sérstaka umfjöllun hér á eftir.

Hellarnir eru suðvestast á grasivöxnu holti með sléttum túnum allt í kring sem sum hver eru




*Ummerki um hella 008 í Hellirsdölum. Á myndinni sjást einnig meintir hellar 080 og RA-316:008.Mynd af uppgrefti við helli 008_04 hefur verið rétt upp og lögð ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.*

ekki lengur slegin og komin í órækt.

Hefst lýsingin á stærri hellinum 01 (áður B) sem hefur fallið og er nokkurn veginn á miðju minjasvæðinu. Djúp og afgerandi lægð er þar sem hellirinn hefur hrunið og er hún 42 m löng og snýr NNV-SSA. Lægðin er um 2 m djúp og breiðust er hún um miðbikið þar sem hún er 6,5 m breið í botninn. Þar lítur út fyrir að hafa verið op úr þessum helli til ANA yfir í norðvesturenda á hrundum helli 02 og líklega annað op út úr hellinum til suðvesturs. Annarsstaðar er hann víðast um 3 m á breidd en víkkar allsstaðar upp frá botni. Innst í lægðinni, í NNV-enda, er haft þvert yfir hana og innan við það er grunn lægð sem er 6,5x2 m að innanmáli. Grafið var í hluta af þessu meinta hafti við forrannsókn árið 2018 og komu í ljós nokkur keimlík jarðlög sem eru blönduð með torfi en ekki er um eiginlegar torfhleðslur að ræða. Talið var að einhvers konar vegg hefði verið hróflað þarna upp og rýmið innan við hann nýtt sem lítil rétt eða heystæði. Í könnunarskurðinum kom í ljós mikið og þykkt hrunlag úr þaki hellisins og neðarlega í rúmlega 4 m djúpum skurðinum komu í ljós mannvistarlög sem tóku af öll tvímæli um að hér hafi verið manngerður hellir. Ekki reyndist unnt að tímasetja hrunið nákvæmlega en þó var hægt að segja að það gerðist löngu fyrir 1500 út frá þeim gjóskulögum sem greinanleg voru. Hellirinn opnast til SSA og þar framan við er gríðarstór þúst 03.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Horft yfir Hellirsdali 008 til NNA í átt að Odda.*

**Heimildir:**SB V, 12; Manngerðir hellar, 214; Lilja Björk Pálsdóttir og Kristborg Þórsdóttir 2018

**RA-311:008 02** hellir fjós 431457 364094

Fallinn hellir 02 (áður A) er fast suðaustan við miðjan helli 01 og sést mjög afgerandi djúp lægð þar sem hellirinn hefur hrunið. Hún er tvískipt en í heildina er lægðin 39 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Op hefur verið úr norðvesturenda hellisins til vesturs yfir í helli 01. Innri og norðvestari lægðin er 20 m löng, um 2 m á breidd og 2 m á dýpt. Breitt haft skilur á milli lægðanna og kann það að vera leifar af þaki hellis en líklegra er að það hafi verið hlaðið upp eftir að hellirinn hrundi og þá mögulega til þess að nýta þessa djúpu og reglulegu laut fyrir einhvers konar mannvirki. Fremri lægðin er 15 m löng og 2 m breið innst og norðvestast en víkkar til suðausturs þar sem hún er 4,5 m á breidd. Hellirinn hefur opnast til suðausturs. Sumarið 2020 var grafinn könnunarskurður með sömu stefnu og lægðin, í suðaustasta hluta hennar og út fyrir hana. Í skurðinum komu í ljós mannvistarleifar frá því nokkru fyrir 1500, grjóthellur úr þaki og mikið torfhrun. Fannst m.a. brýni og hurðarlöm í skurðinum. Þessar minjar eru nokkru yngri en minjarnar í helli 04 en ekki tókst að tímasetja þær með meiri nákvæmni. Bendir það til þess að þessi hellir hafi verið í notkun talsvert lengur en hellar 01 og 04 en einnig kemur vel til greina að hús hafi verið byggt í rústum hrunda hellisins, kampar hans hlaðnir upp og reft yfir. Frekari rannsókna er þörf til þess að skera úr um þessi álitamál.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:008 03** þúst óþekkt 431447 364073

Gríðarstór þúst er framan við munna fallins hellis 01. Er hún 12x9 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Þústin er öll grasi gróin eins og umhverfi hennar og er nokkuð bratt niður af henni til suðurs en hún er rúmlega 1 m á hæð. Ekki er ljóst hvernig þústin hefur myndast. Ef hellir 01 er sá hellir sem sagt er frá í Jarteinabók Þorláks helga er ekki er óhugsandi að þústin hafi myndast þegar grafið var ofan af nautum sem voru í hellinum þegar hann hrundi.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:008 04** hellir óþekkt 431416 364112

Manngerður hellir og torfhlaðin tóft 04 komu í ljós við forrannsókn sem unnin var sumarið 2018. Hellirinn er norðvestast á minjasvæðinu, liggur þvert á helli 01 og hefur að öllum líkindum tengst honum. Sandsteinshleðsla er í skúta meðfram norður-langhlið hellisins. Í þeim hluta hennar sem sést eru 2-3 umför og er hún 5 m löng og 0,5 m á hæð. Áður en rannsóknin hófst voru ummerkin um hellinn á yfirborði grunn hvilft í lágri brekku. Hellirinn sjálfur er 9-10 m langur og víðast um 2,5 m á breidd. Tóftin framan við hellinn er öll torfhlaðin og er op inn í hana á vesturgafli. Uppgrefti á henni er ekki lokið (2020) og því ekki víst hvort að í henni séu eitt eða tvö rými. Hún er um 11x2,5 m að innanmáli. Grafið hefur verið inn í brekkuna að berginu og tóftin hlaðin inn í skurðinn sem gerður var. Ytri brún veggja stendur því ekki upp úr jörðu en varðveisla þeirra er mjög góð og eru þeir um 1,5 m á hæð innanmáls þegar enn á eftir



Mynd tekin með flygildi sem sýnir hellisop og tóft framan við helli 008_04 við lok uppgraftar 2020.



Mynd tekin úr munna til austurs inn í helli 008_04.

að grafa niður í gólf. Eru þeir 1-1,5 m á breidd. Enn er ekki ljóst hvaða hlutverki hellirinn og tóftin hafa gegnt. Margt bendir til þess að um einföld mannvirki sé að ræða, mögulega hlöðu, en áframhaldandi rannsókn á minjunum mun leiða það í ljós.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Lilja Björk Pálsdóttir og Kristborg Þórsdóttir 2018

**RA-311:009** gerði kálgarður

Kálgarður er tæpa 650 m NNV við bæ 001 og um 400 m norðvestan við Dvergastein 030. Ingimar Ísleifsson, heimildamaður, man eftir því að garðurinn var notaður frá Vindási RA-313. Umhverfis kálgarðinn er þýfður, grasivaxinn mói. Fast vestan við kálgarðinn er grasivaxinn móbergshryggur sem snýr norður-suður og nær til beggja átta eins langt og augað eygir.

Kálgarðurinn er um 33x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er nánast ferhyrndur og sléttur að innan. Vesturveggnum hefur verið raskað og liggur kindagata þar nú. Þar er veggurinn einungis um 0,2 m á hæð en hinir eru allir um 0,7 m á hæð. Veggirnir eru grasivaxnir og hvergi glittir í grjót. Ekkert op er á garðinum. Veggirnir eru víða rofnir vegna ágangs búpenings og vinds.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:010** gata leið

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir: "Engjum spillir Rangá með grjóti og aur, so nú þykja þær hálfu gagnminni en þegar menn fyrst til vissu. Engjavegur er bágur og yfir Rángá eystri að sækja,." "Meðfram götunum út á bakkana (engjarnar) eru bakkar að blása, nefnt Engjarof," segir í örnefnaskrá. Að sögn Ingimars Ísleifssonar, heimildamanns, liggur vegslóði niður á bakkana á sömu slóðum og engjavegurinn lá áður. Þar hefur myndast sandhryggur vegna blásturs en tún hafa verið ræktuð vestan og austan við slóðann. Mýrlent er á köflum meðfram hryggnum niður á bakkana. Vegurinn að Sólbakka sker Engjaveginn þveran.

Engjavegurinn liggur eftir grasivöxnum sandhrygg á milli tveggja túna. Mýrlent er á köflum

meðfram hryggnum.
Engjavegurinn liggur að mestu undir bílslóðanum niður á bakkana en þá er átt við bakka Þverár, Ytri- og Eystri Rangár sem voru umhverfis engjarnar. Á köflum sjást þó 3-4 rásir sem liggja meðfram bílslóðanum. Þær eru um 0,3 m djúpar, grasivaxnar og liggja austur-vestur.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:**JÁM I, 260; Ö-Oddi, 5

**RA-311:011** tóft smalakofi
"Í landnorður af Borgarflötum [041] er Smalaskáladæla. Strákur sem sat hjá ám, byggði sér skýli á hæsta hólnum og heitir hann síðan Smalaskáli," segir í örnefnalýsingu. Þýfður, ferhyrndur bakki eða hleðsla er á lágum hól vestan við Smalaskáladælu og eru að öllum líkindum leifar smalakofans. Hleðslan er um 1,7 km norðan við Ullardælu 044 og um 2 km NNV við bæ 001. Fyrir vestan hleðsluna er grænkálsakur en mýrardæla, líklega svonefnd Smalaskáladæla til suðurs og austurs.
Á lágu holti, um 5 m sunnan við grænkálsakur er þýfður bakki. Hann er um 2x2 m að stærð, um 0,2 m á hæð og opin til vesturs. Vesturendinn hefur þó líklega raskast þegar grænkálsakurinn var plægður. Hleðslan er alveg gróin og hvergi glittir í grjót.
**Hættumat:** stórhætta, vegna jarðræktar
**Heimildir:**Ö-Oddi, 6

**RA-311:012** *Fjósadalur* heimild um fjós 431630 364271
"Fyrir framan Oddabæinn [001] er Fjósadalur, þar stóð fjósið fram yfir 1807, er fólkið varð úti í Oddabylnum alræmda. Þá var það flutt í Forartættur (RA-315:001]," segir í örnefnalýsingu. Í Sögu Oddastaðar kemur fram að Oddabylurinn var árið 1798 en fjósið var ekki flutt úr Fjósadal fyrr en 1888. Fjósið var um 240 m norðaustan við Kraga 317:001 og um 130 m sunnan við bæ 001. Vindkvörn, sem er hár hóll vestan við bæ 001, er fyrir VNV Fjósadalinn og hallar niður á túnið til austurs. Fjósið var fyrst skráð 2009 en skráningin var endurskoðuð 2020 í tengslum við Oddarannsóknina.
Fjósið var á flatlendi í sléttu túni niður við Ekrutjörn. Túnið er smáþýft og grösugt og er ekki lengur slegið. Ekki stendur lengur vatn í Ekrutjörn en hún er deiglend og grösug.
Þar sem fjósið var er lág hæð en kálgarður 037 var gerður á staðnum eftir að fjósið var flutt. Nokkuð skýr ummerki um kálgarðinn sjást en ekki er hægt að greina á milli kálgarðs og leifa af fjósi. Búið er að slétta yfir þetta svæði þó að enn megi greina útlínur kálgarðsins.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Ö-Oddi, 8; VG: Saga Oddastaðar, 194; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 68

**RA-311:013** tóftir óþekkt 432046 364541
Á Stórhól eru tvær tóftir og garðlag. Minjarnar eru um 470 m ANA við bæ 001. Þær voru

upphaflega skráðar 2009 þegar aðalskráning fornminja var unnin fyrir jörðina. Farið var aftur á vettvang 2020 í tengslum við Oddarannsóknina og þá voru minjarnar mældar upp. Uppgefnum tölum um stærð var breytt í kjölfarið og skráningin endurskoðuð að hluta.

Stórhóll stendur allhátt upp úr flatlendi sem hefur verið þurrkað og sléttað en ekki er víst að það hafi verið mjög blautt á milli hólsins og heimatúnsins. Hóllinn er mishæðóttur og hefur hluti hans blásið upp en gróið aftur.




*Kort sem sýnir uppmælingu á minjum 013. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Á hólnum eru tvær tóftir, gerði og ein stór gryfja á svæði sem er um 90x60 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun. Tóft A er á rústahól sem er 18x15 m að stærð og er 2,5-3 m á hæð. Tóftin er efst á hólnum, orðin nokkuð óskýr. Hún virðist skiptast í tvö svipað stór hólf. Tóftin er 8x4,5 m að stærð, snýr VNV-ASA. Rof er í tóftina í norður- og suðurhornum en ekki er önnur op að sjá á tóftinni. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Suðvestan við tóftina er aflíðandi brekka á rústahólnum og í brekkunni er hvilft sem hefur ef til vill þjónað sem heystæði. Hún er um 5x3 m að innanmáli, snýr NNA-SSV. Um 14 m norðvestan við tóft A er tóft B og áfast garðlag C. Tóftin virðist vera tvískipt. Hún er um 13x5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I er í suðvesturenda er það er afar ógreinilegt. Það er um 3x1,5 m að innanmáli, snýr NNV-SSA. Bunga sem er um 0,4 m á hæð skilur á milli hólfa. Hólf II er um 2x5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því í norðausturenda. Frá norðurvestur-langvegg tóftar gengur garður sem er hluti af torfhlöðnu gerði C og afmarkaði það lítinn túnblett á Stórhóli. Það er 60x65 m að stærð og snýr ANA-VSV. Leið RA-661:038 liggur yfir hólinn og er gerðið rofið þar sem leiðin liggur yfir það. Garðhleðslur sjást ekki heldur nema að mjög litlu leyti frammi á hólbrún á NNV-hlið gerðisins. Veggir gerðisins eru um 1,5 m á breidd og hæstir um 0,7 m. Í norðausturhorni hólsins er mikil dæld D sem er að öllum líkindum náttúruleg en þar kann að vera fallinn hellir. Ekkert er vitað um hlutverk þessara minja en líklegt er að tóft B sé af kvíum og að tóft A sé af fjárhúsum eða beitarhúsum.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:014** *Oddatraðir* heimild um traðir 431643 364412

“Dyrvellir sunnan við Oddatraðir, út við túngarðinn [015],” segir í örnefnalýsingu. Traðirnar voru í beinu framhaldi af norðvesturvegg kirkjugarðs 002.

Malbikað bílastæði og húsagarður nýs íbúðarhúss er nú þar sem traðirnar voru.

Um traðirnar segir í örnefnaskrá: “Oddatraðir voru mikið mannvirki. Þær voru girtar báðumegin mannhæðaháum görðum, en í botninum var móhella. En þær voru jafnaðar við jörðu nál.

1948.” Ekki sést til ummerkja um traðir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Ö-Oddi, 8, 9; Túnakort 1917

**RA-311:015** heimild um túngarð
“Dyrvellir sunnan við Oddatraðir [014], út við túngarðinn,” segir í örnefnalýsingu. Að sögn Ingimars Ísleifssonar, heimildamanns, var túngarður umhverfis hluta gamla heimatúnsins. Hann man eftir hluta túngarðsins sunnan við kálgarð 037, þar sem nú liggur vírgirðing. Túngarðurinn var meira en mittishár og gerður úr torfi og grjóti. Á túnakorti frá 1917 er gamla heimatúnið sýnt 520x250 m stórt og snýr það norður-suður. Ekki er hægt að segja með vissu hvaða hlutar túnsins voru afmarkaðir með túngarði.
Fyrir sunnan þar sem túngarðurinn var er nú trjálundur en að öðru leyti gróin slétt tún til vesturs og austurs. Fyrir sunnan túngarðinn er vegur og síðan þýfður mói.
Engin ummerki túngarðsins sjást nú [ágúst 2009] á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:**Ö-Oddi, 8; Túnakort 1917.

**RA-311:016** *Torfhóll* heimild um ristu
“Suður af Oddahúsum [líklega átt við íbúðar- og útihús Oddastaðar] er hóll, sem nefndur er Torfhóll. Dregur hann nafn af því, að torf, sem skorið er í mýrinni, er þurrkað í honum,” segir í örnefnalýsingu. Ummerki um torfristu er að finna um 600 m suðaustan við bæ 001.
Torfhóll er langur hólrani í mýri sem hefur verið ræst fram að miklu leyti. Hóllinn liggur norðaustur-suðvestur og samsíða honum að suðaustanverðu er lágur, þýfður bakki. Á milli bakkans og hólsins er slétt svæði en allt utan við er kargaþýft.
Afar líklegt er að torf hafi verið rist á milli Torfhóls og bakkans en þess sjást ekki önnur merki en þau að þar er óþýft svæði. Eflaust hefur torf verið rist víðar í kringum Torfhól en ekki sjást þess merki.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**Ö-Oddi, 7

**RA-311:017** *Grænhóll* tóftaþyrping beitarhús
“Í landnorður af Odda [001] er smáhóll, sem grænkar mjög fljótt, nefndur Grænhóll. Þar hafa staðið fjárhús og er því betri rót í honum en landinu umhverfis,” segir í örnefnalýsingu. Að sögn Ingimars Ísleifssonar, heimildamanns, gengur hóllinn einnig undir nafninu Gíslatóft. Grænhóll er um 760 m austan við Dvergastein 030 og um 850 NNA við bæ 001. Grænhóll er skammt austan við malarveg að Odda, aðeins eru um 15 m þar á milli. Hóllinn sker sig úr umhverfinu vegna hæðar sinnar. Grænhóll er hólbarð sem liggur austur-vestur og er um 1,5 m hátt og um 100 m langt hið minnsta. Tóftaþyrpingin er í grasivöxnum, smáþýfðum móa. Þurrar mýrardælar eru hér víða.

Fjórar tóftir og garðlag eru á svæði sem er 60x60 m að stærð. Tóftunum var gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er vestust. Hún er 10x5 m að stærð, er einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er í aflíðandi halla til suðvesturs, niður af um 1,5 m háum hól. Tóftin er opin til vesturs og veggirnir eru um 0,3 m á hæð. Tóftin er grasivaxin, þýfð og sigin. Tóft B er um 10 m austan við tóft A. Hún er hringlaga, um 5 m í þvermál og er einföld. Tóftin er nyrst á hólbrún. Tóftin er grasivaxin, sigin og þýfð. Veggirnir eru hæstir um 0,5 m en að innan eru þeir aðeins um 0,2 m. Tóftin er opin til SSA. Þetta gæti mögulega hafa verið fjárborg. Þúst C er um 25 m austan við tóft B. Hún er um 7 m í þvermál, hringlaga og grasivaxin. Ekki mótar fyrir eiginlegum hleðslum heldur er um 2 m breið og um 0,3 m djúp dæld ofan á þústinni. Telja verður mjög líklegt að hér leynist mannvist undir sverði. Tóft D er um 40 m norðaustan við tóft A og um 25 m NNV við tóft C. Hún er líklega gjafahringur eða heygarður. Tóftin er 23x15 m að stærð, snýr NNA-SSV og er einföld. Veggirnir eru um 0,5 m á hæð og grasivaxnir. Hvergi glittir í grjót. Ekki sést heldur hvar op hefur verið á tóftinni. Að innan er tóftin slétt og grasivaxin. Grasivaxinn hryggur liggur til norðurs frá tóft A, beygir til austurs skammt frá tóft D og endar um 10 m norðan við þúst C. Þó að hryggurinn sé nú ógreinilegur er hann líklega sigið garðlag og fær bókstafinn E. Austurhluti hans er greinilegastur. Þar er hann um 2 m breiður og 0,5 m á hæð. Garðlagið verður óskýrara í aflíðandi brekku til norðvesturs og sést þar aðeins sem þýfður bakki allt að tóft A.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Oddi, 7

**RA-311:018** *Oddastöðull* heimild um kvíar

"Við götuna [RA-661:038] upp úr er Stórhóll. Oddastöðull er fyrir sunnan traðirnar [014]. Ber hann það nafn enn, þótt löngu sé hætt að nota hann sem stöðul. Við hann er kennt Stöðulflóð, sem er þar skammt fyrir sunnan," segir í örnefnalýsingu. Ekki er ljóst hvar stöðullinn hefur verið nákvæmlega en líklega var hann sunnan við útihús 006 og austan við rétt 036, um 55 m ASA við bæ 001.

Malbikað bílastæði er á þeim slóðum sem kvíarnar voru.

Ekki sést til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Oddi, 7

**RA-311:019** tóft óþekkt

Um 1,25 km norðaustan við gamla Oddhól RA-274:001 og um 1,3 km fyrir austan bæ 001 er tóft.

Tóftin er á grasivöxnu svæði um 5 m sunnan undir grónum hólrana.

Tóftin er einföld, um 12x4 m stór og snýr austur-vestur. Hún er opin til austurs. Tóftin er stungin niður í svörðinn en smávegis torfhleðslur eru greinilegar með norður- og suðurhliðum hennar. Þær eru hæstar um 0,15 m en tóftin er um 0,4 m djúp. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt

en nálægð hennar við tóftir 024 bendir til að hún hafi hugsanlega verið notuð samhliða þeim, hugsanlega sem einskonar aðhald.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:020** renna vörslugarður
Handgrafinn skurður var frá gamla Odd(a)hól 274:001og langleiðina að Kamphól. Samkvæmt Þorvarði Jónssyni, heimildamanni, átti skurðurinn að varna því að skepnur kæmust á milli engja og efra lands en hann kann einnig að hafa gerður til framræslu.
Á þessum slóðum eru marflatar smáþýfðar mýrar.
Skurðurinn sést enn en hefur fyllst að miklu leyti af jarðvegi. Hann er gróinn en nokkuð blautur þó að vatn standi ekki í honum. Skurðurinn er um 1 m á breidd og um 0,3 m á dýpt. Leifar af skurðruðningi sjást á norðvesturbrún en skurðurinn liggur suðaustur-norðvestur. Á loftmynd sést skurðurinn liggja til norðvesturs frá gamla Odd(a)hól að tjörn. Á þessum kafla hefur skurðurinn verið vélgrafinn að hluta. Frá tjörninni heldur skurðurinn áfram til norðausturs en beygir lítillega til norðurs. Skurðurinn er um 4 km á lengd.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:021** frásögn hrútakofi
Fríða Hildur Steinarsdóttir man eftir gömlum hrútakofa sem var um 140 m suðvestan við núverandi íbúðarhús á jörðinni Oddhól RA-247. Tóftin var um 2,2 km suðaustan við bæ 001 og tæpa 300 m vestan við Klaufarvað 062.
Þar er nú sléttur grasbali.
Engin ummerki hrútakofans sjást.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:022** *Einbúi* heimild um huldufólksbústað
“Eystri-Einbúi nefnist grashóll fyrir vestan Kríuflóð, en Vestri-Einbúi á bökkum Þverár. Hann er úr móbergi og er að brotna á ána. Hóllinn er á mörkum Oddahverfis. Í Einbúa á að vera huldufólk, en engar sagnir eru til um það lengur,” segir í örnefnalýsingu. Einbúi er um 600 m VSV frá gamla Oddhól 274:001 og um 1,6 km sunnan við bæ 001.
Norðan og austan við hólinn er gróinn mói en að vestan og sunnan er blásinn melur að ánni.
Hóllinn er talsvert blásinn að suðvestan þar sem hann snýr að ánni en gróinn á aðrar hliðar. Hann er ílangur, snýr norður-suður og fremur lágur, um 1,5 m hár.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**Ö-Oddhóll, 2

**RA-311:023** heimild um kálgarð
Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar segir: “Í Odda, skammt frá Móeiðarhvoli, var einnig kálgarður, en lítið hafði komið upp í honum.” Engar nánari upplýsingar eru um

staðsetningu þessa kálgarðs og sást hann ekki á vettvangi. Móeiðarhvoll er austan við Rangá eystri og er því líklegt að kálgarðurinn hafi verið nærri vesturbakka árinnar. Mögulega er hann horfinn vegna rofs en þar sem staðsetning hans er ókunn er ekki hægt að fullyrða um það.
**Heimildir:**EÓBP: Ferðabók II, 210

**RA-311:024** frásögn beitarhús
Í grænu túni, því sem næst miðja vegu milli Langekru RA-316 og Vindáss RA-313, voru fjárhús frá Odda 001 að sögn Ingimars Ísleifssonar, heimildamanns. Þau hafa nú verið sléttuð. Beitarhúsin voru um 670 m sunnan við fjárskýli 041 og um 1,6 km vestan við bæ 001.
Þar sem beitarhúsin voru er nú grasivaxið tún sem er slegið. Það er slétt, afgirt en náttúrulegir hólar og hæðir eru i túninu.
Engin ummerki beitarhúsanna sjást nú á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:025** *Andrésarstekkir* þúst beitarhús
"Suður af bökkunum [á Selalæk] eru Andrésarstekkir. Standa þar fjárhús frá Vindási [RA-313], nú er verið að bylta landinu og gera að túni," segir í örnefnalýsingu. Ingimar Ísleifsson, heimildamaður, taldi að þessar minjar hefðu verið á túnstykki norðarlega í landi Odda sem nú tilheyrir Sólvöllum og er líklegasti staðurinn í túninu um 2,3 km norðvestan við bæ 001.
Andrésarstekkir voru að líkindum þar sem dálítil hæð er í sléttuðu túni, nærri norðurmörkum þess.
Í hæðinni í túninu er örlítil dæld þar líklegast er að mannvirkin hafi verið. Dældin er um 2x2 að innanmáli og er 0,2 m djúp.
**Heimildir:**Ö-Oddi, 6

**RA-311:026** *Gammabrekka* þjóðsaga legstaður
Í ritinu Frásögur um fornaldarleifar I segir: "Gammabrecka stór og hár hóll framanundir hvörium Bæarhúsin hér í Odda standa, er eins ólíklegt ad af mannahöndum sé giördur [...]. Gammabrecka er eingu ad sídur sá Hóll, sem mælt er, ad Sæmundur prestur fródi egi ad hafa sett skip í, reÿnt hafi líka verid ad grafa inní Hólinn og hafi þá att ad nást hringur úr Skipstafninum, og sé hann sá enn sami er enn sé, og í manna minni hafi verið í Odda Kirkiuhurd." Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar hefst sögnin á þessa leið: "Skip kom af hafi fyrir sunnan land og braut við Rafnstóftir [RA-480]. Létust menn allir. Skipið var fært heim til Odda og haugsett með öllum sínum skipverjum í hól einum fyrir ofan bæinn í Odda. Var mælt að hér mundi mikið fé fólgið vera." Í neðanmálsgrein segir að Knararhóll heiti nú Gammabrekka. Sama sögn fylgir Skiphól 049 en það kann að skýrast af sömu merkingu örnefnanna Skiphóll og Knararhóll. Erfitt er að fullyrða um það hvorum hólnum sögnin fylgdi upphaflega. Orðalagið í Þjóðsögum Jóns Árnasonar gefur hins vegar skýrt til kynna að þar er um þann hól að ræða sem nú heitir Gammabrekka ("[...] í hól einum fyrir ofan bæinn í Odda."). Skiphóll er hins vegar mun nær Hrafntóftum RA-480 þar

sem skipið á að hafa strandað en Gammabrekka. Gammabrekka er um 60 m NNV við bæ 001. Gammabrekka er hæsti hóllinn á hólaþyrpingu þeirri sem Oddi og aðliggjandi hjáleigur standa á og er hann nokkuð miðsvæðis.
Gammabrekka er gríðarstór og hár hóll sem snýr nálega austur-vestur. Hann er 70-80 m langur og um 15 m breiður þar sem hann er breiðastur. Hóllinn er 7-8 m á hæð, hækkar lítillega í vesturenda þar sem útsýnisskífu hefur verið komið fyrir. Suðurhlið hólsins er slegin en órækt er norðan á honum. Allmikið jarðfall er í hólnum um miðbik hans og hefur fallið niður úr norðurhlið hans. Þar er nú dæld sem er um 10x15 m að innanmáli og snýr norður-suður. Engin mannaverk eru sýnileg á hólnum. Við fornleifarannsóknir í tengslum við Oddarannsóknina hafa kenns verið borin á ummerki um tvo manngerða hella í Gammabrekku, sjá 069 og 077.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**FF I, 135-136; ÞJÁ I, 472

**RA-311:027** garðlag túngarður
Garðlag liggur frá nýbýlinu Sólvöllum til suðvesturs. Garðlagið er um 2,4 km VNV við bæ 001. Það er að líkindum hlaðið eftir að Sólvellir byggðust árið 1930 og hefur það tilheyrt því býli. Garðurinn er á tiltölulega flatlendu beitilandi.
Garðurinn liggur norðaustur-suðvestur og er um 400 m langur. Hann er um 0,7 m á hæð og breidd. Torf hefur verið stungið upp suðaustan við hann og er þar um 1 m breið renna. Ekki sést í grjóthleðslur. Líklegt er að garðurinn sé túngarður en ekki er útilokað að hann sé vörslugarður. Garðurinn er ekki fornleif í lagalegum skilningi þess orðs en er skráður hér vegna þess að hann hefur fornt byggingarlag.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:028** *Núningar* þúst býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir: "Í vestur frá Odda, ei svo lángt sem svarar hálfri bæjarleið, í Odda landi, er takmark nokkurt kallað Núningar. Þykjast menn heyrt hafa þar hafi til forna bær verið, en engin sjást þar merki til, landplátsið er graslaust með sandi, mold og móaklettum og þar fyrir aldeilis óbyggilegt." "Þar nálægt [Engjavegur 010] hefur líklega staðið eyðibýlið Núningur. Var það löngu komið í eyði 1711, en munnmæli sögðu, að staðið hefði mitt á milli Kampstaða [029] og Odda [001] ...," segir í örnefnalýsingu. Núningar voru líklega þar sem nú er uppblásið svæði milli tveggja grasivaxinna túna en nákvæm staðsetning þess er ókunn. Býlið var þá rúma 180 m suðaustan við beitarhús 024 og um 1,5 km vestan við bæ 001.
Á þessu svæði hefur mikill uppblástur átt sér stað. Þar eru móbergsklettar og sandflákar sem vaxnir eru mosa, lyngi og blóðbergi. Svæðið er þýft.
Engin ummerki býlisins sjást á yfirborði. Það eina sem gefur mögulega staðsetningu býlisins til kynna er steinadreif úr móbergi og hraungrýti í sandinum. Steinarnir eru þó fremur litlir og ólíklegt að þeir hafi verið notaðir í hleðslur. Grjótið er þó að öllum líkindum aðflutt. Svæðið

sem um ræðir er um 50x20 m, snýr austur-vestur og er um 10 m norðan við um 1,5 m háan hól sem byrjaður er að gróa upp aftur.
**Hættumat:** hætta, vegna uppblásturs
**Heimildir:**JÁM I, 264; Ö-Oddi, 5

**RA-311:029 01** *Kamphóll* tóft sel 428459 364911
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 segir: "Í vestur frá Núníngum [028], álíka lángt og til Odda [001], skamt frá Ytri-Rangá, er annað pláts, grasivaxið, kallað Kampastader. Segjast nokkrir heyrt hafa sagt þar skyldi og líka bygð verið hafa, eða í annan máta sel frá Odda, sjest þar og nokkuð til tóftarbrota. Munnmæli eru, að bygðin hafi aflagst vegna reimleika. Mætti að sönnu aftur byggjast landplátsins vegna, en þrengdi þá so að högum staðarins, að ekkert undanfæri væri, því á sumur er þángað beitt málnytu og verður hvergi annarstaðar." Í grein Vigfúsar Guðmundssonar um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum sem birtist í Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1953 segir: "Kampastaðir. Þeir hafa verið vestur frá Odda, nærri miðja vegu að Ytri Rangá, rétt hjá Kampastaðatjörn (eða vatni?). Sést þar enn fyrir algrónum rústum, því að landið er þar óblásið." Vigfús safnaði efni og ritaði greinina á tímabilinu 1936-1949. Hann nefnir ekki þær breytingar á landinu og þau minjaspjöll á svæðinu sem Helgi Hannesson fjallar um í bókinni Þykkskinna: "Á þriðja áratug þessarar aldar hremdi



*Minjar um sel við Kamphól og býlið Kampastaði 029. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

ágengur áll úr Þverá meira en helming þeirra [tóftanna]. Nú sér þar ekki annað rústa en fáein veggjabrot, sigin og sundurtriðin. [...] Reglulegur ferhyrndur reitur blasir þarna enn við augum, líklega heygarður, fremur en fjárrétt eða laukagarður. Fáein túngarðsbrot finnast enn í kringum Kampastaði, og drjúgan spöl þaðan, skammt frá Skiphól, mótar enn fyrir tveimur akurgerðum [032].” Í Rangvellingabók segir: “ Kampastaðir voru hjáleiga frá Odda sem stóð skammt frá mótum Þverár og Ytri-Rangár, syðst á austurbakka Oddaflóða, sunnan í hól sem Kamphóll heitir.”

Enn sjást talsverðar minjar á Kamphóli, sunnan undir honum og norðaustan við hann. Miklar götur á leið RA-661:001 liggja yfir minjasvæðið sem er 170x140 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er innan friðlandsins Oddaflóða sem friðlýst var 1971. Upphaflega voru minjar á þessum stað skráðar árið 2009 þegar unnin var aðalskráning fornminja á jörðinni. Farið var aftur á vettvang í tengslum við Oddarannsóknina snemmsumars 2020 og fundust þá fleiri minjar og eldri skráning var endurskoðuð. Á minjasvæðinu eru 11 minjaeiningar, af þeim voru fjórar skráðar 2009 og sjö nýskráðar árið 2020. Sagnir eru um býlið Kampastaði og mögulega sel frá Odda á þessum stað. Árið 2009 voru skráðar minjar sunnan undir Kamphóli sem líklega eru miðaldafjós (sjá 07 - áður tóft A) og tóft af einhvers konar útihúsi (sjá 08 – áður þúst B). Að auki var skráð tóft uppi á Kamphóli (sjá 04B - áður tóft C) sem við endurskoðun virðist vera samansiginn strompur í manngerðum helli eða sig vegna hruns í helli í Kamphóli. Minjar sem líklegt er að hafi tilheyrt býlinu Kampastöðum eru þúst 08, fjóstóft 07, meintur túngarður 06, þúst 09, heimild um býlið sjálft 10 og mögulega mógrafir 11. Eru þessar minjar sunnan og suðaustan við Kamphól en minjar 01-05 hafa mögulega tilheyrt seli Odda við Kamphól og eru þær í hólnum og austan við hann. Minjarnar eru um 3,2 km VNV frá Odda 001.

Minjarnar eru á bökkum Þverárfarvegar sem er að mestu þornaður, sunnan undir og í Kamphóli. Hann er hár hóll í suðvesturenda langrar hólaraðar sem nær nokkur veginn óslitið frá Skiphóli 049, 700 m norðaustar. Er þessi hólaröð við suðausturjaðar Oddaflóða og suðaustan við hana er uppþornuð tjörn, Kampastaðatjörn. Allgrasgefið er hér allt í kring.

Hefst minjalýsingin á meintu seli frá Odda, fornlegri tóft 01 sem er norðaustarlega á minjasvæðinu.




*Uppmæling á meintri seltóft 029_01 og garðlagi 029_02. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



*Meint seltóft 029_01 er mjög sigin. Horft til VNV á ljósmynd.*

Hún er uppi á flötum hólrima norðan við Kampastaðatjörn, um 80 m norðaustan við meint miðaldafjós 07. Smáþýft er á tóftinni og í kringum hana og talsverðar götur liggja ofan (norðan) og neðan (sunnan) við hana sem eru á leið RA-661:001.Tóftin er 28x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er augjóst op á henni en það kann að hafa verið í suðausturhorni. Veggir eru 3-5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Í tóftinni sést aðeins eitt hólf sem er 17x3 m að innanmáli. Óljóst mótar fyrir afhýsi eða sambyggðu mannvirki utan við norður-langvegg. Þar er mjög lág þúst sem er 8x4,5 m að stærð og hefur sömu stefnu og tóftin. Heildarstærð mannvirkisins er því 28x17 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**JÁM I, 264; VG: “Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum” Árbók 1953, 67-68; HH: Þykkskinna, 104; VS: Rangvellingabók, 197; https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/oddaflod/

**RA-311:029 02** garðlag óþekkt 428475 364926

Tveir útflattir garðar eru norðan og austan við meinta seltóft 01 á svæði sem er 34x25 m að stærð og snýr NNA-SSV. Austari garðurinn 02A liggur meðfram austurgafli tóftar 01 og áfram til norðurs fram á brún hólrimans sem minjarnar eru á. Þessi garður er 30 m langur og 3-3,5 m breiður. Annar enn ógreinilegri garður 02B liggur frá norður-langvegg tóftar 01 til norðausturs fram á sömu hólbrún. Er hann 25 m langur og 4 m breiður. Líklega hafa þessir garðar náð saman á hólbrúninni og myndað einhvers konar gerði að baki tóft 01. Þar sem garður 02A liggur samhliða austurgafli tóftar 01 myndast mjótt rými á milli tóftar og garðs. Hlykkur er á garðinum við norðausturhorn tóftarinnar og kann hann að hafa tengst tóftinni þar. Garðarnir eru mjög signir og gengnir í þúfur, eru 0,1-0,2 m á hæð. Einkum er þó garður 02B ógreinilegur vegna fjölda reiðgatna á leið RA-661:001 sem liggja yfir svæðið.

**Hættumat:** engin hætta



*Garðlag 029_02A er hér í forgrunni en 0,2B er fjær og sést mjög illa, horft til suðurs.*

**RA-311:029 03** tóft óþekkt 428429 364954

Sigin og fornleg tóft er í smáþýfðum grasmóa 40 m NNA við meinta seltóft 01. Á milli þeirra er er mjótt og fremur mýrlent sund. Afgerandi brattur en ekki stór hóll er litlu norðaustan við tóftina. Tóftin er einföld og nokkuð hringlaga, er 6,6x6,3 m að stærð. Innanmál hennar er 3x1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er augljóst op á tóftinni en það virðist helst hafa getað verið í norðurhorni. Tóftin virðist vera torfhlaðin og eru vesturhorn og norðvesturhlið hennar skýrt afmörkuð en ytri brún veggja illgreinanleg annarsstaðar. Veggir eru 0,1-0,3 m á




*Fornleg tóft 029_03, horft til SSV á ljósmynd.*

hæð. Framan við tóft til norðausturs er þýfi á litlu svæði og ekki útilokað að þar kunni minjar að leynast. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Útlit hennar bendir til þess að hún sé nokkuð forn og því talið líklegra að hún tilheyri seljabúskap á svæðinu en hjáleigunni Kampastöðum. Úr því verður hins vegar ekki skorið án frekari rannsókna.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:029 04** hellir óþekkt 428365 364905

Þegar aðalskráning fornminja í landi Odda fór fram var skráð tóft (029C) í náttúrulegri kvos uppi á Kamphóli norðvestast á minjasvæðinu. Við endurskoðun skráningarinnar árið 2020 virtist líklegra að þessi náttúrulega kvos hefði myndast við það að strompur í manngerðum helli inni í Kamphóli hefði fallið saman, en nokkuð skýr ummerki eru um lokaðan inngang í manngerðan helli austast í hólnum. Lægðin (04B) uppi á hólnum er 6,5x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Er hún um 0,3 m djúp. Samanfallið op inn í meintan lokaðan helli er austast í Kamphóli og opnast það til suðausturs, rétt ofan og NNV við mjótt sund á milli hólhryggja. Hellirinn er 70 m vestan við tóft 01 og 38 m NNA við fjóstóft 07. Innanmál lægðarinnar þar sem ummerki eru um op inn í hellinn 04A er 13x5 m og liggur hún norðvestur-suðaustur. Er lægðin




*Minjar um helli 029_04 auk þústar 05 og garð 06 sjást á korti. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Á ljósmynd er tóft 04C í forgrunni framan við hellisop 04A, horft til VNV.*

á að giska 0,5 m djúp og er öll nokkuð jafndjúp, þó að hún grynnist eftir því sem ofar dregur og nær efstu brún hólsins. Framan við lægðina er nokkuð afgerandi tóft 04C en hún er þó orðin aflöguð vegna gatna sem liggja yfir hana. Ytri mörk tóftarinnar eru skýrust í suðausturenda en þau eru nánast ógreinanleg næst opi 04A. Tóftin er einföld, 6x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru 0,1-0,2 m á hæð. Er að öllum líkindum um torfhlaðinn forskála framan við hellinn að ræða. Heildarstærð þess svæðis sem ummerki um manngerðan helli sjást á er 33x12 m og snýr það norðvestur-suðaustur. Engar heimildir hafa varðveist um manngerðan helli á þessum stað og ekki er vitað hvenær hann var í notkun eða hvort hann er í tengslum við sel, býli eða hvort tveggja. Hann er þó utan meints túngarðs 06 sem kann að vera vísbending um að hann hafi ekki verið í notkun þegar búið var á Kampastöðum.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:029 05** þúst óþekkt 428382 364904

Lítil þúst er í þurru, mjóu sundi fast austan við tóft 04C, framan við meintan manngerðan helli 04A. Hún er 6x3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er 0,1-0,2 m á hæð og er ekki ljóst um hvers konar mannvirki þarna er að ræða. Mögulega hefur hún myndast við útmokstur úr hellinum.
**Hættumat:** engin hætta



*Þúst 029_05, horft til SSV.*

**RA-311:029 06** garðlag túngarður 428382 364883

Stuttur garðbútur liggur yfir suðvesturenda hólrimans sem meintar seltóftir 01 eru á, er fast sunnan við helli 04 og 23 m norðaustan við fjóstóft 07. Garðurinn er 20 m langur og 1,5-2,5 m breiður, liggur NNV-SSA. Miklar götur á leið RA-661:001 liggja yfir garðinn og er hann orðinn illgreinilegur og sundurtroðinn af þeim sökum. Er garðurinn víða 0,5 m á hæð. Ekki sést framhald af honum til SSA og virðist helst koma til greina að hann hafi sokkið í mýrlendi suðvestan við Kampastaðatjörn. Ekki er útilokað að þúst 09 sé í raun hluti af garðinum en það virðist ekki mjög sennilegt. Hlutverk garðsins er ekki þekkt en líklegt verður að teljast að um leifar



*Garðlag 029_06, horft til norðvesturs.*

af túngarði Kampastaða sé að ræða.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:029 07** tóft fjós 428360 364855
Meint fjóstóft með sambyggðum heygarði er sunnan undir Kamphóli og 80 m suðvestan við tóft 01. Er hún hringlaga, 21x19,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Fjóstóftin er norðaustast og er 12x6,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op á tóftinni en veggir hennar renna nokkuð saman við veggi gerðisins. Í henni sést eitt grunnt hólf sem er 4,5x2 m að innanmáli. Framhald af því eða annað hólf kann að hafa verið í suðausturenda tóftar. Veggir hennar eru mjög útflattir, um 2 m á breidd og hæstir um 0,4 m. Heygarðurinn er




*Kort sem sýnir uppmælingu meints fjóss 029_07 og tóftar 029_08. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



*Mynd tekin til norðurs með flygildi af hluta minjasvæðisins við Kamphól. Fjóstóft 029_07 er á miðri mynd við farveg Þverár. Henni stafar mikil hætta af rofi.*

14x6 m að innanmáli og snýr eins og fjóstóft. Er innanmálið skýrast í norðvesturenda en verður ógreinilegra eftir því sem lengra dregur til suðausturs. Veggir hans eru útflattir og svipaðir á hæð og í fjóstóft. Mikill sandur úr farvegi Þverár gengur yfir svæðið. Jarðvegsrof í bakkanum er komið að minjunum og er byrjað að eyðast af þeim. Af útliti tóftarinnar að dæma er líklegt að um miðaldafjós sé að ræða og að það hafi tilheyrt hjáleigu Oddastaðar, Kampastöðum, sem skráð eru undir eininganúmeri 10.
**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs

**RA-311:029 08** tóft óþekkt 428338 364853
Lítil tóft 08 er 14 m vestan við fjóstóft 07 og 50 m suðvestan við túngarð 06. Tóftin er einföld, 6x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar virðast torfhlaðnir og eru signir og úr lagi gengnir, mögulega vegna jarðvegsrofs sem hefur gróið aftur. Eru þeir aðeins um 0,2 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er ekki skýrt og ekki sést op á henni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en til greina kemur að um einhvers konar útihús sé að ræða ef tóftin var innan heimatúns Kampastaða.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft 029_08, horft til SSV af Kamphóli.*

**RA-311:029 09** þúst óþekkt 428423 364855



*Þúst 029_09, horft til VNV.*

Þúst 09 er í vesturjaðri mógrafasvæðis 11 í Kampastaðatjörn, nærri bakka gamals farvegar Þverár. Smáþýft er til VNV frá þústinni. Ekki er útilokað að þústin sé í raun hluti af túngarði 06 sem er 42 m norðvestar. Þústin er 4,5x4 m að stærð og snýr nánast austur-vestur. Ytri brún þústarinnar er nokkuð skýr og er hún 0,2-0,3 m á hæð en ekki sést innanmál. Sé þústin ekki hluti af túngarði 06 kann þarna að hafa verið móstæði.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**RA-311:029 10** *Kampastaðir* heimild um bústað 428346 364843

Líkt og fram hefur komið eru heimildir um býli til forna á Kampastöðum og eru líkur til þess að túngarður 06, fjóstóft 07, tóft 08, þúst 09 og mögulega einnig mógrafir 11 hafi tilheyrt því býli. Ekki fundust nein ummerki um býlistóft sem talin er tilheyra Kampastöðum. Miðað við afstöðu við fjós er líklegt að býlistóft hafi verið suðvestan við fjósið og hefur hún að líkindum eyðst vegna landbrots af völdum Þverár. Ekkert verður um þetta fullyrt og er ekki ljóst hvar bærinn á Kampastöðum hefur staðið. Ólíklegt er að hann hafi verið þar sem meint seltóft 01 er, bæði vegna þess að hún er nokkuð fornlegri en fjóstóftin og þess að túngarður 06 er á milli þessara tófta.

**RA-311:029 11** náma mógrafir 428447 364885

Í Kampastaðatjörn eru ummerki um móskurð en ekki stendur lengur vatn í tjörninni. Þar er þó nokkuð deiglent og grösugt en ógróin svæði eru einkum norðvestast á mógrafasvæðinu og


Mógrafir 029_11, horft til SSV.

en sjást víðar. Mógrafasvæðið er um 120x70 m að stærð og virðist ná yfir bróðurpart tjarnarinnar. Þar sem einhver ummerki sjást eru lágir bakkar, 0,2-0,3 m á hæð. Ekki er ljóst hvenær tjörnin þurrkaðist upp að mestu og móskurður á svæðinu hófst. Kann það að hafa verið löngu eftir að búsetu á Kampastöðum lauk.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:030** *Dvergasteinn* heimild um býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir: "Sjötta Odda hjáleiga. Er og fyrst bygð í tíð Sr. Snæbjörns. ... Á túnið fýkur sandur og spillir því eftir hendinni." Vigfús Guðmundsson segir í grein sinni í Árbók hins íslenzka fornleifafélags frá 1951-52: " Dvergasteinn. Svo heitir móbergsklettur stakur og hár (um tvær mannhæðir) norðan við vindásinn, bak við Odda [001]. Í nánd við klett þennan og samnefnd við hann hefir staðið ein hjáleigan frá Odda. Hún var ein af fjórum hjáleigum, sem séra Snæbjörn Stefánsson í Odda lét byggja þar á fyrri hluta 17. aldar (1615-1650) [...]. Byggð hjáleigu þessarr hefir naumast haldizt um eina öld, og er hún sú eina sem af sandfoki hefir eyðilagzt." Í Rangvellingabók stendur: "Dvergasteinn hét hjáleiga frá Odda er stóð hjá samnefndum kletti norðan við Vindás [RA-313]. [...] Í ská um hjáleigur Oddastaðar 1710 er Dvergasteins ekki getið en í hans stað er nefnd Valdahjáleiga og mun þar vera um sama bæ að ræða." Dvergasteinn er móbergsklettur sem hefur látið á sjá vegna veðurs. Að sögn Ingimars Ísleifssonar og Þorvarðs Jónssonar, heimildamanna, var kletturinn hærri fyrir nokkrum áratugum og krakkar léku sér að því að stinga höfðinu í gegnum gat á klettnum. Þar er nú einungis klettabelti, um 10 m langt og 1 m á hæð en ekki vitað hvar nákvæmlega við klettinn býlið stóð. Það var um 250 m norðan við bæ 001 og um 400 m ASA við kálgarð 009. Vestan við móbergsklettinn en þýfi sem getur gefið vísbendingu um staðsetningu býlisins en það er óljóst og engar skýrar mannvistarleifar á svæðinu. Nú er mikið af vélabraki á þessu svæði sem gæti hafa hulið mannvistarlög að hluta.
Dvergasteinn var norðan undir um 10-15 m hárri og snarbrattri brekku. Brekkan er grasivaxin og þýfð.
Engin ummerki býlisins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM I, 263; VS: Rangvellingabók, 59; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 151

**RA-311:031** *Jónshjáleiga (Tröð)* heimild um býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir: "Meinast fyrst bygð í tíð Sr. Snæbjörns Stephánssonar, er hjelt Odda. ... Engjar eru votar mjög og næst ekki hálfpartur af þeim nema í bestu þerrasumrum. Hinu öðru engjaplátsinu grandar grjót og aur, sem Rangá uppá ber í ísaleysíngum," . Vigfús Guðmundsson segir í grein sinni frá 1951-52: "Ekki verður nú með vissu vitað hvar þessi hjáleiga stóð, og heldur ekki Tröð. En þá (1711) hefir verið álitið, að þessi tvö nöfn hefðu verið notuð um sama býlið (...) að þau hafi öll staðið við vesturtraðir staðarins [040] og aldrei verið í byggð, nema eitt þeirra í senn (...) Jónshjáleiga (Tröð) [064], hafi staðið vestan við mynni sa.-traðanna [014], og þá inni á bezta staðartúninu." Í Rangvellllingabók stendur: "Jónshjáleiga, sem öðru nafni nefndist Tröð, var ein af hjáleigum Oddastaðar, en ekki er ljóst hvar bær þessi stóð. Mun það annað hvort hafa verið framan (suðvestan) [064] við austurtraðir [014] staðararins, austarlega, eða vestan Vindkvarnar, við vestri heimreiðina [040], þar sem hjáleigan For [RA-315] stóð síðar og þá um sama bæ að ræða sem skipt hefur um nafn eftir að hafa verið í eyði um sinn." Hér er verið að skrá vestara bæjarstæðið. Bæjarstæðið var um 80 m vestan við bæ 001 og um 170 m norðvestan við fjós 012 og var byggt nærri For. Bæjarstæðið hefur staðið á norðvesturbrún holtsins sem bær 001 stendur á. Hesthús sem tilheyrir Oddaprestkalli stendur nú á þessum slóðum.
Holtsbrúnin er um 5 m há, brött og gróin. Þar vex gras og arfi.
Engin ummerki býlisins sjást á yfirboði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**JÁM I, 262-263; VS: Rangvellingabók, 191; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 68

**RA-311:032** gerði akur
Í bókinni Þykkskinna, eftir Helga Hannesson, segir: "Fáein túngarðsbrot finnast enn í kringum Kampastaði [029], og drjúgan spöl þaðan, skammt frá Skiphól [049], mótar enn fyrir tveimur akurgerðum." Um 440 m austan við Kampastaði 029 og um 2,9 km vestan við bæ 001 mótar fyrir gerði sem er mögulega annað akurgerðanna.
Á milli Kamphóls og Skiphóls eru hólar sem eru allir samfastir og á milli þeirra eru mýrarhvompur, sléttlendar og flatlendar. Til norðurs er víðáttumikil og blaut mýri og til suðurs er dálítil mýri milli þessar hólaraðar og annarrar litlu sunnar þar sem gerðið er, svo tekur við þurrlendi. Umhverfis tóftina hefur land blásið en virðist vera að gróa aftur.
Gerðið er um 9x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Það er norðan við lágt barð og ekki sést suðurveggur. Op er því á tóftinni á suðhlið en vera má að barðið hafi myndað suðurvegg að hluta. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Veggir tóftarinnar eru hlaupnir í þúfur en sléttlent og smáþýft er umhverfis. Tóftin er einföld og engar grjóthleðslur sjást í veggjum.
**Hættumat:** hætta, vegna uppblásturs
**Heimildir:**HH: Þykkskinna, 104

**RA-311:033** álagablettur

Í bókinni Þykkskinna, eftir Helga Hannesson, segir: “Tvær af sjö hjáleigum Oddastaðar hétu Vindás [RA-
313] og Strympa [RA-314]. Í engjum þeirra voru blettir sem bannað var að slá [sjá einnig fornleif nr. 038]. Annar var loðin starardæla í svonefndum Strympuhólma svo sem sjö hesta slægja. [...] Sá sem gengi í berhögg við bannið átti búrauna von.” Álagabletturinn er um 1,6 km suðvestan við Odda 001.
Slétt og flatt engi. Til suðurs er lítil tjörn.
Engar mannvistarleifar eru á þessum slóðum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**HH: Þykkskinna, 137

**RA-311:034** garðlag óþekkt
Garðlag liggur til norðvesturs frá malarvegi sem liggur að Langekru RA-316 og áfram til Sólvalla (nýbýli í landi Odda). Garðlagið hefst fast sunnan við veginn og endar í grasivöxnu túni. Gaddavírsgirðing er fast austan við garðinn.
Fyrir vestan garðlagið er slétt, grasivaxið tún en til austurs er þýfður, gróinn mói.
Garðlagið er rúmlega 100 m langt og liggur norðvestur-suðaustur. Það endar í grasivöxnu túni til suðurs en telja má líklegt að það hafi sveigt til vesturs og sá hluti sléttaður út. Fyrir austan garðlagið er þýfður mói og ummerki garðlagsins sjást ekki þar. Girðingarstaurar standa út úr garðlaginu á stöku stað og girðing einhvern tímann legið ofan á því. Garðlagið er alveg gróið en það hafa komið rof í það á stöku stað, líklega vegna ágangs sauðfjár. Ekki sést glitta í steina í garðlaginu og flest bendir til þess að það hafi verið torfhlaðið. Hlutverk garðlagsins er óþekkt en líklegt að hér sé um vörslugarð að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:035** þúst óþekkt
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var mannvirki, sennilega lítill kálgarður eða rétt, um 100 m vestan við bæ 001. Hann hefur mögulega verið þar sem lítil dæld er á vesturbrún Fjósadals.
Fjósadalur er allbreið og djúp dæld í hólasamstæðuna sem Oddi er byggður á og umhverfis. Kirkjugarðurinn er vestan við hann og norðan við hann er hesthús. Af vesturbrún dalsins er bratt niður á gamalt tún sem nú er beitarhólf. Allt er grasi gróið á þessum slóðum.
Á þessum slóðum er dæld sem líklega er síðustu leifar kálgarðsins. Hún er um 4x6 m að innanmáli, snýr norður-suður. Hún hallar niður í Fjósadal til austurs. Mesta dýpt er um 0,4 m. Ekki er hægt að segja til um það með nokkurri vissu hvort hér var kálgarður eða rétt, eða eitthvað annað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917; Ö-Oddi, 8

**RA-311:036** heimild um kálgarð

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var mannvirki, að líkindum kálgarður, á milli útihúss 006 og kirkjugarðs 002, um 45 m austan við bæ 001.
Malbikað bílastæði er nú þar sem kálgarður var áður.
Ekki sést til minja.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-311:037** gerði kálgarður 431628 364263
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stór kálgarður um 140 m sunnan við bæ 001. Kálgarðurinn var upphaflega skráður árið 2009 en skráningin var endurskoðuðu árið 2020 í tengslum við Oddarannsóknina og henni breytt. Leifar af kálgarðinum sjást á yfirborði og eru þær á lágri hæð í sléttu túni niður við Ekrutjörn. Þar var áður fjós 012.
Túnið er smáþýft og grösugt og er ekki lengur slegið. Ekki stendur lengur vatn í Ekrutjörn en hún er deiglend og grösug.




*Kort sem sýnir leifar af kálgarði 037/fjósi 012, tóft 083 og garð 074. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



*Horft yfir leifar af kálgarði 037/fjós 012 til suðvesturs.*

Á yfirborði sést stór, flöt þúst sem er 42x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Eru horn hennar rúnuð og stendur hún um 1 m upp úr umhverfi sínu. Eru hér leifar af torfhlöðnu gerði sem hefur afmarkað kálgarðinn en sléttað hefur verið yfir það og ekki sjást innri brúnir veggja.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-311:038** álagablettur
Í bókinni Þykkskinna, eftir Helga Hannesson, segir: “Tvær af sjö hjáleigum Oddastaðar hétu Vindás [RA-
313] og Strympa [RA-314]. Í engjum þeirra voru blettir sem bannað var að slá [sjá einnig 033]. [...] Hinn var Hólmi í svonefndri Vindáseyri. Sá sem gengi í berhögg við bannið átti búrauna von,.” Hólminn er um 1,3 km sunnan við Núninga 028 og um 1,7 km suðvestan við bæ 001.

Hér er nú uppþornuð mýri og hólminn nánast landfastur.
Á þessum slóðum eru sléttir, grasivaxinn flákar með smáþýfðum bökkum. Ekki var hægt að sjá nákvæmlega hvaða hólma átt var við.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**HH: Þykkskinna, 137

**RA-311:039** *Byrgishólmi* örnefni stekkur
"Ofanvert við Kragabakka er Byrgishólmi, einnig frá Kraga [RA-317], þegar fært var frá voru lömb byrgð í þessum hólma; hann er um 50 hesta stykki," segir í örnefnalýsingu. Ingimar Ísleifsson, heimildamaður, kannaðist ekki við að mannvirki væru í Byrgishólma. Skrásetjarar urðu þess heldur ekki varir.
Hólminn er um 340x100 m að stærð og grasivaxinn. Hann er nú landfastur að norðan og austan en þar er þurr árfarvegur. Kvísl úr Þverá rennur fyrir sunnan og vestan hólmann.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**Ö-Oddi, 3

**RA-311:040** garðlag traðir 431512 364425
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir austur-vestur, frá bæ 001 og norður fyrir For 315:001. Traðirnar sjást vel á kafla, um 150 m vestan við bæ 001.
Traðirnar liggja upp grasi gróna brekku og er girðing meðfram þeim þar sem þær sjást. Þær eru á túnamörkum og er garðlag sem afmarkar þær til norðurs óslegið. Norðan við traðarvegginn er arfahóll og var tekin mold úr honum í kirkjugarðinn að sögn Ingimars Ísleifssonar, heimildamanns.
Traðarveggur sést enn sem afmarkað hefur traðir til norðurs. Hann er um 88 m langur og er rof í hann á tveimur stöðum. Hann liggur austur-vestur og er um 0,8 m á hæð og um 0,6 m á breidd. Hann endar norðan við hesthús þar sem býlið For 315:001 var áður. Garðurinn er líklega torfhlaðinn, engar grjóthleðslur sjást í honum. Þar sem traðirnar liggja upp brekkuna er renna milli brekku og traðarveggjar á um 40 m löngum kafla, að austurenda traðanna. Rennan er um 2 m breið. Samkvæmt Þorvarði Jónssyni frá Vindási voru traðirnar áður grynnri en ekið hefur verið við þær á vélknúnum ökutækjum og þær dýpkað við það.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-311:041** *Borgarflatir* þúst fjárskýli
"Bærinn Sólvellir stendur á Hólaflötum. Norðvestur af þeim eru Borgarflatir, þar stóðu topphlaðnar borgir frá Kumla [RA-312] og Vindási [RA-313]," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Ingimars Ísleifssonar, heimildamanns, var þetta suðaustan við Sólvelli en ekki til norðvesturs eins og segir í örnefnaskrá. Örnefnið Borgir er sýnt suðaustan við Sólvelli inn á herforingjaráðskort og er hér um sama stað að ræða. Blautar og sléttlendar mýrar eru fyrir norðvestan Sólvelli og

afar ólíklegt að fjárborgir hafi verið þar. Fjárskýlin voru um 580 m suðvestur af Smalaskála 011 og um 1,8 km VSV við bæ 001.
Þar sem fjárborgirnar stóðu er nú grasivaxinn, lágur hóll í grónum, smáþýfðum móa með þurrum mýrardælum. Um 15 m vestan við Borgarflatir er grænkálsakur.
Ekki sjást skýr ummerki fjárborga á yfirborði. Hins vegar er þar þúst, um 20 m í þvermál, um 0,5 m á hæð og grasivaxinn. Þýfðir bakkar eru í henni og hleðsla sem gengur til norðurs. Austurhlið þústarinnar er með þýfðum bakka, um 0,3 m á hæð, bogadregnum og grónum. Hleðslan er um 10 m löng, 0,8 m há og 0,4 m á hæð. Hún er torfhlaðin og stungið hefur verið ofan í þurra mýrina umhverfis hana. Fjárborgirnar hafa að öllum líkindum verið í þústinni og líklegt að mannvist leynist þar undir sverði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**Ö-Oddi, 5; herforingjaráðskort

**RA-311:042** garðlag beitarhús
Fjárhús frá Vindási RA-313 voru í grónu túni suðaustan við nýbýlið Sólvelli. Beitarhúsið var um 2,1 km norðvestan við bæ 001 og tæpa 2 km norðvestan við Vindás 313:001.
Garðlag liggur eftir grónum hrygg sem liggur til norðausturs eftir grasivöxnu og sléttu túni. Allt umhverfis hrygginn er slétt, grasivaxið tún.
Engin ummerki tófta sjást á þessum slóðum. Einu mannvistarleifarnar eru garðlag sem snýr suðvestur-norðaustur. Það sést á um 85 m löngum kafla og hverfur í grasivaxið og slétt tún. Garðlagið er torfhlaðið, um 1 m á breidd og 0,7 m á hæð. Víða er komið rof í það vegna vinds og ágangs búpenings. Hlutverk garðlagsins er óþekkt en mögulegt er að það hafi tengst beitarhúsunum sem stóðu á þessum slóðum og eru líklega horfin í tún.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:043** *Tættarhóll* heimild um óþekkt
“Austur af henni [Ullardælu 044] er Tættarhóll. Liggur vegurinn [661:002] að Varmadal hjá honum,” segir í örnefnalýsingu. Hvorki Ingimar Ísleifsson né Þorvarður Jónsson, heimildamenn, höfðu heyrt örnefnið Tættarhóll né vissu hvar það gæti verið að finna. Þeir könnuðust ekki við neinn hól austur og norðaustur af bæ 001 þar sem tóftir væri að finna og engar fornleifar fundust á svæðinu austur af Ullardælu. Það svæði hefur blásið upp og þar eru nú slétt grasivaxin tún og þýfður mói.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Ö-Oddi, 6

**RA-311:044** *Ullardæla* heimild um þvottastað
“Norður af Vindási [RA-313] er svonefnd Ullardæla. Þvo Vindásmenn ull sína í henni,” segir í örnefnalýsingu. Ingimar Ísleifsson og Þorvarður Jónsson, heimildamenn, könnuðust hvorugir við örnefnið Ullardæla. Þeir töldu þó líklegt að hún hefði verið í mýri norðan við Vindás sem

búð er að ræsa fram með skurðum. Þar sé enn og hafi verið mikið af dælum sem vatn safnist í á vetrum. Hver þeirra sé Ullardæla viti þeir ekki. Þvottastaðurinn hefur verið um 300 m norðvestan við bæ 001.
Þar sem Ullardæla var er nú grasivaxinn og sléttur mói. Móinn er með náttúrulegum hæðum og lægðum.
Engin ummerki þvottastaðar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**Ö-Oddi, 6

**RA-311:045** garðlag óþekkt
Tvö lítil garðlög og þúst eru um 40 m vestan við bæ 001 í gamla túninu.
Lítill óræktarblettur er norðan við kirkjugarð 002, á milli flatarinnar þar sem bærinn 001 stóð og hesthúss þar sem bærinn For 315:001 stóð. Garðlögin eru fast norðan við hólenda sem er í framhaldi af bæjarhól Strympu 314:001. Eitthvert rask virðist hafa orðið við hólendann. Þar er lítill timburkofi, mögulega leiksvæði barna.
Garðlögin tvö og þústin eru á svæði sem er um 10x11 m að stærð og snýr norður-suður. Garðlag A er austar, það er um 6 m á lengd, liggur norður-suður en beygir örlítið til austurs í norðurenda. Garðlag B liggur í L, er 5,5x2,5 m að stærð, snýr austur-vestur. Um 3 m skilja garðlögin að en þau virðast ekki hafa verið samtengd. Mesta hæð er um 0,4 m og mesta breidd um 0,5 m. Um 3 m norðaustan við garðlag B er þúst C, grasi gróin, um 2 m í þvermál og um 1 m á hæð. Ekki er útilokað að garðlögin séu leifar af kálgarði en það er óvíst. Minjarnar eru á svæði sem er mikið raskað vegna vegagerðar og bygginga á báða bóga og er því talið að um ung mannvirki sé að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:046** garðlag óþekkt
Fyrir suðvestan nýbýlið Sólvelli eru þrjú garðlög. Þau eru tæpa 20 m suðaustan við túngarð 027 og um 2,7 km suðvestan við bæ 001.
Garðlögin eru í grasivöxnum og þýfðum móa með uppblásnum móbergshryggjum.
þrjú garðlög eru á svæði sem er 40x40 m að stærð. Þau eru öll grasivaxin og um 0,4 m á hæð. Garðlögunum virðist öllum hafa verið raskað og ekki eru skýr tengsl á milli þeirra né garðlags 027 sem liggur skammt vestan þeirra. Garðlag A er norðaustast. Það er um 90 m langt, snýr norðvestur-suðaustur og að öllum líkindum torfhlaðið. Garðlag B er um 25 m suðvestan við garðlag A. Það er um 10 m langt, snýr norður-suður og torfhlaðið. Garðlag C er um 10 m suðvestan við garðlag B. Það er á milli garðlaga A og B. Það er tæplega 20 m langt og hlykkjast austur-vestur. Garðlögin hafa að öllum líkindum verið vörslugarðar en annars er hlutverk þeirra óþekkt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:047** garðlag túngarður
Garður er meðfram norðurhlið túns sem tilheyrir Sólvöllum. Það nær frá merkjum á Smalaskálaholti 011 og langleiðina heim að Sólvöllum. Garðurinn er um 2,3 km norðvestan við bæ 001.
Garðurinn liggur að mestu leyti á mörkum sléttaðs túns og mýrar.
Garðurinn er um 550 m langur, snýr norðaustur-suðvestur. Hæstur er garðurinn um 0,8 m og um 0,7 m á breidd. Ekki sjást grjóthleðslur í honum og er hann að líkindum torfhlaðinn. Gömul girðing er ofan á honum. Hann er nokkuð gróinn en sumstaðar er rof í hann. Garðurinn er sennilega ekki eldri en byggð á Sólvöllum (frá 1930) og er mögulega túngarður býlisins. Garðurinn er þá ekki fornleifa í lagalegum skilningi þess orðs en er skráður vegna þess að hann hefur fornt byggingarlag.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:048** garðlag óþekkt
Fjögur garðlög sjást í sléttu túni, rúma 550 m vestan við bæ 001. Um 50 m austan við garðlögin liggur vegur að Sólvöllum. Garðlögin eru á sléttu svæði en mishæðir eru til suðurs, allt að bárujárnsklæddum fjárhúsum sem notuð eru frá Langekru RA-316.
Garðlögin eru í sléttu, grasivöxnu túni.
Garðlögin eru á svæði sem er um 60x30 m að stærð og snýr norður-suður. Þar sjást fjórir garðstubbar sem fá bókstafi til aðgreiningar. Ekki eru skýr tengsl á milli þeirra þar sem svæðinu hefur verið raskað. Garðlögin eru frá 0,3 - 0,7 m á hæð og grasivaxin. Garðlag A er syðst. Það er tæpir 20 m á lengd og liggur austur-vestur. Garðlag B er rúmum 10 m norðan við garðlag A. Það er tæpir 20 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Garðlag C er um 10 m NNV við garðlag B. Það er um 20 m á lengd og liggur í 90°horn. Það liggur norður-suðurs og beygir síðan til vesturs. Garðlag D er tæpum 20 m norðaustan við garðlag C. Það er tæpir 10 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Tilgangur þessara garðlaga er óviss.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:049 01** *Skiphóll* þjóðsaga legstaður 429042 365254
"Skiphóll heitir einn hóll, hét Knarrahóll (Þjóðs. J.Á. I. bls. 488). Þar á að vera heygt skip með allri áhöfn. Úr því á að vera Oddakirkjuhurðarhringurinn, hinn mesti hér á landi. Hringurinn á hafa fundizt á dögum Sæmundar fróða," segir í örnefnaskrá. Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar hefst sögnin á þessa leið: "Skip kom af hafi fyrir sunnan land og braut við Rafnstóftir [RA-480]. Létust menn allir. Skipið var fært heim til Odda og haugsett með öllum sínum skipverjum í hól einum fyrir ofan bæinn í Odda. Var mælt að hér mundi mikið fé fólgið vera." Í neðanmálsgrein segir að Knararhóll heiti nú Gammabrekka, sjá 026. Höfundur örnefnaskrár hefur ekki stuðst við sömu útgáfu Þjóðsagna Jóns og hér er gert og kann að vera að þar sé ekki tekið fram að Knararhóll heiti nú Gammabrekka. Ekki er ljóst hvort frekari rök séu fyrir því að Knararhóll og




*Kort sem sýnir staðsetningu og umfang ummerkja um meinta hella í Skiphóli 049. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Skiphóll sé sami hóllinn önnur en þau að örnefnin hafi sömu merkingu. Erfitt er að fullyrða um það hvorum hólnum sögnin fylgdi upphaflega. Orðalagið í Þjóðsögum Jóns Árnasonar gefur hins vegar skýrt til kynna að þar er um þann hól að ræða sem nú heitir Gammabrekka ("[...] í hól einum fyrir ofan bæinn í Odda."). Skiphóll er hins vegar mun nær Hrafntóftum RA-480 þar sem skipið á að hafa strandað en Gammabrekka. Skiphóll er um 2,7 km norður af Odda 001. Hann var fyrst skráður árið 2009 en farið var aftur að honum sumarið 2020 í tengslum við Oddarannsóknina og þá sáust ummerki um tvo manngerða hella í norðvestanverðum hólnum. Voru þeir skráðir undir sér einingarnúmerum.

Skiphóll er á mörkum milli mýrlendis og þurrlendis.

Hóllinn er um 170 m langur ef frá er talinn lágur rani sem liggur til norðausturs frá honum. Hóllinn snýr norðaustur-suðvestur og er hæstur um 20 m á hæð, hækkar í suðvesturenda. Breiðastur er hóllinn líklega um 40 m. Af hólnum sést víða um sveitir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Oddi, 5; ÞJÁ I, 472

**RA-311:049 02** hellir óþekkt 429032 365257

Ummerki um meintan helli 02 eru norðaustan við miðjan Skiphól þar sem nokkuð afgerandi lægð gengur inn í hólinn á norðvesturhlið hans. Lægðin er um 6 m í þvermál og opnast til norðvesturs, út í Oddaflóð. Talsvert umfangsmeiri ummerki um helli 03 eru fast suðvestar.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:049 03** hellir óþekkt 429018 365251



*Ummerki um hella 049_02 og 03, horft til suðausturs.*

Ummerki um meintan helli 03 eru norðaustan við miðjan Skiphól þar sem mjög afgerandi lægð gengur inn í hólinn á norðvesturhlið hans. Er hún fast suðvestan við meintan helli 02. Lægðin er um 9 m í þvermál og opnast til norðaustur, út í Oddaflóð.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:050** náma rista

Greinileg ummerki torfristu eru um 70 m sunnan við kálgarð 009 og um 600 m norðvestan við bæ 001.

Torfristan er í smáþýfðum, mosa-og grasivöxnum móa.

Ummerki torfristu sjást á svæði sem er um 250x70 m að stærð og snýr austur-vestur. Þar eru þýfðir bakkar með sléttlendi umhverfis sem og greinilegar ristugrafir. Það sjást yfir 50 skýrar ristur en erfitt er að meta nákvæman fjölda þeirra. Stærstu ristirnar eru um 12x12 m að stærð en þær minnstu um 9x3 m. Risturnar snúa misjafnlega en allar eru þær um 0,3 m djúpar. Þýfðu bakkarnir eru einnig um 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:051** *Fjárhúshóll* frásögn fjárhús

Fjárhúshóll er suðaustan við Kraga RA-317 að sögn Ingimars Ísleifssonar, heimildamanns. Fjárhúshóll er tæpum 450 m sunnan við bæ 001 og um 220 m austan við útihús 317:003.

Fjárhúsin voru á grónu rofabarði sem snýr norðvestur-suðaustur. Barðið er um 2 m á hæð og hvergi mótar fyrir tóftum. Þar er nú slétt, grasivaxið tún.

Engin ummerki fjárhúss sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:052** þúst óþekkt

Hleðsla og þúst sjást um 5 m austan við malarveg er liggur að Sólvöllum. Hleðslan er um 240 m vestan við Jónhjáleigu 031 og rúmum 320 m vestan við bæ 001.

Minjarnar eru í norðvesturenda grasivaxins túns sem liggur meðfram malarveginum. Gaddavírsgirðing, sem girðir af annað tún, liggur fast austan við þústina.

Þúst og hleðsla eru á svæði sem er 16x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garðlagið

er austast. Það er um 16 m langt en op er á því miðju og liggur kindagata þar í gegn. Hleðslan er um 0,4 m á hæð og um 1 m á breidd. Garðlagið er grasivaxið og torfhlaðið. Fyrir vestan það er stórþýft svæði, um 12x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er þar og ber einna hæst í þýfinu. Hún er um 6x6 m að stærð, 1 m á hæð og hægt er að sjá útlínur hennar. Garðlagið endar við skurð til suðurs og ekki útilokað að það hafi verið lengra. Minjarnar eru allar grasivaxnar. Ekki er ljóst hvaða tilgangi þessi mannvirki hafa þjónað.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:053** gerði óþekkt 428301 364897



*Gerði 053. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Gerði er norðan við Kamphól. Gerðið er um 3,3 km VNV við bæ 001. Það var upphaflega skráð 2009 þegar aðalskráning fornminja var unnin fyrir jörðina. Farið var aftur á vettvang 2020 í tengslum við Oddarannsóknina og þá var gerðið mælt upp. Uppgefnum tölum um stærð var breytt í kjölfarið en að öðru leyti stendur skráningin óbreytt.
Flatlendi við Þverá, gróið land.
Gerðið er einfalt, um 25x12,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru breiðastir um 0,4 m og mesta hæð um 0,3 m. Veggir virðast vera torfhlaðnir. Ekki sést op á gerðinu. Girðing hefur verið ofan á gerðinu og líklegt að það sé ekki mjög gamalt en þar sem það virðist vera torfhlaðið er það skráð. Ekki er vitað um hlutverk gerðisins en líklega hefur verið einhvers konar aðhald á þessum stað.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:054** tóftaþyrping óþekkt
Um 370 m norðaustan við Grænhól 017 er hólbarð sem ekki hefur sérstakt nafn að sögn Ingimars Ísleifssonar, heimildarmanns. Þar er að finna sjö tóftir sem standa þar í nánast beinni röð eftir vesturbrún hólsins. Tóftirnar eru um 1,3 km norðaustan við bæ 001.
Tóftirnar eru á um 0,5 m háu hólbarði sem snýr norður-suður. Umhverfis tóftirnar eru hólar. Tóftirnar eru í grasivöxnum, smáþýfðum móa með þurrum mýrardælum. Tóftirnar sjálfar eru vaxnar grasi, fíflum og smárablómum.
Sjö tóftir eru á svæði sem er um 160x40 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar í eftirfarandi lýsingu.Tóft A er austast á um 0,7 m háum hól. Tóftin er um 15x5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er austar. Það er um 3x3 m að innanmáli og opið til austurs. Norðurhlið hólfsins er greinilegust og eru veggurinn þar um 0,5 m að hæð. Annars eru veggirnir 0,2-0,3 m háir. Hólf 2 er um 10x2 m að

stærð, snýr norðvestur-suðaustur og veggirnir aðeins um 0,2 m að hæð. Ekki er hægt að greina hvar gengið var inn í hólfið. Veggir tóftarinnar eru allir grasivaxnir og þýfðir. Tóft B er um 30 m vestan við tóft A. Hún er um 16x7 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar og er 3x3 m að innanmáli. Að utan eru veggirnir um 0,6 m að hæð en að innan um 0,2. Ekki mótar fyrir dyrum inn í hólfið. Hólf 2 er norðar, er 5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir hólfsins eru um 0,4 m að hæð, grasivaxnir og hvergi mótar fyrir grjóti né dyrum. Tóftin er á lágum hól, um 0,5 m háum. Tóft C er um 25 m norðvestan við tóft B. Hún er um 15x5 m að stærð, snýr NNA-SSV og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar, snýr eins og tóft og er um 7x4 m að innanmáli. Veggir hólfsins eru um 0,3 m að hæð. Hvergi mótar fyrir inngangi og veggirnir eru alveg grónir. Hólf 2 er um 7x5 að innanmáli og snýr eins og tóft. Veggir hólfsins eru um 0,6 m að hæð en að innan um 0,3 m. Tóftin er á um 0,5 m háum hól. Ekkert op er á hólfinu. Tóft D er um 20 m NNV við tóft C. Hún er 15x7 m að stærð, snýr norður-suður og er tvískipt. Hólf 1 er norðar. Það er um 7x5 m að stærð, snýr norður-suður en hvergi mótar fyrir inngangi. Veggir hólfsins eru um 0,5 m að utan en um 0,2 m að innan. Hólf 2 er um 2x2 m að innanmáli, veggirnir um 0,3 m að hæð en hólfið virðist hafa verið opið til suðurs. Tóft E er um 15 m vestan við tóft D. Hún er um 12x12 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er syðst í tóftinni. Það er 7x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru um 0,5 m að hæð og grasivaxnir. Hólfið virðist hafa verið opið til vesturs. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 5x2 m að innanmáli, snýr austur-vestur og hvergi mótar fyrir opi. Veggirnir eru um 0,4 m á hæð og grasivaxnir. Hólf 3 er austan við hólf 2. Það er um 2x2 m að innanmáli og hvergi mótar fyrir inngangi. Veggirnir eru um 0,3 m á hæð. Tóft E er um 5 m norðan við tóft D. Hún er um 20x15 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er nyrst í tóftinni. Það er um 12x5 m að innanmáli, snýr austur-vestur og er opið til vesturs. Veggirnir eru um 0,5 m að hæð. Hólf 2 er sunnan við hólf 1. Það er 12x5 m að innanmáli, snýr austur-vestur og dyr hafa verið í norðvesturhorni. Veggirnir eru um 0,5 m að hæð. Hólf 3 er syðst. Það er 10x2 m að innanmáli og hvergi sést op. Veggirnir eru um 0,4 m að hæð og grónir. Vegslóði liggur milli tóftar E og F. Tóft G er um 3 m norðan við tóft F. Hún er sigin og veggirnir óskýrir, sérstaklega sá syðsti. Tóftin er 8x5 að stærð, er einföld og snýr austur-
vestur. Hún er opin til vesturs. Veggirnir eru um 0,2 - 0,4 m að hæð. Telja verður líklegtað tóftinar séu af beitarhúsum, þær eru allar svipaðar að gerð og lögun. Ekki var að sjá vallargarð umhverfis tóftirnar né geta heimildir þess að býli hafi erið á þessum slóðum.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:055** tóftir beitarhús

Þrjár tóftir eru á Torfholti 016 en samkvæmt Ingimari Ísleifssyni, heimildamanni, átti Skúli Skúlason, prestur í Odda 1887-1918, fjárhús á Torfhól á 19. öld og kunna tóftirnar að vera leifar þeirra. Tóftirnar eru um 600 m suðaustan við bæ 001.

Torfhóll er langur hóll í framræstri mýri, hóllinn snýr norðaustur-suðvestur.

Minjarnar eru á svæði sem er um 41x18 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í lýsingunni

hér á eftir fær hver tóft bókstaf til aðgreiningar. Tóft A er austast á svæðinu, á suðaustanverðum hólnum, niður við meint torfristusvæði 016. Tóftin skiptist í fjögur hólf og er um 6x6,5m að stærð. Hún snýr norðvestur-
suðaustur. Hólf I er í suðurhorni tóftar. Það um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því hólfi til suðvesturs yfir og annað yfir í hólf II til norðausturs. Hólf II er um 1,5x2,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Suðausturendi þess er útflattur og þar kann að hafa verið op en svæðið er nú mjög óljóst. Norðvestan við II er hólf III, líklega gerði eða heystæði. Veggir þess eru mun mjórri en annarsstaðar eða 0,3-0,4 m. Þetta hólf er um 3x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er skýrt op á því en rof er í vegg í norðausturenda og þar kann að hafa verið op. Hólf IV er afar smátt, norðvestan við hólf I. Það er um 1x0,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Örmjótt op er á því til suðvesturs. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,6 m og breidd veggja er mest um 0,8 m. Efni í tóftina hefur verið stungið upp í kringum hana og myndar það nokkurs konar niðurgrafinn kraga utan um hana sem er 3-5 m breiður. Tóft B er um 8 m vestan við tóft A, á hólnum. Hún er tvískipt en er mjög sigin og óskýr. Hún er um 5 m í þvermál. Hólf I er nokkuð skýrt. Það er um 2x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf II er um 5x1,5 m að innanmáli en veggir þess eru nær útflattir. Hólfið snýr eins og hólf I. Mesta hæð veggja er um 0,3 m. Tóft C er um 20 m suðvestan við tóft B, á hólnum. Hún er orðin óskýr vegna þess að jeppaslóði og skepnugötur liggja yfir hana. Hún virðist vera um 10x6 m að stærð og snýr norðvestur-
suðaustur. Mögulega hefur veggur skipt tóftinni í tvennt, annars vegar í hólf sem er 4x4 m að innanmáli og hins vegar í hólf sem er um 3x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er skýr veggur í suðausturenda en þar er brún í halla sem kann að vera rof. Það nær 3 m lengra til suðvesturs en áætluð mörk tóftar út frá veggjum sem enn sjást. Mesta hæð veggja er um 0,3 m.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:056** þúst tjaldstæði
Tóft er um 600 m suðaustan við Byrgishólma 039. Ingimar Ísleifsson, heimildamaður, telur líklegt að þetta hafi verið skýli fyrir sláttufólk úti á engjum. Tóftin er um 1,4 km vestan við fjárhús 024 og 2,7 km vestan við bæ 001.
Þústin er á sléttum ármel, sem áður hefur verið hólmi. Þar vex nú gras.
Þústin er um 5x5 m að stærð, einföld og grasivaxin. Austur- og suðurveggur hennar sjást en hinir veggirnir virðast raskaðir. Þeir eru 0,4 m á hæð en að innan er þúfa í miðri tóftinni. Renna liggur utan með austurvegg en tilgangur hennar er óljós.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:057** tóftir óþekkt
Tvær litlar tóftir eru um 1,8 km norðvestur frá bæ 001.
Flatlendur lyngmói er umhverfis tóftirnar. Til austurs er slétt tún þar sem þökur eru skornar.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 85x2 m að stærð og snýr norður-suður. Um 82 m eru á milli tóftanna. Þær eru báðar um 1,5  í þvermál en syðri tóftin er samanfallin. Engin op eru á tóftunum og mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Tóftirnar eru torfhlaðnar og dálítið rof er við nyrðri tóftina. Ekkert er vitað um hlutverk tóftanna.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:058** náma mógrafir
Mógrafir eru um 800 m NNV við bæ 001 og tæpa 350 m norðaustan við kálgarð 009.
Mógrafirnar eru í sléttum og grasivöxnum móa.
Mógrafirnar hafa verið teknar umhverfis blautan mýrarpoll. Svæðið er um 110x90 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Svæðið er mun mjórra til norðurs en suðurs.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:059** heimild um ferju
"Syðst oddinn milli ánna heitir Króktangi.  Þar er ferja yfir að Fróðholtshjáleigu [RA-267]," segir í örnefnalýsingu. Í þúsund ára sveitaþorpi segir: "... sumarið 1846 afsegja bændur á tveimur lögferjustöðum á henni [Þverá] að ferja þar lengur.  Þessar lögferjur voru hjá Dufþaksholti og Fróðholtshjáleigu."  Hreinn Árnason frá Fróðholtshjáleigu, sagði að ferjan hafi verið mikið notuð fram til 1932. Ferjað var um 2,3 km sunnan við bæ 001 og um 730 m vestan við Bátsvað 061. Þar eru nú sandtangar í ánni þar sem Rangá kemur í Þverá.
Þar sem vaðið var á ánni er áin lygn rétt austan við ármótin en þrengist þar og verður straumharðari.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**Ö-Oddhóll, 2; Árni Óla:  Þúsund ára sveitaþorp, 59

**RA-311:060** tóft óþekkt
Við yfirferð loftmynda fannst tóft tæpum 650 m norðan við bæ 001 og tæpum 450 m NNA við ristu 050. Tóftin er um 25 m norðvestan við hús, að öllum líkindum fjárhús, sem byggt er á 20. öld. Mögulegt er að tóftin sé leifar af eldri fjárhúsum. Skurður liggur fast norðvestan við tóftina. Tóftin er í sléttu og grasivöxnu túni.
Tóftin er 30x18 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist skiptast í þrjú hólf en þau gætu mögulega verið fleiri. Ekki er hægt að áætla nákvæma stærð hólfanna, aldur tóftarinnar né ástand hennar af loftmyndinni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:061** *Bátsvað* heimild um vað
"Enn vestar er Bátsvað, alldjúpt landa á milli," segir í örnefnalýsingu. Bátsvað er um 980 m vestan við Klaufarvað 062 og um 2,4 km austan við bæ 001.
Þar sem vaðið var á ánni eru bakkar árinnar háir beggja vegna og hún djúp. Bakkarnir eru grónir en suðvestan við er malarkambur.

Engin ummerki vaðsins sjást á þessum stað.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**Ö-Oddhóll, 2

**RA-311:062** *Klaufarvað* heimild um vað
"Vestar í engjunum, rétt við ána, er hár og sléttur hóll, sem nefndur er Ferstikla, skammt vestar er Klaufarvað á Rangá," segir í örnefnalýsingu. Klaufarvað er um 2,4 km ANA við bæ 001 og um 1,45 km ASA við gamla Oddhól 274:001
Þar sem vaðið var á ánni rennur áin til vesturs, lygn og breið. Bakkar hennar eru lágir beggja vegna. Að norðan er gras fast við ána og þá malarbakki en að sunnan er bakkinn smáþýfður og gróinn.
Beggja vegna árinnar eru bakkar hennar rofnir svo skín í svartan sandinn. Líklega hefur verið farið þar upp úr ánni.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**Ö-Oddhóll, 2

**RA-311:063** tóft heystæði
Um 2,2 km suðaustan við bæ 001, um 150 m frá Bátsvaði 062 er tóft.
Tóftin er í smáþýfðum móa sem teygir sig til allra átta.
Tóftin er einföld um 6x5 m stór og snýr norður-suður. Op er á miðjum suðurvegg hennar. Hleðslur tóftarinnar eru að nokkru leyti hlaupnar í þúfur en lag hennar er ennþá skýrt. Hleðslurnar eru hæstar um 0,5 m, hvergi sér í grjót í þeim. Fríða Hildur Steinarsdóttir, heimildamaður sagði að móinn hafi áður jafnan verið slegin og er líklega sé tóftin heystæði.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:064** *Jónshjáleiga (Tröð)* heimild um býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir: "Meinast fyrst bygð í tíð Sr. Snæbjörns Stephánssonar, er hjelt Odda. ... Engjar eru votar mjög og næst ekki hálfpartur af þeim nema í bestu þerrasumrum. Hinu öðru engjaplátsinu grandar grjót og aur, sem Rangá uppá ber í ísaleysíngum," . Vigfús Guðmundsson segir í grein sinni frá 1951-52: "Ekki verður nú með vissu vitað hvar þessi hjáleiga stóð, og heldur ekki Tröð. En þá (1711) hefir verið álitið, að þessi tvö nöfn hefðu verið notuð um sama býlið (...) að þau hafi öll [031] staðið við vesturtraðir staðarins [040] og aldrei verið í byggð, nema eitt þeirra í senn (...) Jónshjáleiga (Tröð), hafi staðið vestan við mynni sa.-traðanna [014], og þá inni á bezta staðartúninu,." Í Rangvelllingabók stendur: "Jónshjáleiga, sem öðru nafni nefndist Tröð, var ein af hjáleigum Oddastaðar, en ekki er ljóst hvar bær þessi stóð. Mun það annað hvort hafa verið framan (suðvestan) við austurtraðir [014] staðararins, austarlega, eða vestan Vindkvarnar [031], við vestri heimreiðina [040], þar sem hjáleigan For [RA-315] stóð síðar og þá um sama bæ að ræða

sem skipt hefur um nafn eftir að hafa verið í eyði um sinn,." Hér er eystri staðsetning býlisins skráð. Hún hefur verið um 50 m SSV við bæ 001 og um 80 m suðvestan við minni traða 014. Þar er nú kirkjugarður Oddakirkju.
Oddakirkjugarður er nú þar sem býlið var mögulega áður.
Engin ummerki býlisins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna líkagraftar
**Heimildir:**JÁM I, 262-263; VS: Rangvellingabók, 191; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 68

**RA-311:065** tóftir beitarhús
Um 1,27 km norðaustan við gamla Oddhól 274:001 og um 1,5 km austan við bæ 001 eru fimm tóftir. Fríða Hildur Steinarsdóttir heimildamaður sagði að þar hefðu verið beitarhús.
Tóftirnar eru á smáþýfðum mel.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 50x50 m stórt. Hér verður öllum tóftunum gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er í suðurhorni rústasvæðisins. Hún er um 17x12 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt. Hólf I er sunnar. Það er um 8x4 m stórt að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Hólfið er að hluta stungið niður og er dýpst um 1,6 m. Hólf II er stærra. Það er um 9x5 að innanmáli og snýr eins og tóftin. Engar dyr eru nú (2007) greinilegar á tóftinni en þær hafa líklega verið á miðjum norðvestur vegg hennar. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1,2 m. Hvergi sér í grjót í þeim. Hér hefur líklega verið fjárhús og sambyggð hlaða. Tóft B er um 7 m austan við tóft A. Hún er um 9x8 m stór og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er tvískipt. Hólf I er vestar, það er um 4x3 m stórt að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur, það er opið til norðausturs. Hólf II er einnig um 4x3 m stórt að innanmáli og snýr eins. Það er líka opið til norðvesturs. Ekki er gengt á milli hólfa. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1 m og hvergi sér í grjót í þeim. Tóft C er um 25 m norðaustan við tóft A. Hún er um 8x6 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er skeifulaga, opin til norðurs. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,9 m, hvergi sér í grjót þeim. Tóft D er um 2 m norðvestan við C. Hún er um 15x7 m stór og snýr suðaustur-norðvestur. Hún skiptist í fjögur hólf. Hólf I er suðaustast, það er um 4x2 m stórt að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Það er opið til suðvesturs, fast vestan við það er hólf II. Það er um 7x3 m stórt að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur, ekkert op er á því. Fast vestan við hólf II er hólf III. Það er um 2x2 m stórt að innanmáli, opið til vesturs auk þess sem gengt er úr því til austurs inn í hólf IV sem er fast sunnan við hólf II. Hólf IV er um 2x1 m stórt að innanmáli. Það er opið á miðjum austurvegg. Hvergi sér í grjót í tóftinni. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,5 m. Tóft E er um 5 m norðaustan við tóft D. Hún er um 12x10 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er tvískipt. Hólf I er austar. Það er um 5x4 m að innanmáli. Hólfið snýr norðvestur-suðaustur og dyr eru á því á miðjum suðaustur-vegg. Hólf II er fast vestan við hólf I. Það er um 4x3 m stórt að innamáli og snýr norðaustur-suðvestur. Engar dyr eru á hólfi II og ekki er gengt á milli hólfa. Hleðsluhæð tóftar E er mest um 0,6 m, hvergi sér í grjót í henni. Út frá fjölda tófta á svæðinu má leiða líkur að þvi að beitarhús hafi lengi verið á þessum stað og

að tóftirnar hafi ekki allar verið í notkun á sama tíma.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:066** þúst óþekkt
Um 650 m norðaustan við gamla Oddhól 274:001 og um 320 m norðan við þúst 067 er þúst.
Þústin er í þýfðum móa.
Þústin er um 30x12 m stór og snýr norður-suður. Á henni eru tveir toppar og við þá tvær dældir. Þústin er alls um 1,2 m há, séð frá suðri. Nyrðri toppurinn er ívið hærri, enda er á honum hundaþúfa, hann er nyrst á þústinni, fast suðvestan í honum er dæld. Hún er um 8x8 m stór og um 0,3 m djúp. Syðri toppurinn er fast sunnan og austan við hana. Austan við syðri toppinn er svo hin dældin. Hún er um 4x5 m stór og snýr norður-suður, hún er um 0,2 m djúp. Engar skýrar hleðslur eru á hólnum en hann stingur í stúf í flatlendum móanum og líklegt að einhver mannaverk leynist undir sverði í honum. Hugsanlega gætu hér hafa verið beitarhús í grösugum móanum um hálfan kílómeter frá bæ.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:067** þúst óþekkt
Um 630 m vestan við gamla Oddhól 274:001 og um 1,6 km suðaustan við bæ 001 er hóll í sléttu túni.
Hóllinn er vestast í sléttuðu túni.
Hóllinn er um 30x20 m stór, snýr norður-suður og um 2 m hár. Engar hleðslur eru á hólnum, en líklegt er að hér hafi verið úthús eða einhver önnur mannaverk. Hóllinn er áberandi í sléttu túninu. Hann hefur augljóslega sléttaður sem skýrir hvers vegna engar hleðslur sjást á honum lengur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:068** garðlag túngarður
Garðlag liggur með suður-, vestur- og norðvesturjaðri sléttaðs túns, um 540 m VNV við gamla Oddhól 274:001 og um 1,5 km austan við bæ 001.
Garðlagið liggur með sléttuðu túni, sunnan og vestan við það er slóði heim að gamla Oddhól 001 og þá þýfður mói.
Garðlagið liggur við suður-, vestur- og norðvesturjaðar sléttað túns. Það afmarkar svæði sem er alls um 225x70 m stórt og snýr austur-vestur. Garðlagið er alls um 330 m langt. Austasti hluti þess er um 10 m ANA við austasta enda garðlags 015. Þaðan liggur það um 47 m til vesturs þar sem það beygir til norðurs og heldur áfram um 57 m þar sem það beygir loks til NA, um 225 m þar sem það hverfur svo skyndilega. Garðlagið er hæst um 1,3 m en lægst um 0,5 m. Það er um 0,5 m breitt. Girðing er á garðlaginu nær allsstaðar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:069** hellir óþekkt 431574 364446

Svo virðist sem að forn lokaður og/eða samanfallinn hellir sé í Gammabrekku 026, í suðvesturenda hólsins um 50 m norðvestan við bæ 001.

Gammabrekka er hár og grösugur hóll, lítið sem ekkert þýfður. Fremur aflíðandi halli er niður af hæstu brún hólsins til suðvesturs.

Ummerkin um hellinn sjást sem allvíð en ekki djúp lægð í brekkunni. Sjá má ytri og innri mörk lægðarinnar. Hún er um 5 m í þvermál ef mælt er frá innri mörkum en sé mælt frá ytri mörkum




*Hellir 069, horft til NNA á ljósmynd.*

er innanmálið 9,5 m í þvermál. Ytri mörk lægðarinnar eru illgreinanleg efst og nyrst. Lægðin opnast til suðvesturs og er dýpt hennar 0,5-1 m. Framan við meintan helli er allstór flati sem er 6x12,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mörk flatans til norðvesturs og suðausturs eru óljós en hann nær lengra til suðausturs en lægðin þar sem hellisops er að vænta og er líkt og sá hluti hans sé stunginn út úr brekkunni. Allbrattur kantur er fram af flatanum til suðvesturs, einkum er nær dregur norðvesturenda. Heildarstærð þess svæðis sem ummerki um hellinn eru á er um 14,5x14,5 m að stærð. Í ágúst 2020 voru teknir nokkrir borkjarnar í lægðinni/hellisopinu og þar framan við. Í ljós komu komu mjög fornar minjar; torf og kol langt undir gjóskulögum frá 1510 og 1500, mögulega sást landnámslagið í torfi í einum kjarnanum. Þess má geta að efst í Gammabrekku, þar sem er útsýnisskífa, er afgerandi lægð milli tveggja hnúta í hóltoppnum og gæti þar verið samansiginn strompur ofan í hellinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:070** hellir óþekkt 431446 364578

Ummerki um fallinn helli eru vestanvert í lágum hólhrygg í túni við merkin móti Vindási RA-313. Minjarnar eru í vesturjaðri gamla heimatúnsins og rúmum 50 m suðvestan við traðir RA-313:004 að Vindási.

Sléttað, mishæðótt tún er hér í kringum hólhrygginn. Víða sést í sandstein upp úr grassverði í norðvesturjaðri hryggjarins.

Hellirinn sést sem djúp dæld milli sandsteinsbjarga sem standa upp úr grassverði. Svo virðist sem




*Hellir 070, horft til austurs á ljósmynd.*

að hellirinn hafi fallið fyrir löngu og jarðvegsrof komið i norðvesturhlið hólsins sem hellirinn var grafinn inn í. Þar hefur jarðvegur horfið og sést í sandstein. Innanmál lægðarinnar sem sést er 9,5x4,5 m og snýr hún ANA-VSV. Í heild eru ummerki um hellinn á svæði sem er 14x8,5 m að stærð og hefur sömu stefnu. Op inn í hellinn hefur verið úr vesturenda lægðarinnar. Þar er gróinn kragi og gæti hann verið leifar af torfhlöðnum forskála. Frá efstu brún sandsteinskletta eru 1,5 m niður í botn lægðarinnar. Mögulega má sjá í hellisloft í norðausturhorni þar sem gras mætir sandsteini en líklegra er að um náttúrumyndun sé að ræða. Ummerki um fleiri mögulega hella eru litlu suðvestar, í jaðri hryggjarins. Ekki er loku fyrir það skotið að þessara minjar hafi tengst býlinu Dvergasteini 030 sem staðsett var 110 m norðaustar þegar aðalskráning var gerð í Oddahverfi 2009.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:071 01** hellir óþekkt 431552 364366
Í örnefnalýsingu Odda segir: "Í útsuður af henni [Gammabrekku 026] er Vindkvörn." Vindkvörn er afgerandi hóll suðvestan við Oddakirkju og er að miklu leyti innan girðingar sem afmarkar kirkjugarðinn. Umfangsmikil ummerki um manngerða hella eru norðan undir háhólnum og sunnan við minjar um býlið Strympu RA-314:001 þar sem stytta af Sæmundi á selnum hefur verið komið fyrir. Sjá má sex meint op inn í hella og möguleg ummerki um stromp á svæði sem er 35x26 m að stærð og snýr NNA-SSV. Fjallað er sérstaklega um hvert op og meintan stromp og minjunum lýst undir stökum eininganúmerum.
Meint hellisop eru beggja vegna við hólhrygg sem gengur til NNA frá háhól Vindkvarnar. Bratt og allhátt er niður af hryggnum til VNV en girðing sem afmarkar kirkjugarð liggur eftir endilöngum hryggnum að VNV-verðu og er flatur stallur undir girðingunni. Sá hluti Vindkvarnar sem er innan kirkjugarðsgirðingar er sleginn að ASA-verðu en ekki að VNV-verðu þar sem er brattara.




*Kort sem sýnir hvar op virðast vera í hella 070 í Vindkvörn vestan við Oddakirkju. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Lýsingin hefst á ummerkjum um meintan stromp 01 en þau eru í NNA-enda svæðisins, mitt á milli meintra hellismunna 02 og 07. Á yfirborði sést mjög grunn lægð, vart greinanleg, sem er 2-3 m í þvermál og 0,1 m djúp.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:071 02** hellir óþekkt 431560 364358

Ummerki um op inn manngerða hella eru á tveimur stöðum í ASA-verðri Vindkvörn. Nyrðra opið 02 er 4,5 m NNA við syðra opið 03 og 20,5 m suðaustan við op 07.



*Ummerki um op inn í helli 071_02, horft til suðvesturs.*

Opin í ASA-verðri Vindkvörn eru í talsvert brattri brekku sem er slegin með kirkjugarðinum en vestustu leiðin í garðinum eru neðan við hellisopin. Brekkan verður meira aflíðandi en hækkar til suðurs.

Ummerkin sem sjást eru afgerandi og nokkuð regluleg og hringlaga lægð eða dokk sem er 4x3,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Er hún fremur grunn, 0,2-0,3 m á

dýpt, og opnast til suðausturs. Enginn munur sést á gróðri innan og utan lægðarinnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:071 03** hellir óþekkt 431556 364351


*Ummerki um op inn í helli 071_03, horft til suðausturs.*

Ummerki um op inn manngerða hella eru á tveimur stöðum í ASA-verðri Vindkvörn. Syðra opið 03 er 4,5 m SSV við nyðra opið 02 og 23 m suðaustan við op 07.

Opin í ASA-verðri Vindkvörn eru í talsvert brattri brekku sem er slegin með kirkjugarðinum en vestustu leiðin í garðinum eru neðan við hellisopin. Til suðurs verður brekkan meira aflíðandi og hækkar.

Ummerkin um meint hellisop sjást sem afgerandi og nokkuð regluleg og hringlaga lægð eða dokk sem er allstór, 4,5x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hún opnast til suðausturs. Er hún illgreinanleg og varla dýpri en 0,1 m. Neðan og suðaustan við lægðina er dálítil bunga sem gengur út úr brekkunni og gætu þar verið ummerki um forskála.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:071 04** hellir óþekkt 431541 364345


*Ummerki um fallinn helli 071_04, horft til ANA.*

Í SSV-enda minjasvæðisins er allstór aflöng laut í VNV-verðri Vindkvörn. Er hún fast sunnan við op 05 sem er sömu megin í Vindkvörn. Er hér líklega um fallinn helli að ræða sem hefur opnast til VSV.

Ummerkin um meintan fallinn helli eru í allbrattri en ekki hárri brekku. Hátt og snarbratt er fram af brekkunni til vesturs. Gróður innan lautarinnar er ekki frábrugðinn gróðri í kring ef frá er talið að innan hennar vex ekki puntur.

Lautin sem sést þar sem hellir virðist hafa fallið er 14x5,5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Hún er 0,2-0,8 m á djúp, dýpst í ASA enda þar sem hóllinn er hæstur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:071 05** hellir óþekkt 431536 364353



*Ummerki um op inn í helli 071_05, horft til ANA.*

Ummerki um hellismunna 05 er í VNV-verðri Vindkvörn, mitt á milli ops 06 og lautar 04. Þar sést grunn lægð í allbrattri en ekki hárri brekku. Snarbratt og nokkuð hátt er fram af brekkunni til vesturs. Gróður í lægðinni sker sig ekki frá gróðri sem vex utan hennar.
Lægðin er nokkuð afgerandi og hringlaga. Er hún 3,5x3 m að innanmáli, snýr austur-vestur og opnast til vesturs. Lægðin er 0,2-0,3 m djúp.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:071 06** hellir óþekkt 431536 364359



*Ummerki um op inn í helli 071_06, horft til ANA.*

Ummerki um hellismunna 06 er í VNV-verðri Vindkvörn, 13 m SSV við op 07 og 3,5 m norðan við op 05.
Þar sést grunn lægð í allbrattri en ekki hárri brekku. Snarbratt og nokkuð hátt er fram af brekkunni til vesturs. Gróður í lægðinni sker sig ekki frá gróðri sem vex utan hennar en þó er grasgróður innan hennar litlu lægri en utan hennar.
Lægðin er ílöng, 5,5x3,5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV, opnast til VSV. Er hún 0,1-0,2 m á dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:071 07** dæld 431540 364374



*Ummerki um op inn í helli 071_07, horft til ASA.*

Allra nyrst á svæðinu er svo að lokum meint hellisop í VNV-verðri Vindkvörn, 13 m NNA við op 06 og 20,5 m norðvestan við op 02.
Þar er mjög grunn lægð inn í aflíðandi brekku sem er um 6x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur og opnast til norðvesturs. Lægðin er ekki skýrt afmörkuð en hún er 0,2-0,3 m djúp og sjá má lítilsháttar mun á gróðri innan lægðarinnar en þar vex ekki ekki puntur líkt og utan hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:072** tóft beitarhús 431440 363631

Útflött tóft, líklega af beitarhúsum, er á stakstæðum, háum hól austan við langan en ekki háan hólrima. Tóftin er 780 m sunnan við bæ 001 og 270 m norðaustan við meint heystæði 073.
Í kringum hólana er mýri sem hefur verið þurrkuð upp og þar er tún sem virðist komið í órækt fyrir nokkru.




*Beitarhúsatóft 072, horft til norðurs á ljósmynd.*

Tóftin er torfhlaðin, 3x7 m að stærð og snýr NNA-SSV. Samansigið op er á henni í SSV enda. Í þeim enda er hóllinn meira aflíðandi en í NNA enda þar sem hann er hærri og brattari. Tóftin er lítillega niðurgrafin og sést eitt hólf í henni. Aftan við það, í NNA-enda, er flatur stallur þar sem ætla má að hafi verið heystæði. Veggir eru nánast útflattir, 0,1-0,3 m áhæð. Framan við tóftina til SSV er þýft og talsvert um ójöfnur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:073** tóft heystæði 431204 363505

Alltstór tóft er á þurrlendisrima í deiglendum engjum 270 m suðvestan við fjárhús 072 og 980




*Heystæði 073, horft til ANA á ljósmynd.*

m SSV við bæ 001.

Þýft og grasi vaxið er í kringum tóftina á víðfeðmu flatlendi. Mýrarlænur eru í kringum rimann og litlu sunnan við hann er lítil tjörn.

Tóftin er orðin mjög ólöguleg vegna þýfis og jarðvegsrofs sem er í henni miðri. Af þeim sökum er ekki hægt að greina innanmál en ætla má að hún hafi verið einföld. Tóftin er 13,5x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er víða 0,3-0,5 m á hæð en hæst er hún 0,7 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en út frá staðsetningu og útliti er líklegt að hér hafi verið heystæði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:074** garðlag óþekkt 431612 364294



*Mjög sigið og óljóst garðlag 074, horft til SSV.*

Afar ógreinilegt garðlag sem sést eins og lágur hryggur í túni Odda er fast norðan við fjós/kálgarð 012/037 niður undan Oddakirkju og kirkjugarði. Garðurinn virðist reyndar liggja frá norðvesturhorni þústarinnar sem þar sést og til NNA. Ekki er ljóst hvert hlutverk garðlagsins var eða hver tengsl hans við minjar 012/037 hafa verið.

Garðurinn er á flatlendu og nokkuð sléttlendu svæði í heimatúninu, rétt utan girðingar sem afmarkar kirkjugarð.

Garðurinn er 27 m langur og 3 m breiður. Hann er varla meira en 0,1 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:075** tóft fjárskýli 432341 364575

Stór, torfhlaðin fjárborg er á lágum hóli í smáhæðóttu flatlendi austan við Odda. Er hún 490 m NNA við Torfholt (sjá 016 og 055), 70 m sunnan við leið RA-661:038 og 760 m ANA við bæ






*Fjárborg 075, horft til norðausturs á ljósmynd.*

001.

Til austurs og norðurs er þýfður, flatlendur mói með deiglendum svæðum inn á milli. Lágir smáþýfðir hólar eru til vesturs og suðurs.

Tóftin er sigin en mörk hennar eru skýr. Hún er hringlaga, 10,5 m í þvermál. Ekki er ljóst hvar op hefur verið inn í hana en líklega hefur það verið á henni sunnanverðri eða vestanverðri. Þar eru veggir lægstir og aflagaðir. Hæstir eru veggir nyrst þar sem þeir eru 0,5 m. Breidd veggja er 2,5-4 m.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:076** tóft beitarhús 432140 364802

Lítil torfhlaðin tóft er austarlega á hólrima um 190 m norðan við Stórhól (sjá 013) og 670 m norðaustan við bæ 001.

Smáþýfður mói er hér í kring en breiður og djúpur skurður er norðan og norðaustan við hólrimann. Deiglent er hér og hvar í móanum, einkum norðan og norðaustan við tóftina en þurrt sunnan við.




*Beitarhús 076, horft til norðvesturs á ljósmynd.*

Tóftin er torfhlaðin og skiptist í tvö hólf. Hún er 9,5x6,5 m að stærð og snýr norður-suður. Norðurhluti hennar og nyrðra og minna hólfið stendur hærra, uppi á hólrimanum, en stærra hólfið er þar neðan við í lítilsháttar halla. Op er inn í það á austurhlið og úr því til norðurs inn í minna hólfið. Veggir eru farnir að síga en ytri og innri brúnir eru vel greinanlegar. Hleðsluhæð er 0,5 m þar sem hún er mest. Líklegt verður að teljast að þarna hafi verið fjárhúskofi með heykumli.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:077 01** hellir óþekkt 431596 364481

Greinilegur hruninn hellir er í norðvestanverðri Gammabrekku, norðaustan við háhólinn. Neðan og norðan við hann er allstór hvammur. Hellirinn er 38 m norðaustan við helli 069 og 70 m




*Ummerki um helli 077 í Gammabrekku. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

norðan við bæ 001. Ummerki sem tengjast hellinum eru á svæði sem er 15x12 m að stærð og snýr NNV-SSA. Innan þess er alldjúp og afgerandi lægð í halla til norðvesturs ( hellir 01) og önnur mun minni og grynnri lægð (02) samsíða og suðvestan við þá fyrrnefndu. Framan og neðan við dýpri lægðina er nokkuð afgerandi þúst (03). Allar þessar minjaeiningar fá sérstaka umfjöllun hér fyrir neðan.



*Ummerki um op 077_01 og lægð 077_02, horft til NNA.*

Minjarnar eru grasi vaxnar eins og allur hóllinn Gammabrekka. Nokkuð er um að elfting vaxi hér í kring en þó ekki mikið í dýpri lægðinni þar sem virðist vera op inn í manngerðan helli.

Lýsingin hefst á meintum helli 01 þar sem sést afgerandi lægð utan í hólnum. Hún er 9x4,5 m að innanmáli og snýr SSA-NNV. Hún opnast til NNV og fast neðan við hana til þeirrar áttar er þúst 03. Lægðin er 0,2-0,5 m djúp og er hún dýpst efst, í SSA-enda. Lægðin er í halla til NNV.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:077 02** dæld óþekkt 431591 364476

Fast VSV við meintan helli 01 er grunn og lítt afgerandi lægð 02 sem virðist varla nógu stór til að geta verið hruninn hellir en gæti verið heystæði eða eitthvað slíkt. Lægðin virðist niðurgrafin og er undir háhólnum. Mörk hennar til NNV eru óljós. Hún er í lítilsháttar halla til NNV og er 0,1-0,2 m á dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:077 03** þúst óþekkt 431591 364489



*Þúst 077_03 framan við op inn í helli 077_01, horft til NNV.*

Nokkuð afgerandi þúst 03 er framan við helli 01. Hún er 6x4 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur, og er 0,2-0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:078 01** hellir óþekkt 431591 364540

Í lágum hól norðan við Gammabrekku og út við merki móti Vindási eru tvær afgerandi og alldjúpar lægðir. Þær skera sig úr umhverfinu og virðast geta verið ummerki um manngerða hella en á óvart kemur hversu lágur hóllinn er sem grafið hefur verið inn í. Minjarnar eru á svæði sem er 23x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Eru þær 135 m norðan við bæ 001 og 58 m norðan við helli 077.




*Ummerki um hella 078. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



*Óljós ummerki um helli 078_01, horft til austurs.*

Ummerkin um hellana eru á svæði sem var eitt sinn hluti af heimatúni Odda en er ekki lengur slegið. Það er grasi gróið og mishæðótt, þar vaxa túnfíflar og sóleyjar.
Meintur hellir 01 er suðaustast á svæðinu. Þar er lægð sem er 14x6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún virðist hafa opnast til austurs.Lægðin er 0,5-1 m á dýpt og grynnist til beggja enda, einkum til austurs.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:078 02** hellir óþekkt 431582 364548



*Fyrir miðri mynd eru ummerki um helli 078_02, horft til suðausturs. Fjær eru ummerki um helli 078_01.*

Meintur hellir 02 er rúmum 4 m norðvestan við helli 01. Þar er lægð sem er 7x6 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hún er nokkuð skýrt afmörkuð nema til norðausturs. Frá vesturbrún, þar sem hóllinn er hæstur, eru um 1,3 m niður á botn lægðarinnar en lægðin sjálf er víðast 0,2-0,3 m djúp. Ekki er útilokað að um annars konar mannvirki en manngerðan helli sé hér að ræða og kemur t.d. niðurgrafið heystæði til greina.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:079 01** tóft beitarhús 431980 364815




*Kort sem sýnir minjar 079. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



*Beitarhúsatóft 079_01, horft til norðausturs.*

Tvær signar, torfhlaðnar tóftir eru á litlum stakstæðum hól og á lágum hólrima um 215 m norðvestan við Stórhól (sjá 013) og 560 m norðaustan við bæ 001.

Eru þær á svæði sem er 16x8 m að stærð og snýr norður-suður.
Smáþýfður og grasi gróinn mói er hér í kring en breiður og djúpur skurður er norðaustan við hólinn og rimann. Deiglent er hér og hvar í móanum, einkum norðan og norðaustan við minjarnar en þurrt sunnan við.
Lýsingin hefst á lítilli fjárhústóft á litlum hól sem er sigin og úr lagi gengin en virðist skiptast í tvö hólf. Er hún 7,5x6,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Austast í tóftinni og uppi á hólnum er sæmilega skýrt afmarkað hólf sem er 2x1,5 m að innanmáli, snýr þvert á legu tóftar. Í því er talsverð grænka í grasi. Ekki er skýrt op á þessu hólfi. Vestan við þetta hólf, í halla niður af hólnum til vesturs, virðist vera annað hólf en ytri og innri brúnir veggja nánast útflattar svo ekki er gott að greina mörk þess og ekkert op sést á því. Það virðist vera um 3x3  m að innanmáli. Hæð veggja í tóftinni er 0,1-0,4 m.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:079 02** tóft heystæði 431981 364805



*Heystæði 079_02, horft til SSA.*

Einföld tóft 02 er fast sunnan við tóft 01 og er á vesturenda hólrima. Hún er 4,5x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Veggjahleðslur eru útflattar og eru aðeins 0,2 m á hæð. Ekki sést skýrt op inn í tóftina. Líklegt er að hún hafi gegnt hlutverki heystæðis.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:080** hellir óþekkt 431477 364094

Grunn lægð er neðarlega í aflíðandi halla til austurs, fast NNA við helli 008_02 og 330 m suðvestan við bæ 001. Er hún um margt lík ummerkjum annarsstaðar í túni Odda sem eru talin vera vísbendingar um op inn í lokaða manngerða hella. Vel kemur til greina að hér séu leifar af annars konar minjum en frekari rannsókn mun þurfa að skera úr um það.
Ummerkin um meintan helli eru í túni sem ekki er lengur slegið.
Lægðin er 6x3 m að innanmáli, snýr ASA-VNV og opnast til ASA. Hún virðist vera allt að 0,5 m á dýpt en víðast er hún grynnri.



*Ummerki um meintan helli 080, horft til VNV.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:081** þúst útihús 431555 364217



*Þúst 081, horft til NNA.*

Lág þúst er í austanverðu túni Odda, vestan við Ekrutjörn. Þústin er 20 m norðaustan við þúst 082 og 190 m sunnan við bæ 001.
Er hún á fremur flatlendu svæði í túninu austan og neðan við allháar brekkur. Túnið er grasi gróið og er ekki lengur slegið.
Þústin er fremur flöt að ofan og er illgreinanleg nema frá ákveðnu sjónarhorni. Hún er nokkuð hringlaga, 9x7,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hæst er þústin að NNA-verðu þar sem hún er 0,2-0,3 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:082** þúst óþekkt 431538 364187




*Þústir 081 og 082. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



*Þúst 082, horft til ASA*

Stór hóll er í austanverðu túni Odda sem er annars fremur flatlent á þessu svæði. Hóllinn virðist manngerður að einhverju leyti eða jafnvel öllu leyti. Eru meintar minjar um 20 m suðvestan við þúst 081 og 210 m SSV við bæ 001.
Meintar minjar eru í túni sem er ekki lengur slegið og er lítið gengið í þúfur. Frá hólnum eða þústinni hallar niður til austurs að Ekrutjörn.
Hóllinn er gríðarstór og ílangur, er 37x20 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hann er fremur flatur að ofan og virðist allt að 1 m á hæð, hæstur austast. Sumarið 2020 voru gerðar tilraunir með kjarnabor á nokkrum stöðum á rannsóknasvæði Oddarannsóknarinnar. Voru þá teknir nokkrir borkjarnar í þennan hól. Niðurstöðurnar voru ekki afgerandi en á 50-60 sm dýpi og um 10-20 sm undir gjóskulögum frá 1500 og 1510 voru mannvistarlög í sumum kjörnunum,

kol, brennd bein, torf og lítilsháttar móaska.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-311:083** tóft heystæði 431678 364281


*Tóft 083, horft til vesturs. Sjá má uppmælingu tóftarinnar í umfjöllun um kálgarð 037.*

Stór hringlaga, torfhlaðin tóft er fast ANA við fjós/kálgarð 012/037 og norðan við Ekrutjörn. Hefur hún líklega gegnt hlutverki heystæðis og er 150 m SSA við bæ 001. Tóftin sést á gamalli loftmynd af Odda og nágrenni sem tekin var árið 1954.
Er tóftin á flatlendum hluta túnsins. Það er ekki lengur slegið og því komin sina og smáar þúfur í það. Dálítil lægð er norðvestan við tóftina og virðist hafa verið deiglent þar.
Tóftin er 17,5x14 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Er líklega um einfalda tóft að ræða. NNA-hluti tóftar er nokkuð greinilegur en ytri brún er mjög óljós annarsstaðar og innri brún sést ekki nema þar. Veggir eru nánast útflattir en í NNA hluta eru þeir 3 m á breidd og 0,1 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Loftmynd af Odda (LI207-LI2-1016)

**RA-311:084** garðlag vörslugarður 433036 364505
Mjög siginn og fornlegur garður er í mólendi innan þess lands sem tilheyrir Oddhóli RA-274 en var áður í óskiptu landi úthagans í Odda. Garðurinn er 1,4 km austan við bæ 001 og er meint þúst 085 fast austan við suðurenda hans. Þá eru götur á leiðum RA-661:042, 043 og 045 suðaustan við garðinn. Hlutverk garðsins er ekki þekkt en út frá staðsetningu kemur helst til greina að um vörslugarð sé að ræða.
Garðurinn liggur um smáþýfðan, flatlendan móa. Í honum vex gras, mosi, krækiberjalyng og stöku víðirunni en þeim fjölgar eftir því sem lengra dregur til norðurs. Sunnan við garðinn er sléttlent, deiglent svæði og virðist þar hafa getað verið torfrista. Norðan við garðinn er gamalt uppblástursvæði sem hefur gróið upp.


*Garður 084, horft til NNA.*

Garðurinn er mjög siginn og hlaupinn í þúfur en hægt er að rekja hann á 290 m löngum kafla þar sem hann liggur norðaustur-suðvestur. Norðaustasti hluti hans er mjög



*Forngarður 084 sést vinstra megin við miðja mynd sem tekin er til norðausturs með flygildi. Neðan við miðja mynd er þúst 085 og lengst til hægri eru leiðir RA-661:042,043 og 045.*

óljós og hann hverfur svo til þeirrar áttar nærri mörkum gróðurs og uppblástursvæðis sem gróið hefur aftur. Til suðvesturs hverfur hann þegar kemur að áðurnefndu sléttlendi þar sem kann að hafa verið torfrista. Kanna þarf hvort að leifar af garðinum sjáist suðvestar, á óröskuðu svæði norðaustan við Oddhól RA-274. Víðast er garðurinn 3,5 m á breidd og er 0,1-0,3 m á hæð. Götur liggja eftir garðinum sem gera hann ógreinilegri en ella. Bílslóði liggur yfir garðinn og er hann greinilegri norðvestan við slóðann. Þar er ytri brún (suðaustari brún) 0,3-0,4 m á hæð en innri brún (norðvestari brún) 0,1-0,2 m á hæð. Litlu norðaustan við miðjan garðinn er mögulega lítið mannvirki sambyggt honum að suðaustanverðu. Það er eins og lítil þúst sem er 8,5x4,5 m að stærð og hefur sömu stefnu og garðurinn. Innan hennar er jarðvegsrof. Talsverðar líkur eru á því að um náttúrumyndun sé að ræða.




*Þúst 085, horft til suðurs á ljósmynd.*

**Hættumat:** engin hætta

**RA-311:085** þúst óþekkt 432988 364345

Nokkuð afgerandi þúst er í smáþýfðum, flatlendum móa á svæði sem tilheyrir Oddhóli RA-274 en var áður í óskiptu landi úthagans í Odda. Er þústin 10 m suðaustan við fornlegan garð 084 og 1,4 km austan við bæ 001.

Þústin er í tiltölulega þurru mólendi þar sem mosi, gras og krækiberjalyng vaxa. Sunnan við hana er deiglendara svæði. Slétt, óþýft svæði er á mili þústar og garðs, mögulega eftir ristu. Að öðru leyti er smáþýft allt í kring.

Þústin er öll hlaupin í þúfur og utanmál er ólögulegt. Hún er 11x5 m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést innanmál í þústinni eða ummerki um op. Hún er úr torfi, 0,3-0,4 m á hæð og sker sig úr flatlendinu. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki þetta er en helst kemur til greina að um leifar af heystæði sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

## RA-312 Kumbli

Hjáleiga Odda. Fyrst byggð um 1650. JÁM I, 261. Fór í eyði árið 1928. SB V, 42.

1711: "Engjaplátsi nokkru fyrir heiman Rangá, er hjáleigunni fylgir, spillir áin með grjóti og sandi meir en staðarenginu." JÁM I, 261 1850 (Lýsing Markúsar Jónssonar á Kum(b) la): "Tún fylgja þessari jörðu og eru að kalla slétt og heldur grasgefin. - Utantúns slægjur eru úti á svokölluðum Oddaeyrum útí Þverá. - Vegurinn þangað er sami og frá Odda og grasfallið í þessum hluta hólma sama og í þeim sem sleginn er frá Odda. Hér að auki á Kumli skák vestur við vöðla, þegar af henni hefur náðst fyrir vatni. Fram í Oddahólsbökkum á Kumli líka svonefndan Kumlateig. - Úr Oddaflóðum fæst ekkert, því sá teigur sem þessari jörðu tilheyrir þar að austanverðu er nú orðinn að rotum og vöðlum vegna umferðar á málnytupening sem þar er rekinn út í flóðin. Hagarnir eru mjög litlir, en heldur góðir." VS: Rangvellingabók, 244.

1917: Tún 3,1 ha, þar af 2,8 ha slétt, garðar 752 m²

**RA-312:001** *Kumbli* bæjarhóll bústaður 431782 364525

Í grein Vigfúsar Guðmundssonar um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum í Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1953 segir: "Bærinn stóð á lágri hæð austast í túninu, hafði nokkuð stórt og gott tún og var eitt af betri býlunum [...]." Kumbli var á hólrana sem liggur í sveig frá suðaustri til suðvesturs og er um 4 m hár til norðurs þar sem hann er hæstur. Hann var um 220 m ANA við Odda 311:001. Samkvæmt Ingimar Ísleifssyni, heimildamanni, var bæjartóftinni ýtt út um 1960.

Allhár hólrani í sléttuðu túni fast við veginn heim að Odda.

Ekkert sést af bæjarhól Kumbla en hann hefur verið sléttaður út . Miklar líkur eru þó til þess að mannvistarleifar leynist undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 69-70

**RA-312:002** heimild um útihús 431911 364614
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 150 m norðaustan við bæ 001.
Flatlent og sléttað tún nærri norðurmörkum túnsins.
Ekki sést til minja um útihúsið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-312:003** heimild um útihús 431880 364552
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var lítið útihús um 80 m ANA af bæ 001.
Flatlent og sléttlent beitihólf, líklega gamalt tún. Ætla má að nokkuð blautt hafi verið á þessum slóðum.
Engar minjar um útihúsið sjást.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-312:004** *Gerði* örnefni óþekkt 431712 364520
"Leynir og Gerði eru í Kumlatúni," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar Gerði er í túni Kumbla, né heldur hvort það var manngert en mögulegt er að örnefnið eigi við allmikla náttúrulega kvos vestan við hólranann sem bærinn stóð á, um 70 m vestan við bæ 001.
Hæðótt, sléttað tún.
Ekki sést til mannvirkja í kvosinni enda búið að slétta túnið. Kvosin er um 30 m í þvermál og er nokkuð vel afmörkuð nema til suðvesturs.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Ö-Oddi, 8

## RA-313 Vindás

Hjáleiga Odda. Ekki vitað hvenær hún byggðist fyrst. JÁM I, 263. Fyrst nefnd með nafni í máldaga 1583. Ekki er skipt land milli Vindáss og Odda að undanskildu túni og engjum. SB V, 41
1711: "Á túnið fýkur sandur og spillir því stórum." JÁM I, 264.1850 (Lýsing séra Markúsar Jónssonar á Vindási): " ... og svo þessu býli fyrir tún, slétt og sendið sumstaðar og heldur graslítið. Bakkar eru fyrir engjar við Þverá 200 faðmar að lengd en 60 faðmar að breidd, með mörgum sandblettum, fyrir ofan þessa bakka er sandur 100 faðma breiður, en jafnlangur bökkunum. Af bökkum þessum fást í meðalári 90 hestar, heyfall er heldur í betra lagi. Úr eyrunum fást í meðalári 200 hestar, þar eru bakkarnir um allt í kring, en flóð í miðju með stör

heldur léttvæg til fóðurs. Þeir hafa í ár fengið mikið áfall af sandi. Stærð engja þessara veit ábúandinn ekki og heldur ekki sandsins sem á þær barst. - Hagarnir eru litlir og umvafðir hættum sem eru lækur, dý og tjarnir." VS: Rangvellingabók, 504. 1917: Tún 2,2 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 1036 m² 1940: "Tún. 2/3 vélfært, hitt greiðfært, jarðvegur allgóður. Engjar. Flæðiengi, samfellt. Nokuð vélfært, hitt greiðfært. Að nokkru votlendar. Ókostir: Þverá flæðir á engjar." VS: Rangvellingabók, 504

**RA-313:001** *Vindás* bæjarhóll bústaður

Bæjarhóllinn á Vindási er nokkurn veginn á miðjum hólnum sem tún bæjarins náði yfir. Vindás er nyrsta hjáleigan heima við Odda RA-311 og er um 200 m norðan við bæjarhól Odda 311:001. Mikið rask hefur verið á bæjarhólnum vegna byggingar hlöðu og fjóss í vesturenda hans og austurhluta hans hefur að líkindum verið rutt burt. Sunnan við bæinn er Gammabrekka 311:026, hár hóll sem byrgir sýn heim að Odda, aðeins sést í kirkjuturninn. Á milli bæjarins og brekkunnar er alldjúp kvos. Núverandi bær stendur um 15 m suðaustan við bæjarhólinn. Lítill trjálundur er fast austan við hann.

Bæjarhóllinn er um 28x25 m að stærð og snýr norður-suður. Erfitt er að áætla hæð hans en syðst í honum er um 1 m há brún og svo nyrst í honum er sömu sögu að segja en hann hefur væntanlega verið hærri en jaðrar segja til um. Líklegt er að hluta af honum hafi verið ýtt út við byggingu þeirra mannvirkja sem á honum eru nú. Norðurendinn er litlu hærri en suðurendinn. Sem fyrr segir hefur mikið rask verið á hólnum en ein röð flatra hellusteina sést við austurjaðar hólsins. Hún liggur austur-vestur og er um 1,1 m á lengd, 0,3 m á breidd, stendur ekki upp úr sverði. Annað er ekki að sjá á hólnum af gömlum mannvirkjum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-313:002** heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús í túnjaðri, um 100 m austur af bæ 001.

Útihúsið hefur að líkindum staðið við brekkurætur á hólrana þeim er bærinn stóð á. Búið er að slétta tún í brekkunni og á flatlendinu til norðurs og norðausturs en afleggjari heim að Vindási liggur skammt sunnan við þar sem húsið hefur staðið. Þorvarður Jónsson, ábúandi, greindi frá því að brekkunni ofan við útihús þetta hefði verið rutt út að hluta til suðurs undir núverandi íbúðarhús og því hefur margt breyst frá því sem var þegar túnakort var gert.

Ekki sést til minja um útihús en rofablettir eru neðst í brekkunni og smáþýfi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-313:003** heimild um kálgarð

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast sunnan við bæjarhól 001.

Mikið rask hefur verið á bæjarhólnum vegna byggingar hlöðu og fjóss í vesturenda hans og

austurhluta hans hefur verið ýtt út. Sunnan við bæjarhól er óræktarblettur sem hallar lítillega til suðurs.
Ekki sést til minja um kálgarð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-313:004** renna traðir
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir að bænum á Vindási úr vestri. Traðirnar sjást sem renna um 50 m vestan við bæjarhól 001.
Fjós og hlaða eru fast sunnan við rennuna og austan við hana er hesthús og gerði á milli þess og fjóssins. Fjóshaugur er sunnan við rennuna og norðan við hana er annar hóll, gróinn og þýfður sem kann að vera eldri fjóshaugur. Þar sem ekki eru mannvirki er grasi gróið umhverfis rennuna. Rennan liggur frá bæjarhól til VSV um 23 m löng. Á þeim kafla er rennan um 1 m á breidd og um 0,6 m djúp. Þá beygir rennan lítillega til vesturs um 40 m og liggur leiðin þar í skarði í gegnum hól sem heitir Skyggnir og snýr norðaustur-suðvestur. Skarðið er um 4 m á dýpt og um 2 m á breidd. Bílslóði liggur um skarðið en heldur áfram fast suðaustan við Skyggni til norðausturs.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-313:005** hellir óþekkt
Í bókinni Manngerðir hellar segir: “Á Vindási í Oddahverfi voru einn eða tveir hellar fast við gamla bæinn [001].” Þorvarður Jónsson, ábúandi í Vindási, kannaðist ekki við annan hellir en helli 006.
Ekki er vitað hvar annar hellir en 006 hefur verið við bæinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Manngerðir hellar, 223

**RA-313:006** heimild um óþekkt
Í bókinni Manngerðir hellar segir: “[...] Í Vindási var komið niður á helli er grafinn var grunnur að fjósi þar fyrir allmörgum árum. Hrossabein voru í einum hellinum.” Hellirinn var á milli súrheysgryfju og hesthúss fast NNV við bæjarhólinn.
Komið var niður á hellinn þar sem nú eru útihús, nánar tiltekið í gerði sem er á milli hesthúss og fjóss.
Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði en Þorvarður Jónsson, ábúandi sem er uppalinn í Vindási, telur að hellirinn hafi náð norður á hólbrún þar sem inngangur hafi verið í hann, 20-30 m norðan við þar sem komið var niður á hellinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Manngerðir hellar, 215

## RA-314 Strympa

Hjáleiga Odda. Ekki nefnd í Jarðbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711. “Strympa var hjáleiga frá Odda og stóð vestan kirkjugarðsins þar norðanvert á hól er Vindkvörn heitir. Upphaflegt nafn bæjar þessa var Bakrangur og stóð hann þá að húsabaki í Odda og sneri framhlið hans öfugt við bæjarhúsin. Bakrangs finnst fyrst getið í kirkjubók Oddakirkju 1757, en Strympu í sömu kirkjubók 1785. ... Búskap var hætt í Strympu 1815 en í stað hennar kom húsmennskubýli sem nefnt var Ráðleysa ... en 1817 lagðist Ráðleysa í eyði. Bærinn var í eyði til 1831, en það ár byggðist hann aftur og var í byggð til 1872.” VS: Rangvellingabók, 428. “Munnmæli herma að tún sem fylgdi Strympu hafi aðeins verið kirkjugarðurinn og húsbærinn í Odda.” VS: Rangvellingabók, 428. Örnefni á engjum, s.s. Strympumýri, Strympuhólmi og Strympubakkar, benda þó til þess að Strympa hafi einnig átt slægjur á engjum. Ö-Oddi, 4, 7. 1850 (Lýsing séra Markúsar Jónssonar á Strympu): “Túnblettir fylgja þessu býli -, meiripartur þeirra er sléttur. Engjar afbýlis þessa liggja með Þverárbökkum 200 faðmar að lengd, en 60 faðmar að breidd og þar þó í æðimargur sandblettur, sem ei verður sleginn eftir endilöngum þessum engjum liggur sandur sem er 120 faðmar á breidd. Gras á þessum bökkum er efling og mjógresi, heldur áreiðanlegt fyrir fé og hross. - Fyrir ofan þennan sandgára er lítill stargresisjaðar jafn langur bökkunum, 30 faðmar á breidd, þar í eru leirkeldur og fimar á milli sem eru með elfting og verður að brúka þetta kúhey og gengur það illa út. Hagar eru mjög litlir og víða í þeim sand og moldarblettir, mæling verður ei á þeim höfð vegna þess að þeir eru sameiginlegir með öðrum.” VS: Rangvellingabók, 428.

**RA-314:001** *Strympa* bæjarhóll bústaður 431556 364381




*Uppmæling á bæjarhóli Strympu 001. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Býlið Strympa stóð á hólrima norðaustan við norðvesturhorn kirkjugarðsins 311:002, um 45 m vestan við Odda 311:001. Bæjarhóll Strympu var fyrst skráður á vettvangi árið 2009 en skráningin endurskoðuð þegar hann var mældur upp í tengslum við Oddarannsóknina 2020.

Bæjarhóllinn er nú innan kirkjugarðs og leiði eru fast austan við hann. Hóllinn er sleginn með kirkjugarðinum. Vestan við hann er nýlegt hesthús.

Bæjarhóll Strympu er 16x11,5 m að stærð og snýr norður-suður. Dæld er í hólinn norðanverðan, líkt og innanmál hólfs sem er 5x3,5 m að innanmáli og snýr þvert á hólinn. Dældin opnast til austurs og er um 0,2 m á dýpt. Í dældinni stendur stytta á grágrýtisstöpli sem er af Sæmundi á selnum eftir Ásmund Sveinsson. Á stöplinum stendur að Rangæingar hafi reist styttuna 1998 í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitökunnar. Snarbratt er niður af hólnum til austurs, þar er hann um 2 m á hæð en lægri til annarra átta.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## RA-315 For

Hjáleiga Odda. Ekki nefnd í Jarðbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711. "For var hjáleiga frá Odda og sóð þar vestan við bæinn, hátt í skallanum norðan Vindkvarnar. Bæjar þessa finnst fyrst getið í kirkjubók Oddakirkju 1761, en vera má að þetta sé sami bær og fyrr nefndist Jónshjáleiga (Tröð). For var lögð í eyði 1888." VG: Rangvellingabók, 87
1850 (Lýsing séra Markúsar Jónssonar á For): "Tún fyrir býli þessu - - það er að mestu slétt. Engjar liggja með Þverárbökkum, 100 faðmar að lengd en 60 faðmar á breidd, með mörgum sandrotum. Gras á þeim er heldur í betra lagi að gæðum - -. 200 faðma breiður sandur liggur vestur eftir endilöngum þessum engjum, þar fyrir ofan er stargresisjaðar, 65 faðma breiður og jafn langur bökkunum með leirkeldum og uppdráttarfenjum og vel oft hafa komið þau ár að ei hafi náðst meira en helmingur úr þessar mýri sakir vatns. - - Vörn og átroðningur af fé og hrossum er hér mikill. Hagar eru hér heldur litlir og sandblettir víða í þeim, en stærð þeirra verður ei tilgreind, þar eru sameiginlega með öðrum." VG: Rangvellingabók, 88.

**RA-315:001** *For* bæjarhóll búſtaður

Í örnefnalýsingu Odda segir: "Býlið For stóð norðvestan í hólnum norðarlega. Heygarðurinn gamli var settur í tættur hennar," þar segir ennfremur: "Fyrir framan Oddabæinn [311:001] er Fjósdalur, þar stóð fjósið fram yfir 1807 [311:012], er fólkið varð úti í Oddabylnum alræmda. Þá var það flutt í Forartættur." Bæjarhóllinn var líklega um 55 m norðvestan við Strympu 314:001og um 90 m vestan við Odda 311:001. Á túnakorti Odda frá 1917 er eitt útihúsið á sama stað og hefur það að líkindum verið fjósið sem flutt var þangað.
Bæjarhóllinn er norðvestan í grónum hólrana, austan við hann er nýlegt hesthús. Vestan við eru tún á flatlendi.
Bæjarhóllinn er um 16x8 m að stærð og snýr norður-suður. Austurmörk hólsins eru óljós því þau renna saman við hólranann. Hætt er við að rask hafi orðið nokkurt á þessum stað t.d. vegna byggingar núverandi hesthúss. Fram af hólnum til vesturs eru um 2 m. Ekki sést móta fyrir eiginlegri tóft eða hleðslum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Ö-Oddi, 7,8

## RA-316 Lángekra

Hjáleiga Odda. Fyrst byggð um 1650. JÁM I, 262. Enn er óskipt land milli Lángekru og Odda, að undanskildu túni og engjum. SB V, 40
1850 (Lýsing séra Markúsar Jónssonar á Langekru): "Túnblettur fylgir býli þessu og eru tveir partar af því þýfðir. - Engjablettur fylgir einnig þessari jörðu út við Þverá. Þar að auki hefur Oddaprestur úthlutað þessu býli til slægna svokallaðan Völurima. - Þær (engjarnar) eru undirorpnar ágangi af sandfoki og vatnságangi. Hagarnir eru sameiginlegir með hverfismönnum öðrum, heldur litlir og víða gallaðir." VS: Rangvellingabók, 261. 1917: Tún 1,6 ha, þar af 0,8 ha slétt, garðar 1209 m² 1940: "Tún: Rakt, greiðfært. Engjar: Reytingssamar, 1/2 vélfært, hitt greiðfært. Þurrlendar. Ókostir: Þverá skemmir engjar." VS: Rangvellingabók, 261. Árið 1880 braut Þverá sér leið yfir Oddaeyrar og var sand á engjar og kvörtuðu bændur á Langekru og Kraga yfir þessum skemmdum. Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 54

**RA-316:001** *Lángekra* bæjarhóll bústaður

Bærinn Langekra stendur vestan undir holtinu sem Oddi RA-311:001 er á. Hluti gamla bæjarins var þar sem nú (2009) er steinsteypt fjós, nánar tiltekið undir mjólkurhúsinu en núverandi íbúðarhús er um 30 m suðaustan við það. Bærinn er um 160 m norðvestan við Kraga 317:001 og um 380 m suðvestan við Odda 311:001.
Bæjarhóllinn er nú horfinn. Þar eru nú steinsteypt útihús, malarvegur og einbýlishús.
Ekki mótar fyrir bæjarhól á Langekru. Steinsteypt útihús hafa verið byggð þar sem austurhluti hans var áður, bílaplan til suðurs og moldarúrgangi hefur verið hrúgað fyrir vestan og sunnan. Um 6 m löng hleðsla sem gæti hafa markað vesturhluta bæjarrandarinnar er um 8 m vestan við moldarúrganginn en hún er mjög óljós. Útihúsbygging hefur alveg raskað norðurhluta hólsins. Bæjarhúsin snéru norðvestur-suðaustur, með stafn til suðurs. Kálgarður hefur verið sambyggður bæjarhúsunum að vestan en um 2 m breiður gangur verið á milli þeirra til suðurs.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-316:002** tóft útihús 431375 364004

Útihús með sambyggðu litlu gerði er merkt inn á túnakort frá 1917 um 100 m sunnan við bæ 001 og tæpum 160 m norðan við útihús 003. Útihúsið var upphaflega skráð árið 2009 þegar aðalskráning var unnin fyrir jörðina en farið var aftur á vettvang sumarið 2020 í tengslum við Oddarannsóknina og var skráningin þá uppfærð og henni breytt lítillega. Mjög óljós þúst sést í túninu þar sem leifar af útihúsinu eru enn varðveittar undir sverði.
Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið tún með náttúrulegum lægðum og rimum.
Þústin sem sést er um 13x9 m að stærð og snýr norður-suður. Er hún aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Út frá báðum endum þústarinnar má sjá óljós ummerki um túngarð 013 (sjá einnig 317:007) og virðist útihúsið hafa verið byggt ofan á hann. Sá garður er ekki sýndur á túnakortinu.



*Útflattar leifar af útihúsi 002 og túngarði 013, horft til norðurs.*




*Kort sem sýnir uppmæld ummerki um útihús 002 og túngarð 013 auk annarra minja í næsta nágrenni. Loftmynd:Loftmyndir ehf.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-316:003** heimild um útihús
Útihús er merkt á túnakort frá 1917 um 65 m norðan við bæ 001 og um 160 m norðan við útihús 002.
Þar sem útihúsið stóð er nú slétt, grasivaxið tún í aflíðandi halla til vesturs niður af holti sem Oddi 311:001 er á.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-316:004** hellir óþekkt 431414 364135
"Í Langekrutúni sjást merki um fallin helli, eins í gamla Oddhól," segir í Sunnlenskum byggðum. Hellirinn var rúmum 80 m norðaustan við bæ 001 og um 30 m austan við útihús 003. Hann er nú samfallinn og sést aðeins sem jarðfall. Hellirinn var upphaflega skráður árið 2009 þegar aðalskráning var unnin fyrir jörðina en farið var aftur á vettvang sumarið 2020 í tengslum við Oddarannsóknina og var skráningin þá uppfærð og breytt lítillega.
Hellirinn er sunnarlega í norðvestanverðum hólhrygg, hæsta hluta túnanna í Oddahverfi. Grasi vaxið og lítið sem ekkert þýfi er á þessu svæði. Sléttað tún er á flatlendinu norðvestan við hellinn. Nokkuð afgerandi lægð eða renna er í brekkunni fast norðan við hellinn, sjá 012.
Ummerkin um hellinn sjást sem mjög áberandi lægðir og framan við þær eru afar ógreinileg ummerki um útflattan forskála. Eru þessi ummerki á svæði sem er 36,5x7,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Lýsingin hefst á meintum forskála í VNV-enda sem er í aflíðandi halla til VNV. Hann er 7x7 m að stærð og óljóst op er á VNV-gaflvegg. Veggir eru 0,1 m á hæð. Ekki sjást veggjahleðslur næst hellisopinu. Innan við tóftina eru svo tvær djúpar lægðir sem liggja VNV-ASA og eru, hvor upp af annarri. Sú neðri og vestari er 6 m löng og 2-3 m breið í botni, er opin



*Kort sem sýnir uppmæld ummerki um helli 004 og minjar í næsta nágrenni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*


*Hruninn hellir 004, horft til ASA.*

til VNV. 2-4 m breitt haft er á milli lægðanna. Efri lægðin er talsvert stærri en hin og er 12 m löng og 1,5-3,5 m breið, breiðust innst (í ASA-enda). Hún mjókkar talsvert um miðbikið. Eru lægðirnar um 2 m djúpar. Ekki er ljóst hvort að haftið milli lægðanna sé uppistandandi hluti af hellinum eða hvort að þar hafi verið hlaðinn veggur eftir að hellirinn hrundi til þess að gera nýtt a.m.k. innsta og dýpsta hlutann sem heystæði eða til annarra nota.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**SB V, 12

**RA-316:005** *Ekrustekkatún* örnefni stekkur

“Norður af honum [Forás] er Kragholt, suður af Kraga [RA-317:001]. Ekrustekkatún er slegið frá Ekru og girt þaðan,” segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn var þar sem nú standa fjárhús sem notuð eru frá Langekru. Stekkurinn hefur verið um rúmum 430 m norðvestan við bæ 001 og rúma 400 m norðvestan við traðir 007.

Þar sem stekkurinn var er nú grasivaxið tún með arfabreiðum.

Engin ummerki stekkjarins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Ö-Oddi, 5

**RA-316:006** heimild um óþekkt

“Í Langekrutúni sjást merki um fallna hella ....” segir í bókinni Manngerðir hellar. Orðalagið fallnir hellar bendir til að tveir eða fleiri hellar hafi verið í túni Langekru. Staðsetning eins hellisins er þekkt (sjá 004) en ekki er vitað hvar fleiri hellar voru. Mögulegt er að textinn eigi einnig við helli sem skráður var í landi Odda (311:008). Þetta er þó ekki hægt að staðfesta án

frekari heimilda.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Manngerðir hellar, 215

**RA-316:007** heimild um traðir
Inn á túnakort frá 1917 eru merktar traðir úr norðvestri heim að bæ 001. Þar sem heimreiðin lá sést móta fyrir bílslóða sem liggur í átt að núverandi útihúsum og hverfur hann við norðaustur horn þeirra. Bílslóðinn er grasivaxinn.
Þar sem heimreiðin lá er nú slétt, grasivaxið tún.
Engin ummerki heimreiðar sjást nú á yfirborði. Heimreiðin var, samkvæmt túnakorti um 120 m löng, að bæ 001 úr norðvestri en beygði síðan til suðurs rétt áður en komið var heim að bæ.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-316:008** hellir óþekkt 431414 364135


*Ummerki um op inn í helli 008, horft til suðurs.*

Óljós ummerki um hellisop eru á milli hellis 004 og nýfundins hellis RA-311:008_4, nokkuð ofarlega í allbrattri en stuttri brekku syðst í túni Odda og býla sem eru samtýnis. Þarna gæti verið sérstæður manngerður hellir en einnig kemur til greina að um hliðarhelli úr helli RA-311:008_01 sé að ræða. Minjarnar eru um 50 m norðaustan við gamla bæjarstæði Langekru 001 og 25 m SSV við helli 004 en 320 m suðvestan við bæjarstæði Odda RA-311:001.
Neðan við brekkuna er sléttað tún sem ekki er lengur slegið.
Dæld sést í brekkunni þar sem meint hellisop er. Hún er fremur hringlaga, 5 m í þvermál og mjög grunn, 0,1-0,2 m á dýpt. Dýpst er hún efst eða austast og hún opnast til vesturs.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-316:009** vegur samgöngubót 431444 364232
Ruddur eða upphlaðinn vegur, sneiðingur, liggur utan í vestanverðum hólhrygg í túninu og upp á hann, litlu norðan við helli 004. Annar sambærilegur vegur er 20 m norðaustar og er ofar og norðar í hólhryggnum. Aldur eða hlutverk þessa vegar er ekki þekkt. Hann virðist fremur ungur og kemur sterklega til greina að heyi hafi verið ekið eftir honum í heystæði sem kann að hafa verið í niðurföllnum helli 004.
Vegurinn er grasi gróinn líkt og umhverfið og er aflíðandi sneiðingur upp hólbrekkuna.



*Vegur 009, horft til norðurs.*

Hægt er að rekja veginn á 70 m löngum kafla þar sem hann liggur í mjúkum sveig frá suðri, niður til NNA. Vegurinn er víðast hátt í 2,5 m á breidd en upphleðslan er um 4 m breið neðst og er 0,7-0,8 m á hæð þar sem hún er hæst.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-316:010** hellir óþekkt 431462 364266

Ummerki um lokaðan, og líkast til fallinn helli, eru í vestanverðum hólhrygg,hæsta hluta túna í Oddahverfi. Eru þau fast sunnan við veg 011, 190 m NNA við bæjarstæði Langekru 001 og 190 m suðvestan við bæjarstæði Odda 311:001.

Hólhryggurinn er grasi gróinn og flatlent og sléttað tún er neðan og vestan við hann en það virðist ekki lengur slegið.

Ummerkin um hellinn eru á svæði sem er 14x9,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Annars vegar mótar fyrir lokuðum inngangi ofarlega í brekkunni (vestast á svæðinu). Þar er grunn hringlaga dæld sem er 5,5x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún er 0,1-0,2 m á dýpt og opnast til vesturs. Ekki sést móta fyrir torfhlöðnu mannvirki (forskála) framan við opið. Ofan og austan við þetta meinta op er nokkuð afgerandi lægð á flata sem er uppi á hólhryggnum endilöngum. Lægðin virðist vera ummerki um manngerðan helli sem hefur hrunið. Hún er 9,5x4 m að innanmáli, snýr NNA-SSV og er 0,3 m á dýpt. Ekki er ólíklegt að lægðin hafi verið notuð sem heystæði á seinni öldum og kann vegur 011 að hafa legið að henni.



*Ummerki um op inn helli 010, horft til NNA.*



*Gryfja þar sem ummerki eru um fallinn helli 010, horft til SSV.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-316:011** vegur samgöngubót 431471 364289

Upphlaðinn eða ruddur vegur liggur utan í hæsta hluta hólhryggjar í túnum Oddahverfis að vestanverðu. Hann er 20 m norðaustan við sambærilegan veg 009 og endar fast norðan við meint ummerki um manngerðan helli 010. Aldur eða hlutverk þessa vegar er ekki þekkt. Hann virðist fremur ungur og kemur sterklega til greina að heyi hafi verið ekið eftir honum í heystæði sem kann að hafa verið í niðurföllnum helli 010. Vegurinn er grasi gróinn líkt og umhverfið og er í nokkuð brattri brekku sem hallar til vesturs. Vegurinn er nánast beinn, liggur norður-suður, og er 48 m langur. Hann kann að hafa náð lengra til norðurs en sýnileg ummerki gefa til kynna. Hann er líkt og sneiðingur í brekkunni en heldur víðast hæð og hækkar lítillega í suðurenda við helli 010. Ytri brún sneiðingsins er allt að 1,2 m þar sem hún er hæst. Vegurinn er víðast 1,5 m breiður en upphleðslan er um 3 m breið þar sem hún er breiðust. Þessi vegur virðist lítillega yngri en vegur 009 en það þarf ekki að vera.



*Vegur 011, horft til suðurs.*




*Kort sem sýnir uppmældar minjar, vegi 009 og 011 auk hellis 010.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-316:012** renna leið 431447 364193

Við hliðina á (norðaustan við) helli 004 er allbreitt og mikið skarð inn í brekku sem erfitt er að útskýra og virðist ekki vera náttúrumyndun. Skarðið er í vesturhlið hólhryggjar sem tún Oddahverfis eru umhverfis. Uppi á flata um 13 m norðaustan við skarðið er afgerandi renna á stuttum kafla sem kann að vera í tengslum við það. Minjarnar eru 100 m norðaustan við bæjarstæði Langekru og 75 m sunnan við veg 011. Helst virðist koma til greina að rennan og skarðið hafi myndast vegna umferðar og gæti tengst vegum 009 og/eða 011.



*Renna 012, horft til NNA.*

Grasi gróið er á þessu svæði og lítið sem ekkert þýfi. Sléttað tún sem ekki er lengur slegið er vestan undir hólhryggnum, á flatlendi.
Minjarnar eru á svæði sem er 35x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hefst lýsingin á skarðinu inn í brekkuna suðvestast á svæðinu. Það 14 m langt, liggur ANA-VSV, og er allvítt yst (vestast) en mjókkar eftir því sem ofar og nær brún brekkunnar dregur. Á flata uppi á hólhryggnum sést nokkuð afgerandi 12 m löng renna. Hún er víðast 0,1-0,2 m á dýpt og breidd en þó allt að 0,5 m á breidd í NNA-enda, rétt áður en hún hættir að sjást.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-316:013** garðlag túngarður 431378 363980
Óljósar leifar af túngarði sem afmarkaði heimatún Langekru sjást suðvestast í túni, suðvestan vegar sem liggur í gegnum túnið og heldur áfram að Sólvöllum. Garðurinn sést enn um 60 m sunnan við bæ 001. Á túnakorti frá 1917 var túnið í Langekru um 400 m langt og 60 m breitt en túngarðurinn sem hér er skráður virðist ekki sýndur á kortinu, a.m.k. ekki sá hluti sem hér er skráður. Engin önnur ummerki um túngarð sjást umhverfis gamla heimatúnið í Langekru.
Túnið hefur verið fært lítillega út til suðurs og suðvesturs og nær núna aðeins út fyrir garðinn og eldri mörk túnsins. Við núverandi túnmörk er skurður og utan við hann til suðurs og suðvesturs tekur við flatlent mýrlendi sem búið er að ræsa fram að miklu leyti. Túnið er grösugt og hefur ekki verið slegið í nokkur ár.
Í túninu sjást óljós ummerki um útflattan garð norðan og sunnan við leifar af útihús 002 á 48,5 m löngum kafla. Var þessi garður án efa samtengdur túngarði Kraga 317:007 sem sést mun betur fast sunnan við túnmörkin eins og þau eru sýnd á túnakorti frá 1917. Þó er hann einnig útflattur þar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-316:014** þúst útihús 431404 364018
Lítt afgerandi þúst er á hólbungu í sléttuðu en lítillega mishæðóttu túni suðaustan við malarveg sem liggur að Langekru og áfram að Sólvöllum. Þústin er 83 m suðaustan við bæ 001 og 27 m norðaustan við útihús 002. Ætla má að þarna hafi verið útihús en það er ekki sýnt á túnakorti frá 1917 og gæti hafa verið farið úr notkun þegar það var gert.
Túnið er orðið smáþýft og komin sina í það því það er ekki lengur slegið.
Þústin er mjög ógreinileg á yfirborði en sést nokkuð afgerandi á yfirborðslíkani sem gert var af

túni Oddahverfis fyrir Oddarannsóknina 2020. Hún er 7,5x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er nánast alveg útflött og er ekki meira en 0,1 m á hæð. Lág hólmyndun er undir þústinni og líklegt að þar séu leifar af eldri mannvirkjum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## RA-317 Kragi

Hjáleiga Odda. Í eyði árið 1707, byggðist fyrst um 1630-40. Aftur hafinn þar búskapur 1724. JÁM I, 261. Jörðin fór í eyði 1947 og var þá sameinuð Langekru. SB V, 42.
1711: "Engjum spillir Rángá með grjóti og sandi framar en staðarenginu." JÁM I, 262 1850 (Lýsing séra Markúsar Jónssonar): "Tún fylgir þessu býli og er það meirapart þýft. - Utantúns eru slægjurnar sendnir elftingarbakkar á allavegu umkringdir af vötnum sumum djúpum - þeir eru undirorpnir árlegu sandfoki. Hagar eru mjög litlir og þrotaléttir og afkoma af málnytu í lakara lagi." VS: Rangvellingabók, 236. 1917: Tún 1,6 ha, þar af 1,2 ha slétt, garðar 922 m$^2$. Árið 1880 braut Þverá sér leið yfir Oddaeyrar og var sand á engjar og kvörtuðu bændur á Langekru og Kraga yfir þessum skemmdum. Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 54

**RA-317:001 01** *Kragi* bæjarhóll búnstaður 431514 364070
Bærinn í Kraga var miðsvæðis í norðausturhluta túnsins sem býlinu tilheyrði, þar sem það rís hæst, og var 340 m SSV við Odda 311:001 og 140 m austan við Langekru 316:001. Malarvegur sem liggur frá Odda að Langekru og Sólvöllum liggur yfir bæjarstæðið.
Túnið í Kraga er suðaustast í Oddahverfi þar sem tún Odda og gömlu hjáleiganna raðast í kringum háan og í langan sandsteinshrygg sem er grasi gróinn.
Engar minjar um bæjarhól Kraga sjást á yfirborði og er viðbúið að honum hafi verið raskað að hluta þegar vegur var lagður í gegnum túnið. Kálgarður sem var sambyggður bæjarhúsunum er sýndur á túnakorti frá 1917 en engin ummerki sjást um hann.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-317:001 02** heimild um fjós 431514 364070
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir um hjáleiguna Kraga: "Er fyrst byggð að vísu fyrir 70-80 árum, hafði þar áður verið fjós og heygarður frá staðnum [311:001]." Ekki er vitað hvort fjós og heygarður sem nefnd eru í Jarðabókinni hafi verið á nákvæmlega sama stað og bær Kraga var fyrst byggður. Til greina kemur að þessar minjar hafi verið litlu norðaustan við bæjarstæðið þar sem þúst 011 er.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**JÁM I, 261

**RA-317:002** dæld útihús 431533 364013



*Kort sem sýnir ummerki um útihús 002, helli 005 og staðsetningu bæjarhóls 001 og traða 004.*

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 65 m norðan við bæ 001 og tæpum 140 m austan við útihús 003. Á túnakortinu er útihúsið sýnt syðst á því holti sem bærinn stóð á. Útihúsið var í brekku sem er aflíðandi til suðurs og um 2 m há. Skurður er um 4 m frá brekkurótum. Farið var aftur á vettvang og upphafleg aðalskráning endurskoðuð í túni Kraga sumarið 2020 í tengslum við Oddarannsóknina. Þá var skráningunni breytt lítillega og minjarnar mældar upp með nákvæmum hætti.

Þar sem útihúsið var er nú slétt, grasivaxið tún í aflíðandi brekku.

Þar sem útihúsið var er nú dæld, um 5x3 m að innanmáli, snýr norður-suður. Dældin er 0,2 m á dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-317:003** tóft útihús 431408 363945



*Kort sem sýnir ummerki um útihús 003 og túngarð 007B.*

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 160 m suðvestan við bæ 001 og um tæpum 140 m vestan við útihús 002. Það var upphaflega skráð árið 2009 þegar aðalskráning fornminja var unnin fyrir Oddahverfi. Skráningin var endurskoðuð og breytt lítillega þegar aftur var farið á vettvang sumarið 2020 í tengslum við Oddarannsóknina sem styrkt er af sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM). Útihúsið var allra suðvestast í túnum Oddahverfis, þar mætir þurrlendi víðáttumiklum mýrum sem hafa í seinni tíð verið ræstar fram og á hluta þeirra hefur verið ræktuð tún.

Þar sem útihúsið var er nú grasivaxið, slétt tún sem er ekki lengur í rækt. Frá því hallar til suðurs og vesturs niður á flatlendi. Túnið er nokkuð mishæðótt á þessu svæði.

Sléttað hefur verið yfir tóft útihússins og sést hún sem lítil og lág þúst í túninu. Hún er 6x3 m að stærð og snýr norður-suður. Er þústin 0,2 m á hæð. Útflattur garður eða veggur 009 er fast austan við þústina.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-317:004** heimild um traðir 431579 364075
Traðir eru merktar inn á túnakort frá 1917 sem lágu að bæ 001 úr austri. Skráningin var upphaflega gerð 2009 en var endurskoðuð og breytt lítillega þegar aftur var farið á vettvang sumarið 2020 í tengslum við Oddarannsóknina.
Þar sem traðirnar voru er nú slétt, grasivaxin brekka í halla til austurs.
Heimreiðin lá upp á túnið úr suðaustri og hélt þeirri stefnu á 35 löngum kafla. Þá beygði hún til vesturs að bænum á 25 m löngum kafla. Engin ummerki heimreiðarinnar sást lengur vegna sléttunar og vegagerðar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-317:005** hellir útihús 431527 364039
"Í Kragatúni er líklega hellisrúst," segir í Manngerðum hellum. Í gamla heimatúni Kraga er nokkuð afgerandi lægð þar sem ætla má að op hafi verið inn í hellinn. Ummerkin eru 25 m SSV við bæ 001 og 25 m norðan við útihús 002. Skráningin var upphaflega gerð 2009 en var endurskoðuð og breytt lítillega þegar aftur var farið á vettvang sumarið 2020 í tengslum við Oddarannsóknina.
Ummerkin um hellinn eru í grasivöxnu, sléttu túni, sunnan í nokkuð afgerandi hæð í túninu sem bærinn var einnig á.
Lægðin sem sést í túninu þar sem op hefur verið inn í hellinn er um 7 m breið yst eða suðvestast og nær 5 m inn í hallann til norðausturs. Hellirinn hefur því opnast til suðvesturs. Lægðin er um 1 m á dýpt. Hlutverk hellisins er ekki þekkt en líklega hefur hann verið nýttur sem útihús.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Manngerðir hellar, 223

**RA-317:006** þúst óþekkt 431532 364100
Nyrst í túni jarðarinnar við suðvesturenda Ekrutjarnar er nokkuð afgerandi hóll eða þúst þar sem mjög líklegt er að mannvistarleifar leynist. Þústin er18 m norðaustan við bæ 001 og 20 m austan við túngarð 010. Ekki er útilokað að fjós og heygarður 001_02 sem voru á þessu svæði áður en bærinn í Kraga byggðist fyrst hafi verið á þessum stað. Ekki verður þó skorið úr um það án frekari rannsókna.
Þústin er nyrst í lágri hæð sem megnið af túni jarðarinnar náði yfir. Frá henni hallar til norðurs og þar er grunn lægð í túninu. Deiglent svæði er ANA við minjarnar þar sem áður var Ekrutjörn. Ekkert vatn stendur lengur í henni en þar er mjög grasgefið og nánast ekkert um þýfi.
Í túninu er ílangur og nokkuð kúptur hóll sem er 20x13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hóllinn er 0,5-1 m á hæð en hvergi sést móta fyrir mannvirkjum á honum vegna sléttunar.




*Kort sem sýnir uppmælingu á þúst 006 og hluta af túngarði 007 auk hryggjar sem er á milli þústar og garðs.*



*Þúst 006, horft til austurs.*

Frá suðvesturenda þústarinnar er útflattur en nokkuð afgerandi hryggur í túninu. Hann er 20 m langur og liggur til VNV að þeim hluta túngarðs 007 sem afmarkaði nyrsta hluta túnsins. Ekki er ljóst hvort að þessi hryggur tengist túngarðinum eða þústinni. Saman eru þústin og hryggurinn á svæði sem er 37x13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

**RA-317:007** garðlag túngarður 431504 364104

Leifar af túngarði sem afmarkað hefur túnið í Kraga sést á tveimur stöðum í túninu, annars vegar suðvestast í túni þar sem tún Kraga og Langekru mætast, hins vegar í norðausturenda túnsins, austan við Ekrutjörn. Eru þessir garðar ekki sýndir á túnakorti frá 1917. Suðvesturhluti garðsins er 160 m suðvestan við bæ og norðaustari hlutinn er 30 m norðan við bæ 001, á mörkum flatlendis og aflíðandi brekku til norðurs.

Í suðvesturenda túnsins hefur það verið fært lítillega út til suðurs og suðvesturs og nær þar aðeins út fyrir garðinn og eldri mörk túnsins. Við núverandi túnmörk er skurður og utan við hann til suðurs og suðvesturs tekur við flatlent mýrlendi sem búið er að ræsa fram að miklu leyti. Túnið er grösugt og hefur ekki verið slegið í nokkur ár.

Túngarðsleifar sjást á svæði sem er 260x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Til



*Túngarður 007A, horft til norðurs.*



*Útflattur hluti túngarðs 007B, horft til SSV.*

einföldunar fær hvor hluti túngarðsins bókstaf til aðgreiningar. Hefst lýsingin á garðhluta A sem er norðaustast á svæðinu. Garðurinn afmarkar svæði sem er 34x48 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Norðurveggur liggur frá Ekrutjörn til vesturs og er 35 m langur. Breitt rof eða skarð er í þessum vegg, nærri austurenda. Frá norðvesturhorni liggur VNV-veggur til SSV og er 50 m langur. Í SSV-enda hans breikkar hann nokkuð og stendur hærra en annarsstaðar. Ekki er útilokað að þar hafi verið sambyggð lítil tóft á einhverjum tímapunkti eða jafnvel áframhald af hrygg sem skráður er með þúst 006. Túngarðurinn er torfhlaðinn og nánast útflattur, er 3-3,5 m breiður. Ytri brún hans er afar illgreinileg en sú innri mun skýrari. Þar er garðurinn um 0,5 m á hæð þar sem hann er hæstur. Ytri brún sést aðeins í SSV-enda. Þar er ytri brúnin 0,3-0,4 m á hæð. Annarsstaðar er ytri brún garðsins 0,1-0,2 á hæð. Ekki sést garðhleðsla í austurjaðri túnsins meðfram Ekrutjörn. Þar er kantur í túni sem hefur myndast við plægingu. Ekki er útilokað að bakki Ekrutjarnar í austurjaðri túnsins hafi verið hlaðinn upp því hann er mjög skýr og reglulegur austan við túnið og norður fyrir það. Í suðvesturenda túnisns er garður B. Hann er í tveimur hlutum en afmarkar svæði sem er 60x25 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Innan þess svæðis er tóft 003. Garðurinn er 3-4 m á breidd og 0,1-0,3 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-317:008** tóft útihús 431428 363993




*Tóft 008, horft til SSV á ljósmynd.*

Útflött tóft er austast í túnrananum sem gengur til lengst til suðurs og er 110 m suðvestan við bæ 001. Allhátt er fram af túninu austan við tóftina niður í mýrarsund sem búið að ræsa fram. Túnið er sléttað, nokkuð jafnlent en mishæðótt og er komið í órækt.
Tóftin er einföld og útflött en þó er hægt að greina nokkurn veginn lagið á henni. Hún er 16x9 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki er augljóst hvar op hefur verið á henni. Veggir eru ekki nema 0,1 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## RA-661 Fornl. á fl en 1 jörð – leiðir sem liggja um Oddaland

**RA-661:001** gata leið 428345 364868




*Miklar götur á leið 001 sjást við minjar um býlið Kampastaði og meint sel við Kamphól RA-311:029 í landi Odda. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Allmiklar götur voru skráðar við Kampastaði RA-311:029 árið 2009. Farið var aftur á vettvang á það svæði sumarið 2020 í tengslum við Oddarannsóknina og skráningin endurskoðuð og henni breytt talsvert. Á Herforingjaráðskorti 48 frá 1908 er sýnd leið sem liggur af leið 003 í landi Selalækjar RA-310 meðfram Oddaflóðum að suðaustanverðu, að Þverá við Kampastaði. Hefur þessi leið verið farin yfir Þverá að Ártúni (Hátúni) RA-262 og yfir Ytri-Rangá niður í Þykkvabæ. Leiðin var skoðuð í landi Odda við Kampastaði en hún var tæpir 4 km á lengd.
Göturnar liggja utan í Kamphóli niður við Þverá og eftir sandsteinshryggjum sem eru að mestu grónir. Oddaflóð, víðfeðmt votlendi, er norðvestan við hryggina en suðaustan við þá er fremur þurrlent en deiglend svæði inn á milli.
Götur voru raktar á jörðu niðri og á loftmynd frá Þverá að Skiphóli RA-311:049 á um 1 km löngum kafla. Bæði eru götur alveg við Oddaflóð (A) og eins eru götur litlu suðaustar (B) sem hafa sömu stefnu og eru að öllum líkindum önnur útgáfa af sömu leið. Við Kampastaði er leiðin mest afgerandi og þar sjást 16 grónar samliggjandi götur á um 13 m breiðu svæði. Göturnar eru flestar um 0,2 m á breidd og 0,2-0,3 m djúpar. Þær liggja yfir fornlegar minjar um meint sel sem var við Kampastaði, sjá RA-311:029_01-04. Svo virðist sem að þriðja og elsta útgáfan af þessari



*Óljós ummerki um elstu göturnar (C) á leið 001, horft til vesturs.*

leið (C) hafi legið litlu norðvestar, norðvestan í Kamphóli og hryggjunum í framhaldi til norðausturs. Þar er talsvert jarðvegsrof sem hefur gróið aftur og í framhaldi af því til norðausturs má greina óljósar götur sem svo grynnast og hverfa.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Herforingjaráðskort 48 NV Oddi-Þykkvibær

**RA-661:003** *Oddagötur* gata leið

"Oddagötur lágu að Odda [RA-311], Móeiðarhvolsgötur [037] að Móeiðarhvoli [RA-229], Varmadalsgötur [002] að Varmadal [RA-309]," segir í athugasemdum við örnefnalýsingu Selalækjar. Oddagötur lágu frá Selalækjarvaði 310:008 til suðurs, austur fyrir bæ á Selalæk 310:001 til þess að krækja fyrir mýri sunnan við hann. Götur sjást skýrt í móa við Dagmálabrekku, sunnan við austurenda gamla túnsins og vestan við nýlegt túnstykki sem teygir sig upp á Dagmálabrekku.

Það sem leiðin var skoðuð er stórþýfður og hæðóttur mói en víða hefur tún verið ræktað þar sem götur lágu frá Hróarslæk að Dagmálabrekku.

Þar sem leiðin var skoðuð eru um 10 skorningar samhliða á um 12 m breiðu svæði. Göturnar eru um 0,3 m á breidd og um 0,4 m á dýpt. Þær liggja um skarð á hæðarbrún til suðurs þar sem þær hverfa í tún, sjást á um 50 m löngum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Selalækur, aths., 2

**RA-661:009** *Skollagróf* þjóðsaga

"Skollagróf liggur eftir endilöngum Rangárvöllum frá Oddagljúfri í Selsundsfjalli og að Odda [RA-311]. Á hún að vera vegur kölska, er hann dró að eldivið fyrir Sæmund fróða," segir í örnefnalýsingu Dagverðarness RA-292. "Vestur við mark klýfur Skollagróf brúnina. Á hún sína sögu í þjóðsögum, sem kunnugt er, alldjúp að framanverðu, og er þar gott skjól fyrir veðrum. Mynni hennar heitir Lágarkjaftur. Þar eru þrjú Skollaspor (vatnspyttir) í röð hver fram af öðrum. Skolli hefur stigið þungt til jarðar, áður en hann lagði úr í lækinn með viðarköstinn," segir í örnefnalýsingu Gunnarsholts og Brekkna. Skollagróf var skráð í landi Varmadals, um 895 m ASA við bæ 309:001 og rúma 2,5 km vestan við Gunnarsholt 303:004.

Skollagróf er gilskorningur sem liggur um flatlenda sanda sem víða eru grónir. Í landi Varmadals er skógrækt beggja vegna við grófina.

Bílfær slóði er í Skollagróf í landi Varmadals þar sem gilið er um 2 m breitt. Skollaspor eru þrír blautir bollar eða jarðsig. Þeir eru um 20 m í þvermál og um 1 m á dýpt. Pollarnir eru mýrlendi og renna að nokkru saman.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**Ö-Dagverðarnes, 3; Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 2; IE-Örnefnauppdráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

**RA-661:019** gata leið
"Þá voru götur að Lambhaga [RA-275] og út að Ægissíðu [RA-419] [008] yfir lækinn,"segir í athugasemdum við örnefnalýsingu Selalækjar. Greinilegar götur sjást um 1,7 km suðaustan við Selalæk [RA-310], um 150 m austan við Móeiðarhvolsgötur 037.
Göturnar liggja í flatlendum lyngmóa, allhörðum undir fæti.
Um 13 rásir liggja samsíða með stefnuna norðvestur-suðaustur og eru líklega leiðin að Lambhaga. Göturnar eru á um 7 m breiðu svæði og eru flestar um 0,2 m á breidd og dýpt. Göturnar sjást í landi Selalækjar, annars vegar á um 330 m löngu svæði frá merkjum milli Odda og Selalækjar til norðvesturs. Þar eru göturnar horfnar undir tún á kafla en sjást svo aftur á um 65 m löngum kafla. Þá hætta þær að sjást vegna rasks. Til suðausturs frá merkjum Odda sjást göturnar ekki, en þar hefur verið sléttað mikið landsvæði þar sem gras er ræktað til þökuskurðar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**Ö-Selalækur, aths., 2

**RA-661:035** heimild um leið
Bogi Thorarensen, heimildamaður þekkir messuleið til Odda RA-311 sem farin var frá Helluvaði RA-307, Gaddstöðum RA-308 og ef til vill fleiri bæjum. Leiðin sést í stórri jarðvegstorfu sem enn er óblásin, um 1,5 km suðvestan við bæ Gaddstaða 308:001.
Leiðin liggur að mestu leyti um svarta sanda sem eru að gróa upp en einnig um háa jarðvegstorfu. Bílslóði er þar sem göturnar lágu og sjást ekki merki þeirra. Bílslóðinn er alldjúpur, dýpstur um 2 m þar sem leiðin liggur upp á torfuna úr norðaustri en hún liggur til suðurs. Slóðinn er um 1,5 m breiður. Ekki sést móta skýrt fyrir götum í sandinum norðan við torfuna. Í landi Helluvaðs hefur leiðin væntanlega legið eftir Messulág sem einnig liggur í landi Gaddstaða.
**Hættumat:** hætta, vegna uppblásturs

**RA-661:036** gata leið
Í landamerkjalýsingu Odda frá 1890 sem birtist í Rangvellingabók segir: "Að austan ræður Eystri-Rangá mörkunum að sunnan Þverá, að vestan Ytri-Rangá allt þangað til á móts við Bjólubæ [RA-422]. Að norðaustan móts við Lambhagaland [RA-275] ræður bein lína frá vörðu [275:021] við Eystri-Rangá, - og stendur sú varða þar sem Uxahryggjarbær [RA-273] ber austanvert við Eiðið í Vestmanneyjum og Eystri-
Kirkjubær [RA-277] ber neðst í austanvert Bjólfell, - sjónhending í Rauðkoll sem er varða

[275:018] austanvert við götuna milli Odda [RA-311] og Varmadals [RA-309] og stendur þar sem Vestri-Kirkjubær ber mitt í Selsundsfjall og Lambhagabær í Krókatúnsbæ.” Götur liggja í lyngmóa milli Odda og Varmadals og sjást þær fyrst um 2 km norðaustan við bæinn í Odda 311:001 og liggja til norðausturs í Skollagróf 009. Úr Skollagróf liggur leiðin yfir ræktað svæði að þjóðvegi móts við Varmadal og sést óljóst á loftmynd á því svæði.
Marflatur og harður lyngmói.
Frá landamerkjum á milli Odda og Varmadals sjást greinilegar götur sem stefna til norðausturs og er bílfær slóði meðfram þeim. Þar eru 10 samhliða rásir á um 7 m breiðu svæði . Göturnar stefna norðaustur-
suðvestur. Þær eru um 0,2 m á breidd og dýpt.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**VS: Rangvellingabók, 312-313

**RA-661:037** *Móeiðarhvolsgötur* gata leið
“Oddagötur [003] lágu að Odda [RA-311], Móeiðarhvolsgötur að Móeiðarhvoli [RA-229], Varmadalsgötur [002] að Varmadal [RA-307],” segir í athugasemdum við örnefnalýsingu Selalækjar. Götur sjást skýrt um 150 m vestan við leið 019 sem lágu að Lambhaga [RA-275].
Flatlendur lyngmói. Til suðausturs sjást göturnar ekki eftir að komið er yfir girðingu á merkjum móti Odda. En þar hefur verið sléttað mikið landsvæði.
Alls sjást 13 samsíða rásir á um 10 m breiðu svæði. Göturnar stefna suðaustur-norðvestur, eru grónar og flestar um 0,2 m á breidd og dýpt. Þær sjást á um 270 m löngu svæði og hverfa annars vegar í tún í landi Selalækjar og hins vegar í landi Odda á sléttu landsvæði þar sem gras er ræktað til þökuskurðar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Ö-Selalækur, aths., 2

**RA-661:038 01** gata leið 432158 364623
Nokkuð greinileg leið liggur frá Odda til ANA í átt að Lambhaga RA-275 og er það líklega að hluta til sama leið og Oddagötur RA-275:017 sem skráðar eru í landi Lambhaga. Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskortum 48 frá 1908 og lá á milli Odda og Keldna RA-282 með viðkomu í Lambhaga. Hluti af leiðinni var rakinn í landi Odda sumarið 2020 í tengslum við Oddarannsóknina. Heildarlengd leiðarinnar er um 16 km. Á Herforingjaráðskortum má sjá að vörður voru við leiðina í landi Lambhaga og áfram yfir Geitasand. Leiðin sést fyrst á Stórhóli í landi Odda, um 460 m ANA við bæ RA-311:001. Þar má sjá götur og ruddan veg og á leiðinni eru upphlaðnar brýr á þremur stöðum. Minjarnar fá allar sitt einingarnúmer. Þess má geta að meðfram leiðinni í landi Odda má sjá torfhlaðnar undirstöður fyrir símastaura sem minna um margt á torfvörður. Á Uppdrætti Íslands 48, korti sem gefið var út árið 1938, er landsíma-lína sýnd þar sem leiðin lá áður og virðist hún hafa verið aflögð þá þegar. Sjást þessar undirstöður á fjórum stöðum og eru 140-150 m á milli þeirra.




*Kort sem sýnir minjar á leið 038 og götur á leiðum 040 og 041. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Stórhóll stendur allhátt upp úr flatlendi sem hefur verið þurrkað og sléttað. Hóllinn er mishæðóttur og hefur hluti hans blásið upp en gróið aftur. Allt í kringum hann er sléttlent og grasi vaxið en framræst mýrlendi er fast norðaustan við Stórhól.

Leiðinni var fylgt á 870 m löngum kafla á vettvangi en á loftmynd er hægt að rekja hana áfram í landi Lambhaga á 230 m löngum kafla. Samtals eru því ummerki enn greinanleg á um 1 km löngum kafla í landi Odda og Lambhaga en leiðin var ekki skoðuð víðar sumarið 2020. Lýsingin á leiðinni hefst í VSV-enda á Stórhóli í landi Odda. Götur 01 liggja yfir Stórhól 10 m suðaustan við ruddan veg 02 og stefna til ANA að djúpum skurði skammt austur af Stórhóli. Göturnar eru um 8-12 saman á 10-12 m breiðu svæði. Þær eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt en verða grynnri og ógreinilegri uppi á Stórhóli. Austan við skurðinn má sjá framhald af þessum götum til ANA. Sjá má skýrar götur á þessum kafla sem er u 7-8 saman á um 5 m breiðu svæði. Sumar þeirra eru alldjúpar, allt að 0,3 m á dýpt og 0,1-0,2 m á breidd en víðast eru þær aðeins 0,1 m á breidd. Sumsstaðar sjást mun fleiri götur á breiðara svæði og eru allt að 16 talsins.



*Götur 01 á leið 038, horft til VSV.*

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:**Herforingjaráðskort 48 NV Oddi-Þykkvibær; Herforingjaráðskort 48 NA Oddi-Þríhyrningur; Uppdráttur Íslands 48 Oddi

**RA-661:038 02** vegur samgöngubót 432130 364611
Ruddur vegur 02 liggur líka yfir Stórhól og er þar samsíða götum 01 en liggur yfir þær rétt austan við hólinn. Vegurinn er 25 m langur þar sem hann liggur yfir Stórhól en austan við hólinn eru óljósari ummerki um veg að djúpum skurði. Samtals sést vegurinn á 212 m löngum kafla. Hann er víðast 2 m breiður og allt að 1 m djúpur. Ef til vill hefur vegurinn grafist niður frekar en að hann hafi verið ruddur. Austan við skurðinn renna vegurinn og göturnar saman og sjást þar ekki aðrar vegabætur en upphlaðnar torfbrýr 03-05.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-661:038 03** hleðsla brú 432279 364632



*Upphlaðin torfbrú 03 á leið 038, horft til suðvesturs.*

Upphlaðin torfbrú 03 er 35 m austan við breiðan skurð þar sem vegur 02 hættir að sjást og 150 m austan við Stórhól. Hún er stór og mikil og liggur yfir blautt mýrarsund. Brúin er 27 m löng og liggur austur-vestur. Brúin er 4,5m breið og er hlaðin upp um 0,7 m en er víða sigin og gengin í þúfur, einkum nærri vesturenda.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-661:038 04** hleðsla brú 432408 364663



*Upphlaðin torfbrú 04 á leið 038, horft til austurs.*

Nokkuð löng en illgreinanleg torfbrú er 50 m ANA við brú 03. Hún er 77 m löng og liggur NNA-SSV. Brúin er um 4 m á breidd en ytri mörk hennar eru ógreinileg því hún er sigin og aðeins 0,1-0,4 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-661:038 05** hleðsla brú 432638 364713
Stutt en nokkuð greinileg torfbrú er 230 m ANA við brú 04 og liggur hún ANA-VSV yfir mýri í norðvesturjaðri lítillar tjarnar. Skýr ummerki um efnistöku eru NNV við brúna. Brúin er 18 m löng og tæpir 4 m á breidd. Hún stendur lítið upp úr umhverfi sínu en er líklega um 0,3 m á hæð. Þúfnaraðir eru meðfram brúnni en ekki er þýft á henni sjálfri.



*Upphlaðin torfbrú 05 á leið 038, horft til VSV.*

**Hættumat:** engin hætta

**RA-661:039** gata leið 430781 363217

Allmiklar götur eru á þurrlendisrima sunnan við Odda RA-311 í stefnu á Þverá. Sjást þær fyrst 217 m suðvestan við heystæði RA-311:073 og 1,2 km suðvestan við bæ RA-311:001. Eru þessar götur á leið á milli Odda og bæjanna sunnan Þverár og stefna á vað RA-266:005 sem skráð er í landi Vestra-Fróðholts.

Riminn er smáþýfður og vaxinn grasi og mosa. Allt í kring eru deiglendar eða blautar engjar innan um þurrari svæði.



*Götur á leið 039, horft til suðvesturs.*

Göturnar sjást á 310 m löngum kafla og liggja frá norðaustri til suðvesturs. Alls sjást 12-15 götur á um 15 m breiðu svæði. Göturnar verða ógreinlegri eftir því sem lengra dregur til suðurs og nær ánni. Þær eru víða 0,2 m á breidd og 0,1-0,3 m á dýpt. Leiðin endar til suðvesturs við þurran farveg Þverár og sést ekki framhald af henni á sléttum og flötum hólma þar sunnan við á milli farvega. Þar kann sandur úr árfarveginum að hafa fyllt upp í götur. Ekkert framhald sést af götunum til norðvesturs þar sem sléttlendi tekur við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-661:040** gata leið 432183 364682

Nokkuð greinilegar götur liggja til norðvesturs frá vegi 661:038_02 á Stórhóli í landi Odda RA-311. Voru þessar götur aðeins raktar á stuttum kafla á vettvangi. Eru þessar götur líklega á leið sem sýnd er að miklu leyti á Herforingjaráðskorti 48 frá 1908 en hún lá til norðvesturs upp með Strandarsíki að Syðri-Strönd og Efri-Strönd RA-276 og áfram að Vestari-Kirkjubæ RA-277, Spámannsstöðum RA-289:009 og að Reyðarvatni RA-289, samtals um 15 km.

Í landi Odda liggur leiðin yfir fremur flatlent og grasi gefið svæði sem er deiglent inn á milli þurrari svæða.


Götur á leið 040, horft til norðausturs.

Leiðinni var fylgt frá Stórhóli á 170 m löngum kafla til norðausturs að djúpum skurði. Þar sjást um það bil 10 götur á 8-10 m breiðu svæði. Eru þær 0,1-0,2 m á breidd og víðast 0,2 m á dýpt. Á nýlegri loftmynd af svæðinu má greina framhald af götum 550 m norðaustar. Þar sjást göturnar á 330 m löngum kafla og svo aftur á 250 m löngum kafla norðaustan við 220 m langt rof. Alls sjást því slitrur af þessari leið á 1,5 km löngum kafla.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Herforingjaráðskort 48 NA Oddi-Þríhyrningur

**RA-661:041** gata leið 432194 364775

Fremur fornlegar og illgreinanlegar götur sjást í Odda RA-311, um 60 m norðvestan við leið 040 og hafa sömu stefnu og hún. Leiðin hefur legið frá Odda til norðausturs en ekki er ljóst hvert hún lá. Mögulega hefur hún sameinast leið 040. Hún er ekki sýnd á Herforingjaráðskorti 48 af þessu svæði.


Götur á leið 041, horft til norðausturs.

Í landi Odda liggur leiðin yfir fremur flatlent og grasi gefið svæði sem er deiglent inn á milli þurrari svæða.

Leiðinni var fylgt á um 90 m löngum kafla á vettvangi í landi Odda og sjást þar 6-8 á um 6-8 m breiðu svæði. Göturnar eru frekar grunnar, 0,1 á dýpt og 0,1-0,2 m á breidd. Á nýlegri loftmynd af svæðinu má greina framhald af götunum 214 m norðaustar. Þar sjást þær á um 650 m löngum kafla. Þær hverfa í uppblásnu og röskuðu svæði til norðausturs.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-661:042** gata leið 433120 364245

Allmiklar götur sjást á kafla í landi Oddhóls RA-274, norðan við beitarhús RA-311:065 og fast ASA við leið 043. Þetta svæði var áður óskipt sameignarland Odda og hjáleiga staðarins.

Þar sem leiðin var skoðuð liggur hún flatlent svæði í smáþýfðum móa þar sem mosi, gras og krækiberjalyng vaxa.

Hægt er að fylgja götunum á 280 m löngum kafla þar sem þær liggja NNA-SSV. Göturnar



*Miklar götur á leið 042, horft til NNV.*

eru 20-25 talsins og eru á svæði sem er um 18 m á breidd. Á miðju svæðinu eru göturnar skýrastar, 0,2-0,3 m djúpar og breiðar, en verða grynnri og mjórri út til jaðranna. Til norðurs hverfa göturnar í jarðvegsrofi sem hefur gróið aftur og það sama virðist mega segja um framhald gatnanna til suðurs en frá suðurenda þeirra liggur vegslóði sem heldur sömu stefnu ausutr fyrir beitarhús RA-311:065. Á nýlegri loftmynd má greina götur sem hafa sömu stefnu og eru 365 m SSV við götur 042. Mögulega er þar um framhald af leiðinni að ræða. Þessum götum er hægt að fylgja á um 300 m löngum kafla og stefna þær að Oddhóli RA-274 en kunna að hafa legið að Bátsvaði RA-311:061 á Eystri-Rangá eða ferju RA-311:059 á ármótum Þverár og Eystri-Rangár.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-661:043** gata leið 433135 364413

Allgreinilegar götur sjást á kafla í landi Oddhóls RA-274 þar sem þær liggja suðaustan í skeifulaga hól um 75 m norðvestan við beitarhús RA-311:065. Þetta svæði var áður óskipt sameignarland Odda og hjáleiga staðarins. Göturnar stefna til norðausturs og sameinast eða liggja yfir götur 042. Ekki er ljóst hvaðan og hvert þessi leið lá.

Þar sem leiðin var skoðuð liggur hún flatlent svæði í smáþýfðum móa þar sem mosi, gras og krækiberjalyng vaxa.



*Götur á leið 043, horft til suðvesturs*

Leiðinni var fylgt á vettvangi á 335 m löngum kafla frá suðvestri til norðausturs. Þær enda við götur 042 í norðausturenda og kunna að hafa sameinast þeim eða haldið sömu stefnu en framhald þeirra sést þá ekki vegna rofs. Göturnar eru 14-16 saman á svæði sem er um 10 m breitt. Þær eru allgreinilegar en þó miklu síður en götur 042. Eru þær 0,1-0,2 m djúpar og breiðar. Eftir því sem suðvestar dregur verða göturnar dýpri og óreglulegri. Þar eru þær allt að 0,3 m á dýpt og breidd. Ekki er hægt að sjá augljóst framhald af þessari leið til suðvesturs á loftmyndum.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-661:044** gata leið 432831 364127

Miklar götur sjást á stuttum kafla í landi Oddhóls RA-274 suðvestan við skeifulaga hól og

beitarhús RA-311:065. Þetta svæði var áður óskipt sameignarland Odda og hjáleiga staðarins. Á loftmynd frá 1954 sem sýnir Odda og nágrenni sést þessi leið nokkuð vel og lá hún frá Fögrubrekkuvaði RA-275:019 á Eystri-Rangá, þar sem það er merkt á Herforingjaráðskort 48 frá 1908, til vesturs að Odda. Frá Odda lágu svo margar leiðir til vesturs og norðurs og hafa þær ekki allar verið skráðar [2020]. Austan við Eystri-Rangá eru götur á fjölmörgum leiðum í landi Bergvaðs RA-228 sem stefna að vaðinu og á áðurnefndum Herforingjaráðskortum eru tvær leiðir sýndar sem liggja að því en þær eru skráðar með Hvolhreppi. Á áðurnefndri loftmynd má einnig óljóst greina framhald af þessum götum stefna að Bergvaði (vað sem tilheyrir jörðinni Bergvaði RA-228 en í svæðisskráningu í Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar, er vaðið skráð undir Móeiðarhvoli og hefur númerið RA-229:049).



*Gríðarlegur fjöldi gatna er á leið 044, horft til norðvesturs.*

Leiðin liggur yfir flatlent svæði sem er að mestu þurrlendi en þegar komið er yfir í land Odda lá leiðin yfir deiglent svæði sem hefur verið ræst fram og þurrkað að mestu leyti. Þar sem götur á leiðinni sjást liggja þær yfir þýfðan móa, norðaustarlega í beitarhólfi fyrir hross. Búið er að ryðja brautir hér og hvar innan móans.

Á vettvangi sáust yfir 40 götur saman á svæði sem er um 30 m breitt og kann að hafa verið breiðara en jaðrvegsrof er beggja vegna við göturnar. Var hægt að fylgja þeim á um 400 m löngum kafla þar sem þær stefna norðvestur-suðaustur, en leiðin hefur verið um 2 km á lengd. Göturnar eru 0,1-0,3 m á breidd og dýpt og hefur þessi leið greinilega verið fjölfarin.

**Heimildir:**Loftmynd af Odda (LI207-LI2-1016); Herforingjaráðskort 48 NV Oddi-Þykkvibær; Herforingjaráðskort 48 NA Oddi-Þríhyrningur

**RA-661:045** gata leið 433042 364364

Á nýlegum loftmyndum frá Loftmyndum ehf má sjá nokkuð skýrar götur á stuttum kafla í landi Oddhóls RA-274. Þetta svæði var áður óskipt sameignarland Odda og hjáleiga staðarins. Eru göturnar 50 m norðvestan við leið 042 og 60 m suðaustan við forngarð RA-311:084. Ekki er ljóst hvaðan eða hvert þessi leið lá en hún kann að hafa sameinast leiðum 042 og 043 í norðausturenda.

Leiðin liggur um smáþýfðan móa þar sem mosi, gras og krækiberjalyng vaxa. Sunnan við hana og norðan við skeifulaga hól er mjög sléttlent og kann þar að hafa verið torfrista í deiglendi fyrr á tímum.

Leiðin sést á um 180 m löngum kafla og liggur norðaustur-suðvestur. Ekki er hægt að greina fjölda gatna af loftmyndinni en þær eru á svæði sem er 6-8 m breitt.

**Hættumat:** engin hætta

## 5. Niðurstöður

Frá því að aðalskráning fornminja fór fram í landi Odda og hjáleiganna í Oddahverfi árið 2009 hafa aðferðir við skráningu minja breyst nokkuð en nú er orðin viðtekin venja að sýnilegar minjar séu mældar upp með nákvæmum hætti og að hver stök fornleif fái sitt einkennisnúmer. Áður voru allar fornleifar sem tilheyrðu sama minjastaðnum skráðar saman á eitt númer og því erfiðara að greina gögnin en nú er orðið. Það segir því aðeins hálfa söguna að árið 2009 hafi verið skráðir 68 minjastaðir í Odda því að í reynd voru fornleifarnar (minjaeiningarnar) mun fleiri.

Sumarið 2020 var eldri skráning endurskoðuð innan lögbýlanna Odda, Kraga, Langekru og Strympu og nýskráning minja gerð innan sömu jarða, að Strympu undanskilinni. Áður höfðu verið skráðar 82 fornleifar á þessum fjórum jörðum (Oddi 68, Kragi 6, Langekra 7 og Strympa 1) en eftir endurskoðun höfðu bæst við 27 minjastaðir auk átta leiða sem skráðar voru sem fornleifar á fleiri en einni jörð. Samtals bættust því 35 minjastaðir við. Í mörgum tilvikum voru skráðar tvær eða fleiri fornleifar á minjastöðunum og í sumum tilvikum bættust við fornleifar á minjastöðum sem þegar höfðu verið skráðir árið 2009. Á það helst við um Kamphól/Kampastaði RA-311:029 en einnig við hellana í Hellirsdölum RA-311:008 og fleiri staði. Í heildina var




*Bæjarteikning danskra mælingamanna af Oddahverfi frá 1907. Sótt á vef Landmælinga Íslands.*

skráð 61 ný fornleif og skráning var endurskoðuð á 23 minjastöðum.

Ástæðurnar fyrir þessari miklu aukningu eru margþættar. Þó að ekki sé liðinn nema rétt rúmur áratugur frá því að aðalskráning var gerð í Odda hafa gæði loftmynda af svæðinu og aðgengi að þeim aukist gríðarlega mikið. Með því að rýna í góðar loftmyndir sem teknar eru á mismunandi árstíma er hægt að koma auga á minjar sem ekki sjást vel af jörðu niðri. Einnig komu yfirborðslíkön sem Fornleifastofnun gerði af túninu í Odda og á Kampastöðum að góðum notum en þau draga fram óljós ummerki um illgreinanleg mannvirki. Í skráningunni sem unnin var 2020 var byggt ofan á eldri skráningu og um mun ítarlegri yfirferð var að ræða, þar sem gengið var skipulega um þau svæði sem til rannsóknar voru. Það kemur því ekki á óvart að talsverður fjöldi áður óþekktra minja hafi bæst við.

Þrátt fyrir að búið sé að endurskoða og auka skráningu minja í Odda fer því þó fjarri að nú sé búið að skrá allar minjar í landi Odda og hjáleiganna í Oddahverfi. Enn eru stór svæði sem á eftir að rannsaka nánar en frekari endurskoðun og aukning skráningarinnar bíður betri tíma. Í fornleifahluta Oddarannsóknarinnar er ekki gert ráð fyrir frekari enduskoðun skráningar á skipulegan hátt en þó verður áhersla lögð á samgönguminjar og kortlagningu ferðaleiða í gegnum heimaland Odda og verður áfram unnið að því að skrá ummerki um fornar leiðir á jörðu niðri og af kortum og loftmyndum.

Við endurskoðun skráningarinnar bættust fjölbreyttar minjar við þá minjaflóru sem þegar hafði verið skráð í Oddahverfi. Má þar nefna beitarhús og fjárskýli, túngarða og útihús. Af eldri minjum sem líklegri eru til þess að tengjast því tímabili sem er til rannsóknar í Oddarannsókninni má nefna fornlegar minjar um meint sel Odda frá elstu tíð við Kamphól, nokkurn fjölda manngerðra hella, eina forngarðinn sem fundist hefur í landi Odda og fjölda gatna á leiðum frá ýmsum tímum. Allar nýskráðar minjar má sjá í töflu 1 hér fyrir neðan. Í umfjölluninni sem fylgir í kjölfarið er einungis fjallað um þær minjar sem tengjast Oddarannsókninni með beinum hætti og líkur eru til að séu frá því tímabili sem þar er einkum til umfjöllunar (1100-1300).

| **Samtala** | **Sérheiti** | **Tegund** | **Hlutverk** |
|---|---|---|---|
| RA-311:008_01* | Helllirsdalir/Nautadalir | hellir | fjós |
| RA-311:008_02* | | hellir | fjós |
| RA-311:008_03 | | þúst | óþekkt |
| RA-311:008_04 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:029_01 | Kamphóll | tóft | sel |
| RA-311:029_02 | | garðlag | óþekkt |
| RA-311:029_03 | | tóft | óþekkt |
| RA-311:029_04 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:029_05 | | þúst | óþekkt |
| RA-311:029_06 | | garðlag | túngarður |
| RA-311:029_07* | | tóft | fjós |
| RA-311:029_08* | | tóft | óþekkt |

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Hlutverk |
|---|---|---|---|
| RA-311:029_09 | | þúst | óþekkt |
| RA-311:029_10* | Kampastaðir | heimild | bústaður |
| RA-311:029_11 | | náma | mógrafir |
| RA-311:049_01* | Skiphóll/Knarrahóll | þjóðsaga | legstaður |
| RA-311:049_02 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:049_03 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:069 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:070 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:071_01 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:071_02 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:071_03 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:071_04 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:071_05 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:071_06 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:071_07 | | dæld | |
| RA-311:072 | | tóft | beitarhús |
| RA-311:073 | | tóft | heystæði |
| RA-311:074 | | garðlag | óþekkt |
| RA-311:075 | | tóft | fjárskýli |
| RA-311:076 | | tóft | beitarhús |
| RA-311:077_01 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:077_02 | | dæld | óþekkt |
| RA-311:077_03 | | þúst | óþekkt |
| RA-311:078_01 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:078_02 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:079_01 | | tóft | beitarhús |
| RA-311:079_02 | | tóft | heystæði |
| RA-311:080 | | hellir | óþekkt |
| RA-311:081 | | þúst | útihús |
| RA-311:082 | | þúst | óþekkt |
| RA-311:083 | | tóft | heystæði |
| RA-311:084 | | garðlag | vörslugarður |
| RA-311:085 | | þúst | óþekkt |
| RA-316:008 | | hellir | óþekkt |
| RA-316:009 | | vegur | samgöngubót |
| RA-316:010 | | hellir | óþekkt |
| RA-316:011 | | vegur | samgöngubót |
| RA-316:012 | | renna | leið |
| RA-316:013 | | garðlag | túngarður |
| RA-316:014 | | þúst | útihús |
| RA-317:006 | | þúst | óþekkt |

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Hlutverk |
|---|---|---|---|
| RA-317:007 | | garðlag | túngarður |
| RA-317:008 | | tóft | útihús |
| RA-661:038_01 | | gata | leið |
| RA-661:038_02 | | vegur | samgöngubót |
| RA-661:038_03 | | hleðsla | brú |
| RA-661:038_04 | | hleðsla | brú |
| RA-661:038_05 | | hleðsla | brú |
| RA-661:039 | | gata | leið |
| RA-661:040 | | gata | leið |
| RA-661:041 | | gata | leið |
| RA-661:042 | | gata | leið |
| RA-661:043 | | gata | leið |
| RA-661:044 | | gata | leið |
| RA-661:045 | | gata | leið |

*Tafla 1. Nýskráðar minjar í Odda 2020. * Minjar sem voru skráðar 2009 en skráningin var endurskoðuð 2020.*

## *Manngerðir hellar*

Langmesta fjölgunin var í minjaflokknum manngerðir hellar og voru skráðir 18 nýir hellar eða ummerki um hella. Þessi tala segir reyndar ekki alla söguna um fjölda hella því í raun er verið að skrá óljós ummerki um op inn í hella. Þau ummerki sem talin eru geta tilheyrt sama hellinum eða hellakerfinu eru skráð sem minjastaður. Dæmi um þetta eru hellarnir í Hellirsdölum RA-311:008 og einn þeirra er hellir RA-311:008_04 sem verið er að rannsaka með uppgrefti. Langflestir hellarnir eru í túni Oddahverfis en einn þeirra (RA-0311:029_04) er í Kamphóli í grennd við býlið Kampastaði RA-0311:029_10 og meint sel RA-0311:029_01. Eru ummerkin um hellinn mjög sannfærandi; framan við hann sést útflött tóft og uppi á hólnum er sigdæld sem bendir til staðsetningar stromps. Minjarnar eru fornlegar og líklegra að þær séu samtíða minjum um meint sel en hjáleigunni Kampastöðum. Það þyrfti þó að sannreyna með frekari rannsókn. Þjóðsaga RA-311:028_01 tengist Skiphóli sem er norðaustar í sömu hólaröð og Kamphóll. Svo virðist sem að í þeim hóli séu ummerki um op inn í tvo hella (RA-311:028_02/ RA-311:028_03) en hvorki sjást tóftir framan við opin né vísbendingar um strompa.

Aðrir hellar sem skráðir voru eru í túni Odda og Langekru. Af þeim vekja hellar í Gammabrekku og Vindkvörn mesta athygli. Gammabrekka er hæsti hóllinn í túninu í Odda og varð frægur eftir að Matthías Jochumson skáld og fyrrum prestur í Odda orti kvæðið *Á Gammabrekku*. Nafn hólsins er umhugsunarvert og kann forliður þess að benda á forna vitneskju um hella í hólnum. Í *Íslenskri orðsifjabók* hefur orðið *gammi/gammur* merkinguna jarðbyrgi eða lappakofi.[1] Orðið *gammur* hefur merkinguna stór hræfugl en einnig hellis- eða bjargskúti.[2] Leit að *Gamm*-örnefnum á vefnum *Nafnið.is* skilaði 14 niðurstöðum að Gammabrekku meðtaldri.

1 Ásgeir Blöndal Magnússon 1989.
2 Mörður Árnason (ritstj.) 2002.



*Mynd tekin með flygildi sem sýnir ummerki um helli RA-311:069 í Gammabrekku vinstra megin við útsýnisskífu. Ljósmyndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

Langflest þessara örnefna (10 talsins) eru á Vestfjörðum og áberandi flest þeirra (7 talsins) í Vestur-Barðastrandarsýslu. Nánast öll *Gamm*-örnefnin á Vestfjörðum eru heiti á einhvers konar skútum, skorum eða gjótum í klettum.[3] Utan Vestfjarða eru þrjú örnefni á Norðurlandi, ekkert á Austurlandi og Gammabrekka í Odda er eina *Gamm*-örnefnið á Suðurlandi. Í þessu sambandi er vert að nefna að eiginkona séra Þorleifs Jónssonar sem var prestur í Odda 1651-90 var Sigríður Björnsdóttir, dóttir Björns sýslumanns í Bæ á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu og alsystir séra Páls lærða í Selárdal í sömu sýslu.[4] Til gamans má velta fyrir sér þeim möguleika að Gammabrekku-nafnið sé frá henni komið og hún hafi flutt nafnahefðina með sér að vestan. Hafi það verið svo er líklegt að nokkuð afgerandi ummerki um helli eða hella hafi verið sýnileg í hólnum um miðja 17. öld og eins er mögulegt að hellarnir hafi verið enn í notkun á þeim tíma. Hella er þó hvergi getið í úttektum staðarins sem til eru frá lokum 17. aldar.[5] Tveir hellar voru skráðir í Gammabrekku sumarið 2020. Annars vegar í suðvesturenda hólsins (RA-311:069) og hins vegar ofarlega í miðjum hólnum að norðvestanverðu (RA-311:077). Í háhól Gammabrekku er grunn lægð þar sem útsýnisskífu hefur verið komið fyrir. Líklegt er að þar hafi verið strompur ofan í fyrrnefnda hellinn í suðvesturenda hólsins. Í ágúst 2020 voru teknir nokkrir borkjarnar þar sem ummerkin eru um op inn í hellinn. Í ljós komu mjög fornar minjar; torf og kol langt

3 *Nafnið.is.*
4 Vigfús Guðmundsson 1931, 76-77.
5 Sjá samantekt hjá Vigfúsi Guðmundssyni 1931, 177-194.

undir gjóskulögum frá 1510 og 1500.[6] Er því afar líklegt að þessi hellir sé frá því tímabili sem er til rannsóknar í Oddarannsókninni og jafnvel eldri.

Vindkvörn er hóll suðvestan við kirkjuna í Odda. Norðausturendi hólsins er innan girðingar sem afmarkar kirkjuna og kirkjugarðinn. Þar í enda hólsins eru ummerki um fjölda hella RA-311:071. Sjást lægðir sem benda til lokaðra hellismunna á sex stöðum og grunn lægð (071_01) er á einum stað sem líklega er lokaður strompur. Þessi ummerki eru þétt saman á svæði sem er 35x26 m að stærð og verður að teljast líklegt að þarna hafi verið kerfi hella sem hafi tengst á einn eða annan hátt en hafa ekki endilega verið allir í notkun á sama tíma. Jarðsjármælingar sem gerðar voru yfir hluta af svæðinu benda sterklega til þess að þarna hafi verið stór hellasamstæða.[7]

Langstærsta hellasamstæðan sem kennsl hafa verið borin á í túninu í Odda eru hellar RA-311:008 í Hellirsdölum. Tveir hellanna eru fallnir (008_01 og 008_02) og gefa djúpar og ílangar lautirnar sem enn sjást góða hugmynd um stærð þeirra. Líkum hefur verið leitt að því að annar föllnu hellanna í hellasamstæðu RA-311:008 hafi verið Nautahellir og virðist þá hellir 008_01 vera líklegastur. Er það helst vegna þess að hann er stærstur og nokkuð fornlegri að sjá en hellir 008_02. Um þetta er ekki hægt að fullyrða án frekari rannsókna og í raun óvíst hvort hægt sé að skera úr um hvar Nautahellir hafi verið. Hellir 008_4 er enn uppistandandi og er




*Kort sem sýnir minjar um hella í Hellirsdölum og nágrenni. Upprétt loftmynd af uppgraftarsvæði 1 hefur verið lögð yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf.*

6 Kristborg Þórsdóttir (ritstj.) 2021, 27-28.
7 Kristborg Þórsdóttir (ritstj.) 2021, 32.





*Kort sem sýnir ummerki um hella í Oddahverfi. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

það sá hellir sem kom í ljós við forrannsókn 2018. Var rannsókninni á hellinum haldið áfram sumarið 2020. Þessi hellir hefur án efa tengst inn í helli 01. Svo virðist sem að op hafi verið á milli föllnu hellanna 01 og 02 og er afar líklegt að þar sem hellir 01 er breiðastur hafi einnig verið op inn í hann miðjan úr suðvestri. Framan við munna hellis 01 er stór þúst 04 sem ekki er vitað hvað geymir en ef hellir 01 er sá hellir sem sagt er frá í Jarteinabók Þorláks helga er ekki er óhugsandi að þústin hafi myndast þegar grafið var ofan af nautum sem sögð eru hafa verið í hellinum þegar hann hrundi. Í næsta nágrenni við þessa hellasamstæðu eru óljós ummerki um hella RA-311:080 og RA-316:008 sem einnig kunna að hafa tengst henni. Ná þessar minjar saman yfir svæði sem er 90x50 m að stærð.

Mikill fjöldi skráðra hella í Odda bendir til þess að manngerðir hellar hafi verið algeng hús á staðnum fyrr á öldum og hafa fornleifarannsóknir leitt í ljós að stærstu hellarnir hafa verið grafnir út mjög snemma, á fyrstu áratugum byggðar á jörðinni, og sumir þeirra fóru snemma úr notkun. Á það við um helli RA-311:008_01 sem hrundi til grunna og í kjölfar þess virðist hliðarhelli 008_04 hafa verið lokað nokkru fyrir aldamótin 1200.[8] Líklega hefur ending hellanna í Odda ekki verið góð því að sandsteinninn sem þeir eru grafnir inn í er mjög gljúpur og lagskiptur.

Vettvangsskráningin 2020 leiddi í ljós að manngerðir hellar voru víða í heimatúni Oddahverfis. Enn er þó mörgum spurningum ósvarað um hellana: Hvenær voru hellarnir í notkun? Er gerð og nýting hella einkum bundin við elsta búsetuskeiðið í Odda og

8 Lilja Björk Pálsdóttir og Kristborg Þórsdóttir 2018. Sjá einnig umræðu í kafla 3 í skýrslu FS830-20201 og í Viðauka II í sömu skýrslu.

fram til loka valdatíma Oddaverja eða heldur þessi byggingarhefð og nýting hellanna áfram eftir að kirkjan tekur við staðarforráðum? Eru hellarnir einhvers konar vitnisburður um umsvif, fjölda fólks á staðnum (vinnuafls) eða einfaldlega birtingarmynd þess að fólk nýtti sér þær aðstæður sem í boði voru og grófu út hella í mjúkt bergið sem þörfnuðust minna viðhalds en byggingar úr öðrum efnivið? Í Oddarannsókninni verður leitað svara við þessum spurningum á næstu rannsóknarárum.

## *Selminjar*

Eitt af því sem stendur upp úr skráningarvinnu sumarsins 2020 eru afar fornlegar minjar sem fundust við Kamphól og allt bendir til að geti verið leifar af seli Odda frá elstu tíð. Á meðal þeirra er stór ílöng tóft RA-311:029_01 sem er 28x12 m að stærð og aftan við hana eru ummerki um einhvers konar gerði 029_02. Ætla má að tóftin hafi verið íverutóft, sjálf seltóftin ef að líkum lætur. Ekki er útilokað að niðurgrafið mannvirki, mögulega jarðhýsi, sé framan við þessa tóft en það er erfitt að greina það vegna fjölda reiðgatna á leið RA-661:001 sem liggja yfir svæðið. Lítil fornleg tóft 029_03 fannst að auki á svæðinu og svo eru nokkuð afgerandi ummerki um lokaðan manngerðan helli 029_04 í sjálfum Kamphóli og útflött tóft framan við opið sem að öllum líkindum hefur verið forskáli eða annars konar bygging framan við hellisopið. Munu frekari rannsóknir á þessum nýfundnu minjum geta varpað ljósi á aldur og eðli minjanna, hvenær þær voru í notkun og hvenær staðurinn var yfirgefinn. Aðrar minjar á þessum stað virðast vera yngri og hafa að líkindum tilheyrt hjáleigu Odda, Kampastöðum, sem nefndir eru í Jarðabók Árna og Páls en voru löngu farnir í eyði þegar hún var rituð í upphafi 18. aldar. Greinilegustu minjarnar




*Mynd tekin með flygildi yfir minjasvæðið við Kamphól. Helstu minjar og örnefni á svæðinu hefa verið merkt inn á myndina sem var tekin af Garðari Guðmundssyni.*

eru allstór tóft, meint fjóstóft með heygarði 029_07, og lítil útihústóft 029_08. Býlistóftin 029_10 virðist vera horfin vegna landbrots og rofs af völdum Þverár.

### *Forn garður*

Engin forn garðlög voru þekkt í landi Odda áður en vettvangsvinna fór fram árið 2020. Innan þess landsvæðis sem nú tilheyrir Oddhóli en var áður óskipt land Odda og hjáleiga staðarins fundust ummerki um fornlegan og siginn garð RA-311:084 þegar farið var á vettvang í nóvember 2020. Hægt var að rekja hann á tæplega 300 m löngum kafla þar sem hann liggur NNA-SSV, skammt vestur af Eystri-Rangá. Hlutverk garðsins er ekki þekkt en helst kemur til greina að hann hafi verið vörslugarður. Garðurinn hefur mikið vægi í ljósi þess að hann er eini forngarðurinn sem fundist hefur hingað til í landi Odda og er til vitnis um skiptingu landsins og skipulag nýtingar fyrr á öldum.



*Horft eftir endilöngum garði RA-311:084.*

### *Samgönguminjar*

